**allt**

**BJARTUR LOGI FINNSSON**

*Býr til fyrirtaks pekanpæ*

matur tilboð

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**birta**

**STRÁKARNIR Í AMPOP**

*Góðir hlutir gerast hægt*

matur heilsa tíðarandi

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**





Fyrir mannlegri borg

Marsibil í 2. sætið 28.01.2006



marsibil.is / málefni / greinar / dagbók



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. janúar 2006 — 26. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000


## Undrabarn og snillingur



Í dag eru 250 ár liðin frá fæðingu Wolfgangs Amadeusar Mozart sem afkastaði ótrúlega miklu á stuttri ævi.

**TÍMAMÓT 42**

## Systkini leggja góðu máli lið



Krummi og Svala Björgvinsbörn hönnuðu bol til styrktar fórnarlamba jarðskjálftans í Pakistan.

**FÓLK 50**

## How do you like Iceland?



Eru nýtískulegir fjölmiðlar samtímans enn að spyrja útlendingana sömu spurningar og menn spurðu í svart/hvítu við landgang flugvéla fyrir þrjátíu og fimm árum spyr Birgir Guðmundsson.

**Í DAG 24**

## Erum eins og bræður



Ibrahima Sonko, félagi Ívars Ingimarssonar í vörn Reading, segir að þeir félagar skilji og þekki hvorn annan svo vel að þeir séu sem bræður.

**ÍÞRÓTTIR 44**

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMUSVÆÐI Á LEIÐ** YFIR LANDIÐ Í dag verður suðvestan átt, 10-18 m/s norðvestan til annars yfirleitt 5-13 m/s. Rigning eða skúrir en stöku él norðvestan til þegar líður á daginn. Hiti 0-5 stig svalast síðdegis eða í kvöld.

**VEÐUR 4**


LESTUR MEÐAL 25-49 ÁRA

**Atvinnuleitin hefst í Fréttablaðinu!**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.


# Grunur er um falsaðar niðurstöður rannsóknar

**Verið að er að rannsaka hvort átt hafi verið við niðurstöður lyfjarannsóknar þar sem kannaður var möguleikinn á notkun nefúða við bólusetningu. Lyfjarannsókninni var hætt síðastliðið vor.**

**RANNSÓKN** Vísindasiðanefnd og Lyfjastofnun rannsaka hvort átt hafi verið við niðurstöður lyfjarannsóknar, þar sem rannsakaður var möguleiki á notkun nefúða við bólusetningu í stað stungubólusetningar. Umrædd rannsókn var gerð á vegum Lyfjaþróunar hf. en ábyrgðarmaður hennar var Sveinbjörn Gizurarson.

Sveinbjörn segir það koma sér á óvart að þessar lyfjarannsóknir skuli nú vera til rannsóknar hjá Vísindasiðanefnd. „Það kemur mér á óvart að það sé verið að athuga áreiðanleika niðurstaðna rannsókna sem gerðar voru hjá Lyfjaþróun hf. meðan ég var framkvæmdastjóri. Ég veit ekki nákvæmlega hvaða rannsóknir eru til athugunar en ég geri ekki ráð fyrir því að það sé neitt við þær að athuga.“

Fyrri hluti þessarar rannsóknar var gerður um síðustu aldamót. Mælingar á niðurstöðum voru gerðar erlendis. Þær niðurstöður lofuðu góðu um bólusetningu með nefúða. Þegar annar hluti rannsóknarinnar fór síðan fram haustið 2004 og vorið 2005 reyndust niðurstöðurnar ekki uppfylla þær væntingar sem fyrri niðurstöðurnar höfðu bent til. Það leiddi til þess að frekari nefúðarannsóknum var hætt í því ferli sem verið hafði. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru yfir hundrað þátttakendur í seinni hluta rannsóknarinnar.

Í samtali við Fréttablaðið hafa einstaklingar sem þátt tóku í síðari rannsókninni látið í ljósi óánægju með að þeir hafi verið notaðir sem tilraunadýr á forsendum sem hugsanlega voru ekki réttar. Þar með hafi „yfirvöld verið blekkt og samþykkt rannsókn á yfir hundrað nemum sem aldrei hefði átt að samþykkja“, eins og einn viðmælenda Fréttablaðsins sagði.

Björn Guðbjörnsson, formaður Vísindasiðanefndar, neitaði því ekki í samtali við Fréttablaðið að hugsanlega hafi verið átt við niðurstöður rannsókna sem nú er til skoðunar hjá Vísindasiðanefndinni. Hann vildi ekki staðfesta að um þessa tilteknu bóluefnisrannsókn væri að ræða og neitaði að tjá sig um það hver hefði stjórnað rannsóknarferlinu, þar sem Vísindasiðanefndin ætti eftir að fjalla um þá rannsókn sem nú væri til athugunar. Þóra Björg Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfjaþróunar hf., staðfesti hins vegar að fyrirtækinu hefur borist bréf frá Lyfjastofnun um að nefúðarannsókn sem Sveinbjörn Gizurarson stýrði væri til rannsóknar hjá stofnuninni.

Sveinbjörn lét af störfum sem framkvæmdastjóri Lyfjaþróunar hf. í apríl á síðasta ári og var þá ráðinn í stöðu prófessors við lyfjafræðideild Háskóla Íslands, þar sem hann starfar nú. **- mh**



**GLÆSTUR SIGUR Í FYRSTA LEIK** Íslendingar unnu frækinn sigur á Serbum í fyrsta leik sínum á Evrópukeppninni í Sviss í gær, 36-31, þar sem fyrirliðinn Ólafur Stefánsson fór fyrir íslenska liðinu. Í síðari hálfleik reyndu Serbarnir ítrekað að meiða Ólaf í þeim eina tilgangi að gera hann ófæran til leiks og minnti leikvöllurinn í Sursee í gær um tíma á vígvöll. Hér sést Ólafur fara framhjá einum Serbanum og skora eitt átta marka sinna. **Sjá síðu 46** NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnkerfisbreytingar:

## Kostuðu yfir 100 milljónir

**REYKJAVÍKURBORG** Kostnaður vegna stjórnkerfisbreytinga hjá Reykjavíkurborg nam rúmum 150 milljónum króna sé kostnaður vegna viðhaldstekinn með en rúmum 110 milljónum sé hann undanskilinn. Þetta kemur fram í svari borgaryfirvalda við fyrirspurn sem sjálfstæðismenn í borgarstjórn lögðu fram 29. september.

Guðlaugur Þór Þórðarson, borgarfulltrúi Sjálfstæðismanna, segir þetta gríðarlega fjárhæð sem hefði betur verið eytt í eitthvað annað en að færa starfsfólkið til í starfi.

„Ekki er hægt að sjá að þetta hafi orðið til þess að bæta þjónustuna heldur þvert á móti,“ segir Guðlaugur Þór.

Í svarinu segir að breytingin hafi lotið að því að auka þjónustu og skýra ábyrgð og auka skilvirkni og að ekki séu vísbendingar um annað en að það hafi tekist. **- jse**

Bygging bílastæðishús fyrir tónlistar- og ráðstefnuhús á hafnarbakkanum:

## Umhverfismat gleymdist

**SKIPULAGSMÁL** Haukur F. Leósson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Innkauparáði í Reykjavíkurborgar, vekur athygli á því í bókun á fundi ráðsins að fyrirhugað bílastæðahús fyrir tónlistar- og ráðstefnuhús sé umhverfisskylt en að það hafi gleymst við undirbúning og kynningu málsins. Guðlaugur Þór Þórðarson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hefur lagt til að þetta mál verði tekið fyrir í borgarráði.

Haukur segir að samkvæmt lögum um umhverfismat verði bílakjallari sem rúmi meira en 1400 bílastæði að fara í umhverfismat en fyrirhugað er að þessi rúmi 1600.

Eiríkur Hjálmarsson, aðstoðarmaður borgarstjóra, segir að það sé álitaefni að hvaða leyti nýleg lagabreyting komi við framkvæmdir við Tónlistar- og ráðstefnuhúsið. Það snerti stærð kjallaranna og gildistökutíma laganna. Hinsvegar sé það á hreinu að krefjist lög umhverfismats fari slíkt mat fram, en undirbúningur verksins sé með þeim hætti að slíkt mat eigi ekki að tefja framkvæmdir. **- jse**




ORKU LINDIN ÍSLAND

Ráðstefna um gildi ál- og orkuframleiðslu á Íslandi föstudaginn 27. janúar á Hótel Nordica. Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á www.sa.is

SI Samtök iðnaðarins



## SPURNING DAGSINS

*Sverrir, er eitthvað til í þessu?*

Nei, svona rannsóknir eru bara sóun á almannafé.

Rannsókn breskra vísindamanna leiddi í ljós að tvíburar séu tregari en einburar. Sverrir Jakobsson er tvíburabróðir Ármanns.

Ráðherrar segja að enn skorti sannanir fyrir fangaflugi Bandaríkjamanna:

# Þurfa höfuð á fati til að trúa

**STJÓRNMÁL** Oddvitar ríkisstjórnarinnar segja ekkert nýtt hafa komið fram í bráðabirgðaskýrslu Evrópuráðsins um fangaflug Bandaríkjamanna.

Geir. H. Haarde utanríkisráðherra segir að í bréfi frá framkvæmdastjóra Evrópuráðsins sé spurt hvort löggjöf sé fullnægjandi hér á landi til að tryggja að hið ólöglega athæfi, sem Bandaríkjamenn eru sakaðir um, ætti sér ekki stað. Jafnframt sé spurt hvort embættismenn hafi vitandi eða óafvitandi liðsinnt bandarísku leyniþjónustunni CIA við slíkt athæfi. Frestur til að svara bréfinu er til 21. febrúar næstkomandi.

Össur Skarphéðinsson, Samfylkingunni, spurði ráðherrana á Alþingi í gær hvort skýrsla Dicks Marty fyrir Evrópuráðið gæfi ekki tilefni til aðgerða. „Þarf að koma með höfuðið á fati til þess að menn virkilega trúi?“

Ögmundur Jónasson hjá vinstri grænum kallaði afstöðu íslenskra stjórnvalda mótmæli í kyrrþey.

Helgi Hjörvar undraðist að utanríkisráðherra teldi að íslensk stjórnvöld hefðu gert jafn mikið í málinu og önnur Evrópuríki og benti á að ítalski saksóknarinn hefði þegar stefnt bandarískum leyniþjónustumönnum, réttarrannsókn stæði yfir í Þýskalandi, spænskur dómstóll rannsakaði fangaflug og Svíar létu flugmálayfirvöld rannsaka málið. **- jh**



**FLUGVÉL CIA SEM TALIN ER NOTUÐ TIL AÐ FLYTJA FANGA** Ríkisstjórnin telur ekki ástæðu til að rannsaka fangaflug í íslenskri lofthelgi.

Dæmdur fyrir barsmíðar:

## Lamdi konu sína og son

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær karlmann á sextugsaldri til þess að greiða erlendri sambýliskonu sinni 50 þúsund krónur, með vöxtum frá 29. maí 2004, fyrir líkamsárás. Maðurinn sneri upp á handlegg konunnar og hélt henni nauðugri í sófa á heimili þeirra í Kópavogi.

Sonur mannsins sem dæmdur var í gær hefur einnig lagt fram kæru á hendur föður sínum vegna líkamsárásar árið 2004.

Manninum var ekki gerð sérstök refsing í málinu að öðru leyti, en honum var gert að greiða allan sakarkostnað í málinu, samtals tæplega 290 þúsund krónur. **- mh**

Vextir íbúðalána KB banka:

## Hækkun vaxta talin líkleg

**VEXTIR** KB banki mun líklega hækka vexti á íbúðalánum í kjölfar vaxtahækkunar Seðlabankans.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, var spurður að því á kynningarfundi vegna ársuppgjörs hvort það kæmi til greina að hækka íbúðalánavexti sem hafa verið þeir lægstu sem almenningi hefur staðið til boða hérlendis. Vextir á íbúðalánum KB banka eru 4,15 prósent.

Hreiðar Már sagði að bankinn væri hvorki að hagnast á lánum á þessum kjörum né taka viðskiptavini frá samkeppnisaðilum og hugsar að bankinn breyti vaxtakjörum til hækkunar. **- eþa**

# Orustunni um álver hvergi nærri lokið

**Raforkuviðræður Landsvirkjunar og Alcan, vegna stækkunar álversins í Straumsvík, leggjast illa í sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi. Bæjarstjórinn á Akureyri líkir baráttunni fyrir nýju álveri við orustu.**

**EFNAHAGSMÁL** Sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi eru margir hverjir ævareiðir vegna ákvörðunar stjórnar Landsvirkjunar um að ganga til viðræðna við Alcan um raforkusölu í tengslum við stækkun álversins í Straumsvík. Bæjarstjórn Húsavíkur segir það fráleita byggðastefnu að ráðast í stórfellda uppbyggingu á áliðnaði á suðvesturhorni landsins og vill að stjórnvöld árétti í orði og verki þann vilja sinn að næsta álver rísi á Norðurlandi.

Aðalsteinn Á. Baldursson, bæjarfulltrúi H-listans og formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, segir það hreina geggjun af stjórnvalda hálfu að auka enn á þensluna á suðvesturhorninu með því að gefa grænt ljós á stækkun álversins í Straumsvík. „Atvinnuástandið er hvergi betra en þar og miklar stórframkvæmdir fyrirsjáanlegar á mörgum sviðum. Á sama tíma er mikið atvinnuleysi á Norðurlandi eystra og því miklar væntingar bornar til álvers á Norðurlandi. Stjórnvöld verða að koma núna strax með afdráttarlausa yfirlýsingu um að næsta álver rísi á Norðurlandi eins og þau hafa lofað. Allt annað er óásættanlegt fyrir okkur,“ segir Aðalsteinn.

Álfheiður Ingadóttir, einn þriggja fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Landsvirkjunar, greiddi ein atkvæði gegn samningaviðræðunum við Alcan. Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, og Helgi Hjörvar, fulltrúi Reykjavíkurborgar, sátu hjá.

„Ákvörðun um raforkuviðræður var pólitísk ákvörðun sem tekin var af ríkisvaldinu. Orustunni er hins vegar ekki lokið og ég trúi því að við Norðlendingar munum hafa sigur að lokum,“ segir Kristján Þór.

Stjórn Samfylkingarinnar á Akureyri hefur sent frá sér ályktun þar sem áformum stjórnvalda um stórfellda atvinnuuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu, til viðbótar þeirri þenslu sem þar er fyrir, er harðlega mótmælt. Að mati stjórnar Samfylkingarinnar er ríkisstjórnin að bregðast Norðlendingum varðandi uppbyggingu í atvinnumálum. **kk@frettabladid.is**



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON** Bæjarstjórinn á Akureyri segir að ákvörðun um raforkuviðræður við Alcan hafi verið pólitísk ákvörðun sem tekin hafi verið af ríkisvaldinu.



**AÐALSTEINN Á. BALDURSSON** Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur segir það geggjun af hálfu stjórnvalda að auka enn á þensluna á suðvesturhorninu.



**VARAR VIÐ HRYÐJUVERKUM** George W. Bush Bandaríkjaforseti flytur ræðu sína í Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna.

Bush um ræðu bin Ladens:

## Taka ber hótun alvarlega

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði löndum sínum í fyrrakvöld að taka bæri hótanir Osama bin Laden alvarlega, en hryðjuverkaforinginn tilkynnti nýverið um yfirvofandi árásir á Bandaríkin. Bin Laden sagði ástæðu þess að engar árásir hefðu verið gerðar á Bandaríkin í tæp fimm ár vera þá að undirbúningur árásanna væri tímafrekur.

Bush hefur lengi barist fyrir því að fá að halda áfram njósnum um almenna borgara í Bandaríkjunum, en þær voru heimilaðar í kjölfar árásanna á Bandaríkin í september 2001. Segir hann þær njósnir auðvelda leit að hugsanlegum hryðjuverkamönnum. **- smk**



**BANDARÍKIN** Fjárlagahallinn talinn í tugþúsundum milljarða.

Bandarísku fjárlögin í ár:

## Yfir 21 þúsund milljarða halli

**BANDARÍKIN, AP** Stríðið í Írak, fellibyljir og skattalækkanir reynast ríkissjóði Bandaríkjanna þungur baggi. Fjárlagahallinn í ár verður að minnsta kosti sem svarar 21.230 milljörðum króna og verður líkega hærri, samkvæmt upplýsingum frá fjárlagaskrifstofu Bandaríkjaþings. Hvíta húsið var áður búið að spá 25.200 milljarða króna fjárlagahalla, og er nýja spáin því heldur skárri.

Hafi skrifstofan rétt fyrir sér, mun hallinn nema um 2,6 prósentum af landsframleiðslunni.

Að sögn talsmanna Hvíta hússins er neyðaraðstoð vegna fellibylsins Katrínar helsta ástæða vaxandi fjárlagahalla. ■

Hæstiréttur staðfesti sakfellingu héraðsdóms yfir kynferðisbrotamanni:

# Dómurinn var mildaður

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands mildaði í gær dóm Héraðsdóms Vesturlands frá júní síðastliðnum yfir manni sem framdi kynferðisbrot gegn tíu ára stúlku með þeim afleiðingum að hún varð fyrir verulegu andlegu áfalli.

Hæstiréttur komst að sömu niðurstöðu og Héraðsdómur Vesturlands um fjögurra mánaða fangelsi auk skaðabóta en mildaði dóminn og verða allir fjórir mánuðir hans skilorðsbundnir en samkvæmt dómi héraðsdóms bar manninum að sitja af sér tvo mánuði af þeim fjórum sem hann var dæmdur til. Ákvörðun héraðsdóms um 300 þúsund króna miskabætur var látin óbreytt fyrir Hæstarétti, en manninum er að auki gert að greiða allan sakarkostnað fyrir báðum dómstólum.

Í framburði sálfræðings við réttarhöld yfir manninum kom í ljós að stúlkan varð fyrir verulegu andlegu áfalli sem rekja mátti beint til brota mannsins gegn henni. Hún væri ennfremur hrædd við að hitta manninn aftur eftir að hún sagði frá og verið nánast ómögulegt að sofa ein síns liðs. Þá hefði álagið orðið til þess að námsárangur hennar versnaði til muna. **- aöe**



**ÚR HÆSTARÉTTI** Sekt manns sem ákærður var fyrir kynferðisbrot þótti óumdeild. Hæstiréttur mildaði dóm héraðsdóms og þarf maðurinn ekki að sitja af sér neinn hluta dómsins.

Iðnaðarráðherra um álver:

## Hagkerfið ræður við tvö álver

**STJÓRNMÁL** Helgi Hjörvar þingmaður Samfylkingarinnar spurði iðnaðarráðherra á þingi í gær hvort það væri misskilningur sem eftir henni væri haft á forsíðu Fréttablaðsins um að hún teldi að unnt væri að reisa tvær álverksmiðjur samtímis, „annars vegar á Norðurlandi og hins vegar í Straumsvík með yfir hálfa milljón tonna framleiðslugetu“.

„Hvað varðar hagkerfið tel ég að hægt sé að fara í þessar framkvæmdir á sama tíma þó ég leggi áherslu á að þær eigi ekki að ná hámarki á sama tíma. Hvað varðar afhendingu á orku af hálfu orkufyrirtækja svara ég ekki fyrir á þessari stundu,“ svaraði Valgerður Sverrisdóttir. **- jh**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

Dómarafélagið:

## Fresta málsókn

**KJARAMÁL** Ákveðið var á fundi Dómarafélagsins í gær að fresta ákvörðun um málsókn félagsins á hendur íslenska ríkinu vegna afnáms úrskurðar Kjaradóms um laun dómara og þess í stað ákveðið að fela stjórninni að ræða við stjórnvöld um hvaða fyrirkomulagi skuli beitt í framtíðinni.

Eins og kunnugt er nam alþingi úr gildi ákvörðun Kjaradóms frá desember síðastliðnum um hækkun launa æðstu embættismanna, þar með talinna dómara í landinu. Dómarafélagið telur það ekki standast stjórnarskrá. **-aöe**

GOTT FÓLK McCANN



ÁST ER...

AÐ TAKA FYRSTU SKREFIN SAMAN

Því það jafnast ekkert á við að upplifa einstök augnablik í lífi fjölskyldunnar og varðveita minningarnar þegar frá líða stundir.

Ást er líka að gera ráðstafanir til að tryggja fjölskyldunni fjárhagslegt öryggi ef þú missir tekjur vegna veikinda eða fellur frá.

SJÓVÁ LÍF

SVO AÐRIR GETI TREYST Á ÞIG

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 26.01.2006**

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,07 | 61,37 |
| Sterlingspund | 108,99 | 109,51 |
| Evra | 74,73 | 75,15 |
| Dönsk króna | 10,013 | 10,071 |
| Norsk króna | 9,254 | 9,308 |
| Sænsk króna | 8,076 | 8,124 |
| Japanskt jen | 0,5269 | 0,5299 |
| SDR | 88,92 | 89,44 |

*Gengisvísitala krónunnar*
104,3273

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Velferðarráð borgarinnar undirbýr aðgerðir vegna einangraðra eldri borgara:

# Leita uppi aldraða í einangrun

**FÉLAGSMÁL** Velferðarráð Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að hefja aðgerðir til að mæta þörfum eldri borgara í Reykjavík sem búa við einangrun, að sögn Bjarkar Vilhelmsdóttur borgarfulltrúa.

Til að byrja með verður farið í heildarúttekt á þjónustu við eldri borgara. Á sama tíma verða settir á laggirnar starfshópar í hverfum borgarinnar sem fari yfir stöðu þeirra sem þar búa. Að þeim eiga aðild viðkomandi þjónustumiðstöð borgarinnar, Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands, kirkjan í hverfinu, íbúasamtök, svo og félag eldri borgara.

„Við munum nýta þjónustumiðstöðvarnar til að samræma aðgerðir og bregðast við þeim aðstæðum sem upp kunna að koma,“ segir Björk.



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR** Starfshópar verða stofnsettir í hverfum borgarinnar.

Hún segir ástæðu þessara aðgerða margþætta en meðal annars sé verið að bregðast við fréttum af andláti fólks sem finnist dögum og jafnvel vikum eftir andlát sitt. Vitað sé að margir hafa einangrast á efri árum, og þrátt fyrir ýmiss konar tilboð um heimsóknir, félagsstarf, heimaþjónustu og fleira þá hafi það ekki náð til þessa fólks.

„Nú munum við sameina krafta allra þeirra sem bjóða eldri borgurum þjónustu og fá þannig heildarmynd á það hversu margir eru án allra utanaðkomandi afskipta og getum þá boðið þeim aðstoð eftir þörfum og vilja hvers og eins,“ segir Björk.

Velferðarráð samþykkti tillöguna um ofangreindar aðgerðir samhljóða á fundi sínum í fyrradag. -jss

Úrskurðað um björgunarlaun:

# Langanes fær 30 milljónir

**DÓMSMÁL** Útgerðarfélagið Íslenskur kúfiskur ehf. var fyrir héraðsdómi í gær dæmt til að greiða útgerðarfélaginu Langanes hf. björgunarlaun að upphæð 30 milljónir króna auk dráttarvaxta vegna björgunar skipsins Fossár ÞH 362 í október 2003.

Stóðu deilur milli útgerðanna um björgunarlaun vegna aðstoðar skips Langaness, Bjargar Jónsdóttur, við Fossá þegar skipið varð vélarvana skammt frá landi í Bakkaflóa fyrir austan land. Hafði stefnandi upphaflega farið fram á 70 milljón króna björgunarlaun en útgerð Fossár var sýknuð af þeim kröfum fyrir héraðsdómi. ■



**HESTHÚS** Óvissa ríkir meðal hesthúsaeigenda á Heimsenda og Gusti.

Hesthúsafólk á Heimsenda:

## Óskastaðan er að fá Gust

**SKIPULAGSMÁL** „Við viljum fara að fá svör um hvað Kópavogsbær ætlar að gera,“ segir Oddný Erlendsdóttir, formaður hesthúsaeigendafélagsins á Heimsenda.

Verktakar, hinir sömu og keypt hafa hesthús á Gustssvæðinu, hafa gert kauptilboð í tvö hús á Heimsendasvæðinu, sem þeir segjast ætla að nota sem skiptimynt fyrir hesthús í Gusti. Fregnir um að Kópavogsbær hefði gengið inn í Heimsendaviðskiptin kvaðst Oddný ekkert kannast við, en taldi að um óstaðfestan orðróm væri að ræða.

„En það er ekkert leyndarmál, að óskastaðan okkar er að fá Gust hingað á Heimsendasvæðið,“ sagði hún. „Þar verði öflugt framtíðarsvæði hestamanna í Kópavogi.“ W-jss

## ÍRAK

**Konur látnar lausar** Bandaríska setuliðið í Írak lét í gær fimm íraskar konur lausar úr fangelsi, en fram á lausn þeirra höfðu mannræningjar bandarísks blaðamanns farið. Talsmenn Bandaríkjahers sögðu þó lausn kvennanna alls ótengda mannráninu.

## LEIÐRÉTTING

Hægt er að beygja af Miklubraut og inn á Rauðarárstíg en ekki aka af stígnum út á Miklubraut. Í blaðinu í gær stóð að leiðin væri lokuð. Áður var stöðvunarskylda á þá sem óku af Flókagötu út á Rauðarárstíg en nú er biðskylda hjá umferð um stíginn við Flókagötu.

# Hamas vinnur stórsigur

**Líkur á að takast muni að endurvekja friðarferlið milli Ísraela og Palestínumanna þykja hafa minnkað til muna við stórsigur Hamas-samtakanna í kosningum til palestínska þingsins. Hamas náði öruggum meirihluta þingsæta. Fráfarandi stjórn Fatah-hreyfingar Jassers Arafats heitins sagði tafarlaust af sér í gær.**

**PALESTÍNA, AP** Íslömsku Hamassamtökin, sem hafa eyðingu Ísraelsríkis á stefnuskránni, unnu stórsigur í kosningum til palestínska þingsins. Kjörstjórnin tilkynnti í gærkvöld, þegar 95 prósent atkvæða höfðu verið talin, að Hamas-samtökin hefðu tryggt sér 76 af þingsætunum 132 og þar með öruggan meirihluta.

Hin hófsamari Fatah-samtök, sem haldið hafa um stjórntaumana frá því palestínsku heimastjórninni var komið á fót fyrir tólf árum, biðu niðurlægjandi ósigur og fengu aðeins 43 þingsæti. Þrettán þingsæti skiptust á nokkra smáflokka, en þrír þeirra njóta stuðnings Hamas. Þessar ófarir Fatah eru helst raktar til þreytu kjósenda á spillingunni sem fylgt hefur stjórnartíð hennar.

Palestínskir stjórnmálaleiðtogar, gáttaðir á hinum afgerandi kosningasigri Hamas, lögðust þegar undir feld til að átta sig á hinni gerbreyttu stöðu. Ráðamenn ríkja heims sendu áskoranir um að nýr stjórnarmeirihluti Palestínumanna lýsi sig skuldbundinn friði og viðurkenni tilvistarrétt Ísraels.

Stjórnmálaleiðtogar úr öllu litrófi ísraelskra stjórnmála sögðu útilokað að nokkur formleg samskipti yrðu tekin upp við samtök sem bæru ábyrgð á ótal mannskæðum tilræðum gegn ísraelskum borgurum og eru á lista yfir hryðjuverkasamtök bæði í Bandaríkjunum og Evrópusambandinu.

Palestínski forsætisráðherrann Ahmed Qureia og stjórn hans öll sagði af sér í gær, og það áður en úrslitin voru tilkynnt. Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna og leiðtogi Fatah, bjó sig undir að fela Hamas umboð til stjórnarmyndunar.



**HAMAS-LIÐAR FAGNA** Stuðningsmenn Hamas-samtakanna réðu sér ekki fyrir kæti er ljóst varð hve stór kosningasigurinn yrði. Hér fagna þeir á götum Hebron á Vesturbakkanum, veifa íslömskum fánum og mynd af sjeik Ahmed Yassin, stofnanda samtakanna sem Ísraelar myrtu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Helsti leiðtogi Hamas, Khaled Mashaal, tjáði Abbas að samtökin væru reiðubúin til samstarfs við aðrar fylkingar. Misvísandi raddir heyrðust þó frá forystumönnum Fatah um möguleikana á því að einhverjir úr þeirra röðum tækju sæti í stjórn sem Hamas leiddi. Saeb Erekat sagði Fatah myndu fara í stjórnarandstöðu.

George W. Bush Bandaríkjaforseti sagði að Bandaríkjastjórn myndi ekki eiga nein samskipti við palestínska ráðamenn sem draga tilvistarrétt Ísraels í efa. Tzipi Livni, starfandi utanríkisráðherra Ísraels, skoraði á Evrópusambandið að stofna ekki til tengsla við „hryðjuverkastjórn“.

audunn@frettabladid.is


Ráðstefna KRFÍ í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur 27. janúar 2006

**Goðsagnir um hlutverk kvenna**

**Fundarstjóri: Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir**

**Kl. 14:00 Setning ráðstefnunnar:**
Margrét Kr. Gunnarsdóttir ritari Kvenréttindafélags Íslands.
**Kl. 14:10 Ávarp: Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri**
**Kl. 14:20 Erindi: Viðhorf til dæmigerðrar kvennastéttar.**
Margrét Sverrisdóttir varaformaður Kvenréttindafélags Íslands.
**Kl. 14:40 Erindi: Viðskiptalífið – er það eitthvað fyrir konur?**
Þóranna Jónsdóttir framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vistor og doktorsnemi við Cranfield University.
**Kl. 15:00 Erindi: Staðalímyndir og kynferðislegt ofbeldi.**
Guðrún Jónsdóttir talskona Stígamóta.
**Kl. 15:20 Erindi: Ímynd kvenna af erlendum uppruna.**
Sabine Leskopf stjórnarmaður í W.O.M.E.N. - samtökum kvenna af erlendum uppruna.
**Kl. 15:40 Erindi: Hver er ímynd jafnréttis?**
Þorgerður Einarsdóttir lektor Háskóla Íslands
**Kl. 16:00 Umræður og fyrirspurnir.**

Léttar veitingar verða í boði að ráðstefnu lokinni.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ROFAR VÍÐA TIL Í KVÖLD**
Það verður ekki mjög sólríkt á landinu meðan skilin ganga yfir. Þau verða yfir miðju landi um hádegisbil en í kvöld verða þau komin austur af landinu og þá rofar til í kjölfarið. Reyndar má búast við skúrum eða éljum fyrst eftir að þau ganga yfir.
Helgin verður hlý og vætusöm.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Suðvestan 3-8 m/s. Skúrir framan af degi en úrkomulítið og rofar til í kvöld. Hiti 0-4 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1°C hálfskýjað | París | 2°C hálfskýjað | Alicante | 14°C heiðskírt |
| Osló | - 1°C hálfskýjað | Berlín | -4°C heiðskírt | Mílanó | 2°C snjóél |
| Stokkhólmur | 3°C hálfskýjað | Frankfurt | 0°C heiðskírt | New York | 6°C heiðskírt |
| Helsinki | 1°C alskýjað | Madríd | 9°C heiðskírt | San Francisco | 13°C skúrir |
| London | 5°C hálfskýjað | Barcelona | 8°C heiðskírt | Orlando/Flórída | 21°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Spennandi lambalæri




**Lambalæri**
úr kjötborði

TILBOÐ
898 kr/kg
Verð áður 1.298,-

**Hrefna R. Jóhannsdóttir**
aðstoðar yfirmatreiðslumaður
á Sjávarkjallaranum
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

## LAMBALÆRI SOOLA MASALA

| | |
|---|---|
| 1 stk. lambalæri | 1 tsk. svartur pipar |
| 2 msk. olía | 1 msk. fennelfræ |
| 2 msk. smjör | 1 stk. laukur |
| 10 stk. kardimommur | 6 rif hvítlaukur |
| 1 msk. kóríanderfræ | 150 g Kóríander |

Hitið olíuna í potti og steikið kardimommurnar, kóríanderfræin, svarta piparinn og fennelfræin upp úr olíunni. Bætið smjörinu út í ásamt söxuðum lauknum og hvítlauknum og steikið áfram. Slökkvið undir pottinum, bætið kóríandernum og saltinu út í og kælið. Maukið í matvinnsluvél ásamt jógúrtinu. Snyrtið lambalærið, kryddið með salti og pipar og steikið lærið á pönnu. Setjið soola masala maukið á lærið og eldið inn í ofni á 150°C í 70 mín.




**Bayonne skinka**

TILBOÐ
899 kr/kg
Merkt verð 1.498,-




**Daloon vorrúllur**

TILBOÐ
399 kr/pk
Verð áður 519,-

# NÝTT
## súkkulaði álegg







TILBOÐ
259 kr/pk
Verð áður 289,-

**Minna Mál** gott á milli mála....



**Kínverska nýárið – ár hundsins!**

**Blue Dragon** býður þér gæðavörur til að matreiða ósvikna austurlenska rétti. Blue Dragon er fyrir þá sem vilja töfra fram gómsæta rétti á skömmum tíma án þess að slá af kröfum um bragð og gæði.

**Kynningar verða í Hagkaupum Smáralind, Skeifu og Kringlu fimmtudag, föstudag og laugardag.**

**Blue Dragon** vörur í ótrúlegu úrvali

Gildir til 29. janúar eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval kjötvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




## KJÖRKASSINN

*Ætlarðu að fylgjast með EM í handbolta?*

Já 57%

Nei 43%

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Ertu með meira en 300 þúsund króna yfirdráttarheimild?*

Segðu skoðun þína á visir.is


Maður handtekinn á Seyðisfirði á þriðjudag:

# Tekinn með falsaða kortalesara

**LÖGREGLA** Maður með búlgarskt vegabréf var handtekinn á Seyðisfirði á þriðjudagskvöld, en hann var farþegi á millilandaferjunni Norrænu. Í fórum mannsins fundust fjögur sérútbúin tæki sem notuð eru til að stela upplýsingum af greiðslukortum viðskiptavina hraðbanka til að svíkja út fé.

Tækjunum, sem um ræðir, er komið fyrir í afsteypu af framhlið venjulegs hraðbanka og því er erfitt fyrir hinn almenna notanda að varast þessa hættu. Lögreglan á Seyðisfirði, sem fer með rannsókn málsins, telur að um mjög alvarlegt mál sé að ræða og því eigi þeir von á því að þessi búnaður verði sýndur almenningi við tækifæri. Það sé nauðsynlegt til að fólk læri að þekkja þennan búnað og geti varist því að falla í gildru. Tæki sem þessi hafa aldrei fundist hérlendis áður.

Maðurinn sem um ræðir er talinn eiga sér vitorðsmann hér á landi, en hann neitaði allri sök við yfirheyrslu hjá lögreglu, og var honum sleppt að henni lokinni. Ekki er útilokað að þetta mál sé hluti af stærra máli og vinnur lögreglan eystra með alþjóðadeild ríkislögreglustjóra við rannsókn málsins. - shá



**FARÞEGI NORRÆNU VAR HANDTEKINN Á ÞRIÐJUDAGSKVÖLD** Fjögur tæki til að stela upplýsingum af greiðslukortum fundust í fórum farþegans.

Fékk harðan dóm í héraði:

# Sýknaður í Hæstarétti

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sýknaði í gær mann sem bæði var gefið að sök að hafa virt nálgunarbann við fyrrverandi sambýliskonu sína að vettugi og haft í hótunum við nágranna sinn.

Var maðurinn fundinn sekur fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og dæmdur til fimm mánaða fangelsisvistar. Taldi Hæstiréttur alls ósannað að maðurinn hefði brotið nálgunarbann það er hann var sakaður um enda staðfesti það engin vitni. Þá stóð orð gegn orði í máli nágrannans og var heldur ekki neinum vitnum þar til að dreifa og maðurinn því sýknaður. - aöe



**KALKÚNAR Á VAPPI** Tyrkir hafa fargað yfir milljónum fugla á síðustu vikum vegna fuglaflensu.

ESB styður Tyrkland:

## Enn barist við fuglaflensu

**TYRKLAND, AP** Heilbrigðismálastjóri Evrópusambandsins og hópur dýralækna héldu til fundar með tyrkneskum yfirvöldum í gær til að styðja við bakið á þeim í baráttunni við fuglaflensu. Markos Kyprianou, sem fer með heilbrigðismál í framkvæmdastjórn ESB, minnti á að öll lönd innan sambandsins verði að vinna saman við að vinna bug á sjúkdómnum, sem öllum heiminum stafaði ógn af.

Alls hefur 21 maður greinst í Tyrklandi með mannskæða veirustofninn H5N1 og fjórir þeirra, allt börn, hafa látist úr veikinni. Tyrkir hafa fargað 1,1 milljón fugla á seinustu vikum. - smk

Skattur vegna farmanna:

## Endurskoðun stendur yfir

**SKATTGREIÐSLUR** Ármann Kr. Ólafsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, segir að verið sé að skoða hvort hægt sé að breyta reglum og bregðast þannig við óskum um skattlagningu farmanna. Engin niðurstaða sé komin enn og hann þori ekki að segja hvenær hún liggi fyrir.

Eimskip hefur í bígerð að endurráða alla sjómenn sína á farskipum til félags í eigu Eimskips í Færeyjum, eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu. Eimskip fær 80 milljónir endurgreiddar af sköttum vegna mannanna og sparar því þá upphæð. - ghs

Sjálfstæðisfélag Álftaness:

## Þrír keppa um annað sætið

**STJÓRNMÁL** Framboðsfrestur vegna prófkjörs Sjálfstæðisfélags Álftaness rann út í vikunni og bárust kjörnefnd átta framboð. Að sögn Ársæls Haukssonar, formanns kjörnefndar, sækjast þrír bæjarfulltrúar eftir öðru sæti listans, það eru Bragi Jónsson, Erla Guðjónsdóttir og Sigríður Rósa Magnúsdóttir. Enginn býður sig fram á móti Guðmundi Gunnarssyni bæjarstjóra.

Prófkjörið verður haldið 11. febrúar næstkomandi. Mikið liggur við í kosningunum á Álftanesi í vor en bæjarstjórn hefur frestað umdeildum skipulagsframkvæmdum þar í bæ þar til að þeim loknum. - jse

# Þriggja ára börn misnotuð í barnaklámi

**Allt niður í þriggja ára börn hafa verið misnotuð í barnaklámi hérlendis. Rannsókn lögreglu á vörslu barnakláms hefur leitt til þess að upp komst um beina kynferðislega misnotkun á íslenskum börnum.**

**LÖGREGLUMÁL** Allt niður í þriggja ára íslensk börn hafa verið misnotuð í barnaklámsmyndatökum í málum sem lögreglan í Reykjavík hefur fengið á sitt borð, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Þá hefur rannsókn lögreglunnar á vörslu barnakláms í tilteknu máli leitt til þess að upp komst um kynferðislega misnotkun á börnum. Það mál er nú í sakarferli.

Á ráðstefnu sem Barnaheill gengust fyrir í gær undir heitinu „Stöðvum barnaklám á netinu - lög og tækni“ kom meðal annars fram í fyrirlestri Jóhanns S. Friðleifssonar, fulltrúa Símans, að fyrirtækið byði upp á svokallaðan öryggispakka í tölvubúnað sem gerði til að mynda foreldrum kleift að fylgjast með því sem fram færi í tölvunum.

„Við veltum því fyrir okkur hvað við getum gert til að stöðva þetta í eitt skipti fyrir öll,“ sagði Jóhann um barnaklámvæðinguna á netinu. Hann sagði að ríkislögreglustjóri, Barnaheill og Síminn myndu funda um málið í framhaldi af ráðstefnunni, en benti jafnframt á að gripi Síminn til síunar yrði hún að samræmast lögum um fjarskipti og persónuvernd.



**ÁGÚST EVALD ÓLAFSSON** Á bak við hverja mynd er lítið barn.

Á ráðstefnunni kom enn fremur fram, að frá opnun ábendingarlínu Barnaheilla árið 2001 hafa borist 2500 ábendingar og af þeim reyndist 1/3 eða 700 vísa á barnaklám. Í fyrra bárust 590 ábendingar og af þeim vísuðu 154, eða 26 prósent á barnaklám.

Ágúst Evald Ólafsson, lögreglufulltrúi upplýsinga- og eftirlitsdeildar lögreglunnar í Reykjavík, sagði að netið gerði aðgengi að barnaklámi mun einfaldara en áður hefði verið. Þeir sem tældu börn og unglinga gætu gert það úr meiri fjarlægð og af meira öryggi því þeir þyrftu ekki að hitta þau í eigin persónu. Níðingarnir tækju sér oft góðan tíma til að tæla börnin.

„Áætlað virði barnaklámsiðnaðarins í heiminum er talinn vera allt frá 12-50 milljarðar króna á ári,“ sagði Ágúst Evald. Hann undirstrikaði að um áætlun væri að ræða, en umrædd könnun hins vegar gerð fyrir tveimur eða þremur árum.

„Það má aldrei gleymast að á bak við hverja mynd í barnaklámiðnaðinum er lítið barn,“ sagði Ágúst Evald. „Misnotkunin á því stendur svo lengi sem myndin er á vefnum.“ jss@frettabladid.is



**KLÁMIÐNAÐURINN VELTIR MILLJÖRÐUM KRÓNA** Klámiðnaðurinn vex ár frá ári. Á hverju ári eru haldnar kaupráðstefnur þar sem seldar eru klámmyndir og fleira klámfengt. Þeir sem safna barnaklámi halda sig hins vegar aðallega á netinu. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Sjálfstæðisleiðtogi Kosovo-Albana borinn til grafar:

# Óvissa um framtíð Kosovo

**KOSOVO, AP** Tugþúsundir Kosovo-Albana fylgdu Ibrahim Rugova, sjálfstæðisleiðtoga þeirra sem dó úr lungnakrabbameini um síðustu helgi, til grafar í Pristina í gær. Ekkert var til sparað til að gera útförina sem viðhafnarmesta; hermenn í hátíðarbúningi skutu heiðursskotum og blómum frá syrgjendum rigndi yfir fánaprýdda líkkistuna. Hún var lögð í marmaragrafhýsi á kirkjugarðshæðinni fyrir ofan miðbæ Pristina. Grafhýsið var upprunalega byggt sem minnismerki um þá sem féllu í síðari heimsstyrjöld.

Rugova andaðist á laugardag, 61 árs að aldri. Hann átti þá sextán ára feril að baki sem forystumaður sjálfstæðishreyfingar Kosovo-Albana. Vegna fráfalls hans eru samningaviðræður um framtíð Kosovo í uppnámi og næstu viðræðulotu hefur verið frestað um mánuð. Þjóðaréttarlega er Kosovo enn hérað í Serbíu en síðan NATO batt árið 1999 enda á tilraun Serba til að flæma Kosovo-Albana á brott úr héraðinu hefur það verið undir stjórn Sameinuðu þjóðanna. - aa



**VIÐHAFNARÚTFÖR** Tugþúsundir fylgdu sjálfstæðisleiðtoga Kosovo-Albana þegar hann var borinn til grafar í Pristina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BLAIR OG AHERN** Vongóðir um frið á N-Írlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnmál á Norður-Írlandi:

## Fundað um framtíðina

**DUBLIN, AP** Forsætisráðherrar Bretlands og Írlands hittust á fundi í Dublin í gær. Tilgangur fundarins var að meta hvort Írski lýðveldisherinn, IRA, hefði hagað sér nógu friðsamlega til að það borgaði sig að reyna að gera nýja samninga um sameiginlega stjórn stríðandi fylkinga á Norður-Írlandi þetta árið.

Ráðherrarnir, Tony Blair og Bertie Ahern, ræddu nýgerða skýrslu um IRA, sem enn hefur ekki verið gerð opinber. - smk

Pútín um meintar njósnir:

## Vill hert lög um frjáls félög

**RÚSSLAND, AP** Vladimír Pútín Rússlandsforseti sagði á miðvikudag að meintar njósnir sem breskir sendierindrekar hefðu orðið uppvísir að, og upplýsingar um að þeir kæmu fé til óháðra félagasamtaka í Rússlandi, færði Rússlandsstjórn heim sanninn um að rétt hefði verið að herða reglur um starfsemi slíkra samtaka í landinu.

Pútín virtist gera lítið úr líkunum á því að bresku sendiráðsstarfsmennirnir yrðu reknir úr landi. En hann sagði það „miður“ að erlendir aðilar væru að fjármagna starfsemi félagasamtaka í Rússlandi.

Talsmenn mannréttindasamtaka og annarra frjálsra félagasamtaka hafa sagt hina nýju löggjöf ætlaða til að þagga niður gagnrýni á stjórnvöld. ■

Leikskólar Kópavogs:

## Hundrað hafa sagt upp

**KJARAMÁL** Fram kom á fundi Fræðslusviðs Kópavogs í gærkvöldi að alls hafa nú tæplega hundrað leikskólakennarar tilkynnt uppsagnir og hefur ekkert lát orðið á eftir launamálaráðstefnu sveitarfélaganna þar sem ákveðið var að taka sérstaklega á málum leikskólakennara um allt land.

Hefur þeim fjölgað um tæplega 40 sem sagt hafa starfi sínu lausu síðustu daga en flestir með þeim fyrirvara að með hækkun launa verði uppsagnirnar endurskoðaðar. Þó hefur á sama tíma umsóknum fjölgað og segir Árni Þór Hilmarsson, sviðsstjóri Fræðslusviðs að aðeins vanti nú fólk í tólf stöðugildi innan leikskólanna í stað tæplega fjörutíu rétt fyrir áramótin. - aöe




Frá 6.073 kr. aðra leið, London hefur aldrei verið nær

Kynntu þér málið núna, á ba.com

BRITISH AIRWAYS

Skráðu þitt tölvupóstfang á ba.com fyrir 31. mars 2006 til að njóta þessa afsláttarfargjalds. Gildir fyrir flug frá Reykjavík til London. Ljúka þarf ferð fyrir 31. ágúst 2006.
Skattar og flugvallargjöld innifalin. Athugið skilmála og skilyrði, nánar á ba.com



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hver var valinn söngvari ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum?*

2 *Hvar fannst minnsti fiskur heims á dögunum?*

3 *Hver tekur stöðu Jaliesky Garcia í íslenska handboltalandsliðinu?*

SVÖR Á BLS. 50

Flokksleiðtogaframbjóðendur Frjálslyndra demókrata í Bretlandi í kröggum:

# Gangast við samkynhneigð

**BRETLAND, AP** Frjálsyndir demókratar í Bretlandi voru í gær lentir enn og aftur milli tannanna á fólki eftir að upplýst var að einn sigurstranglegasti keppinauturinn um flokksleiðtogastólinn væri samkynhneigður.

Æsifréttablaðið The Sun birti flenniforsíðufrétt um þingmanninn Simon Hughes undir fyrirsögninni „Ég er líka hommi“. Í viðtali við blaðið viðurkenndi hann að hafa átt í ástarsamböndum við karlmenn. Þetta mál kemur upp beint í kjölfarið á öðru þar sem annar þingmaður frjálslyndra, sem einnig hafði sýnt því áhuga að keppa um flokksleiðtogasætið, sagði af sér eftir að hann viðurkenndi að hafa keypt vændisþjónustu af karlhóru.



**SIMON HUGHES** Keppir um að taka við af Charles Kennedy. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þessi æsifréttamál gera flokknum nú erfiðara um vik að hafa áhrif á þungavigtarmál opinberrar umræðu í Bretlandi, en í kosningunum í fyrravor og almennt síðustu misseri hefur hann haft allgóðan meðbyr, ekki síst vegna andstöðu sinnar við hernaðinn í Írak. Sá meðbyr er hins vegar í uppnámi nú, eftir að Skotinn geðþekki sem leiddi flokkinn í tveimur síðustu kosningum, Charles Kennedy, sagði af sér snemma í janúar. Það gerði hann eftir að hafa viðurkennt að hafa átt við drykkjusýki að stríða. **- aa**

Hlutabréfasala kærð:

# Vildu meira fyrir bréfin

**DÓMSMÁL** Íslandsbanki, Þorbjörn Fiskanes, og þrír aðrir voru í gær sýknaðir í Héraðsdómi Reykjavíkur af ákæru um ólöglega meðferð hlutafjár. Sá sem kærði vildi fá bætur með dráttarvöxtum fyrir sig og fjölskyldu sína. Hann seldi hlutabréf sín í Þorbirni Fiskanesi fyrir um ári síðan á genginu sex en degi síðar var gengið komið í 6,75. Þá taldi hann bankann ekki hafa haft umboð til sölunnar.

Kaupin áttu sér stað við samruna þriggja útgerða á Suðurnesjum og voru þeir þrír sem stefnt var, í hópi þeirra sem yfirtóku félagið. **- gag**





TILBOÐSVERÐ

1.550.000,-

Verð áður 1.790.000,- Mánaðargreiðsla 18.583,-*

Þessa dagana bjóðum við Opel Meriva á algjöru botnverði. Opel Meriva er sprækur eins og smábíll en hefur geymslupláss á við stærstu fjölskyldubíla. Mættu snemma því það eru aðeins 9 bílar í boði.

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

* Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði


FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Kjarabætur skila efnafólki lægri skattbyrði en hafa aukið skattbyrði annarra segir Jóhanna.

# Skattaparadís efnafólks

**Jóhanna Sigurðardóttir Samfylkingunni sagði á alþingi í gær að efnafólk greiddi 12 prósent en almenningur 25 prósent af tekjum sínum í skatt.**

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, gerði aukna skattbyrði að umtalsefni í utandagskrárumræðum á Alþingi í gær.

Hún sagði að Stefán Ólafsson prófessor hefði sýnt fram á að skattbyrði hefði aukist hjá 90 prósentum heimila í landinu. „Samt leyfir fjármálaráðherra sér að halda því fram að skattar hafi lækkað og þar hreinlega skrökvar hann að þjóðinni. Sjálfstæðisflokkurinn hefur á síðastliðnum 10 árum skert skattleysismörkin um 16 milljarða króna miðað við neysluvísitölu og 35 milljarða króna miðað við neysluvísitölu. Það er skýringin á því af hverju skattleysismörkin eru bara 79 þúsund krónur en ættu að vera 105 þúsund krónur ef þau hefðu haldið í við neysluvísitöluna. Þetta fjármagn var tekið úr vösum almennings og fært yfir til ofurforstjóranna og efnafólksins til að létta af þeim sköttum,“ sagði Jóhanna.



**ÁRNI M. MATHIESEN**

Hún fullyrti einnig að kaupmáttur efnafólks hefði hækkað um 56 prósent en kaupmáttur láglaunamannsins aðeins um 28 prósent á sama tímabili. Hún spurði loks hvernig á því stæði að auknar kjarabætur skiluðu efnafólki lægri skattbyrði sem næmi 4,5 prósentum en kjarabæturnar hefðu aukið skattbyrði lágtekjufólksins um 14 til 15 prósent.

„Þeir tekjuhæstu greiddu 12 prósent af sínum tekjum í skatt en almenningur greiddi að meðaltali um 25 prósent af sínum tekjum í skatt. „Stjórnarflokkarnir hafa búið til skattaparadís fyrir efnafólkið meðan almenningur sætir skattpíningu.“

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra mótmælti þessu. Beinir skattar sem hlutfall af 240 þúsund króna tekjum hefðu lækkað úr 22,5 prósentum árið 1994 í 0,6 prósent árið 2006 hjá fjölskyldu með tvö börn undir sjö ára aldri. Hann tók fleiri dæmi af mismunandi gerðum fjölskyldna og sagði tölur sýna skattalækkun í öllum tilvikum.

Árni sagði umræðu um stöðu og þróun skattleysismarkanna í meginatriðum byggða á sandi. Skattleysismörkin hefðu í ráðherratíð Jóhönnu árið 1994 lækkað úr 100 þúsund krónum í 88 þúsund krónur.

Pétur H. Blöndal þingmaður Sjálfstæðisflokksins minnti stjórnarandstæðinga á að þeir hefðu mótmælt skattalækkunum og spurði þá hvort þeir vildu hækkun eða lækkun skatta.

johannh@frettabladid.is


x2

**Reykvíkingar styðjum Gest Kr. í 2. sætið**

Prófkjörið er opið öllum íbúum Reykjavíkur án skráningar í Framsóknarflokkinn. Það munar um hvert atkvæði!
Þinn stuðningur skiptir máli!

Hringdu í Gest, **8458742** eða **5878742** hann vill heyra í þér!

www.gestur**INN**.is gestur**INN**@visir.is



Fiton/SÍA

# Alltaf í dagsbirtu



Krían ver lengri tíma í dagsbirtu en nokkur önnur dýrategund. Á sumrin heldur hún sig á norðurslóðum þar sem langur vinnudagur veitir henni tækifæri til veiða og til að rækta unga sína. Þegar dimmir hjá okkur flýgur krían lengst allra farfugla, oft 35.000 kílómetra á ári, til að nýta dagsbirtuna á suðurhveli jarðar. Hún er ekki stór, en einstaklega vinnusöm.

Svona viljum við líka vera. VBS er nýtt heiti Verðbréfastofunnar sem nú hefur fengið starfsleyfi fjárfestingarbanka frá Fjármálaeftirliti ríkisins. Við erum ekki stærsti fjárfestingarbanki landsins og við viljum ekki vera það. Við viljum bregðast hratt við þegar tækifærin gefast, vanda til verka og vaka yfir fjármunum viðskiptavina okkar. Við viljum veita vandaða og óháða ráðgjöf og eiga náið samstarf við trausta viðskiptavini, jafnt einstaklinga sem fyrirtæki og fagfjárfesta. Á þeim grunni hefur starfsemi okkar vaxið fiskur um hrygg og með fjárfestingarbankaleyfi VBS aukast möguleikar okkar til þess að þjóna þessum góða hópi og nýjum viðskiptavinum á fleiri sviðum.

Við viljum vera í birtunni.

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Sími: 570 1200
Fax: 570 1209

www.vbs.is
vbs@vbs.is

VBS
FJÁRFESTINGARBANKI




Einstakt tækifæri!

Viltu verða þolfimi- eða spinningkennari?
Inntökupróf í Hreyfingu laugardaginn 28. jan. kl. 14.00
Tilvalið tækifæri fyrir t.d. fimleikafólk, þolfimiiðkendur, dansara, áhugafólk um hjólreiðar ofl.

ÓKEYPIS NÁMSKEIÐ OG ÞJÁLFUN

Valdir verða aðilar úr hópi þátttakenda sem hljóta frítt þolfimikennaranámskeið og þjálfun í framhaldi.

Ekki missa af þessu! Láttu skrá þig núna í síma **414 4000** eða sendu nafn, kennitölu og símanúmer með tölvupósti hreyfing@hreyfing.is
Eina skilyrðið er að þú sért 20 ára eða eldri.

HREYFING
Faxafeni 14 414 4000 www.hreyfing.is


# Niðustaða fengin um ríkiserfðir í Kúveit:

# Þingið skipti um emír

**KÚVEIT, AP** Kúveitbúar vörpuðu öndinni léttar á miðvikudag eftir að niðurstaða fékkst um það hver taka myndi við sem emír.

Emírinn af Kúveit, Sjeik Jaber Al Ahmed Al Sabah, dó þann 15. janúar, og næstur að ríkiserfðum var Sjeik Abdúlla Al Sabah. Í fordæmislausri aðgerð ákvað Kúveitþing á þriðjudag að setja hann af, á þeim forsendum að hann væri ófær um að gegna embættinu af heilsufarsástæðum.

Forsætisráðherrann, Sjeik Sabah Al Ahmed Al Sabah, sem einnig er úr furstafjölskyldunni, var beðinn að taka við embættisskyldum emírs. ■


**NÝR EMÍR** Sjeik Sabah Al Ahmed Al Sabah, forsætisráðherra Kúveit, gengur í þingsal á miðvikudag er hann var útnefndur staðgengill emírs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**FRÁ STARFSVÆÐINU Í HAFRAHVAMMSGLJÚFRI** Banaslysið sem varð í gljúfrinu olli því að öryggismál á svæðinu voru endurskipulögð og hafa vinnuslys orðið fátíðari eftir að skerpt var á öryggismálum á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ákærur vegna banaslyss

**Héraðsdómur Austurlands tekur í dag fyrir mál fimma manna sem ákærðir eru fyrir brot á vinnuverndarlöggjöf, þegar ungur maður lést við Kárahnjúkasvæðið.**

**DÓMSMÁL** Fimm menn, tveir Íslendingar og þrír erlendir starfsmenn Landsvirkjunar, sem störfuðu við virkjunarframkvæmdirnar á Kárahnjúkasvæðinu eru ákærðir fyrir brot á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þeir voru allir yfirmenn manns sem lést þann 15. mars árið 2004 þegar hann var að merkja fyrir borun á bergvegg í Hafrahvammsgljúfri.

Einum mannanna fimm, þáverandi framkvæmdastjóra verktakafyrirtækisins Arnarfells, er gefið að sök að hafa vanrækt skyldu til að bregðast við bráðri hættu á vinnuslysum með því að senda tvo starfsmenn til vinnu í gljúfrinu, þó honum hafi verið kunnugt um mikla hættu á grjóthruni úr bergveggnum í gljúfrinu.

Fá fordæmi eru fyrir því hér á landi að starfsmenn fyrirtækja séu dæmdir til refsiábyrgðar fyrir brot af þessu tagi. En fyrirtæki hafa hins vegar verið dæmd til skaðabóta, án þess að einstakir starfsmenn séu látnir sæta ábyrgð.

Helgi Jensson, sýslufulltrúi á Seyðisfirði, segir málið að mörgu leyti einstakt og þar af leiðandi fordæmisgefandi. „Það hefur verið ákært fyrir brot á vinnuverndarlöggjöfinni áður og það hefur verið sakfellt fyrir þau brot. En málsatvik í þessu máli eru þess eðlis að málið á sér ekki mörg sambærileg dæmi og verður þannig fordæmisgefandi á sinn hátt.“

Samkvæmt vinnuverndarlöggjöfinni eru sektir hæsta mögulega refsing fyrir brot af þessu tagi og því mun enginn mannanna sem ákærðir eru, vera dæmdir til fangelsisvistar ef þeir verða fundnir sekir.

Töluverð umræða skapaðist í kjölfar slyssins um þær hættulegu aðstæður sem starfsfólk á Kárhnjúkasvæðinu vinnur við en að sögn Eyjólfs Sæmundssonar, forstjóra Vinnueftirlits ríkisins, hafa öryggismál á svæðinu nú verið endurskipulögð frá grunni. „Það var bönnuð öll vinna á svæðinu tímabundið og öryggismál í gljúfrinu voru endurskipulögð. Við höfum mikið eftirlit með aðstæðum á svæðinu og leggjum áherslu á innra eftirlit fyrirtækjana sem á svæðinu starfa. Kárahnjúkasvæðið er vissulega hættulegur vinnustaður og það er verið að gera margt sem skapar hættu eins og almennt er í verklegum framkvæmdum. En ég er sannfærður um að aðstæður starfsmanna hafa batnað mikið frá því þetta slys varð.“

magnush@frettabladid.is


NISSAN
PATROL LUXURY
SKIPT_um væntingar




ENDIST ENDALAUST

Nissan Patrol hefur löngu sannað sig sem einhver traustasti fjallajeppi sem völ er á. Hann tekur líka stöðugum framförum og fæst nú með 35" og 37" breytingu frá Arctic Trucks.

| Tegund | Verð |
| --- | --- |
| Patrol Luxury beinskiptur | 3.990.000,- |
| Patrol Luxury sjálfskiptur | 4.090.000,- |

Tilboð – 250.000,- kaupauki
33" dekk, stigbretti og dráttarbeisli að verðmæti 250.000 krónur.

Veiðikortið 2006 og árs aðild að 4x4 klúbbnum í kaupbæti!

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00
Fíton/SÍA

HYUNDAI Official Partner

www.hyundai.is

# Nýr og ferskur Getz

**Fullkomin uppskrift að stórum smábíl**

**Komdu á frumsýningu og fáðu smá smakk**

Opið frá kl. 12 til 16 alla helgina




Nýtt útlit
Nýjar vélar
Nýr búnaður

## Verð frá kr. 1.230.000

**Bílasamningur kr. 12.996 á mánuði***

**Opið frá klukkan 12 til 16 bæði laugardag og sunnudag.**
**Komdu og sjáðu hvernig góður bíll getur orðið ENN betri.**

B&L Með bílinn handa þér

Í tilefni af frumsýningunni fylgja vetrardekk öllum Hyundai bílum sem sérstakur kaupauki, aðeins þessa helgi.
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.*



**Santa Fe HM 2006**
Verð frá kr. 2.670.000
***Bílasamningur kr. 28.213****



**Tucson**
Verð frá kr. 2.320.000
***Bílasamningur kr. 24.515****



**Terracan HM 2006**
Verð frá kr. 3.650.000
***Bílasamningur kr. 38.568****



**Sonata**
Verð frá kr. 2.220.000
***Bílasamningur kr. 23.459****



**Trajet 7 manna**
Verð frá kr. 2.240.000
***Bílasamningur kr. 23.670****

*Bílasamningur: 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtur og gegni erlendra mynta.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



**HÁTÍÐARDAGUR** Indverskir hermenn ganga í skrúðgöngu með úlfalda sína á 56 ára afmæli indverska lýðveldisins í Nýju-Delí í gær. Indland varð lýðveldi árið 1950, þremur árum eftir að það fékk sjálfstæði frá Bretum árið 1947. NORDICPHOTOS/AFP

Háöldruð móðir Berlusconis, forsætisráðherra Ítalíu, í blaðaviðtali:

# Silvio nýtur ekki auðs síns

**ÍTALÍA, AP** Milljarðamæringurinn og fjölmiðlabaróninn Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, nýtur ekki auðs síns, er algjör vinnufíkill og gefur ráðherralaun sín til góðgerðarmála. Þetta fullyrðir að minnsta kosti móðir hans, sem veitti einu af dagblöðum Berlusconi-fjölskyldunnar viðtal í vikunni í tilefni af 95 ára afmæli sínu.

Í viðtalinu við Il Giornale, sem gefið er út í Mílanó, sagði Rosa Berlusconi ástæðurnar fyrir því hatri sem margir bæru í brjósti til hans helst að leita í ríkidæmi hans. „En hvers nýtur hann af auði sínum,“ spurði hún, og svaraði sjálf: „Einskis, alls ekki neins.“ „Hann gefur forsætisráðherralaunin til góðgerðarmála, hann lét gera upp Chigi-höll [embættissetur forsætisráðherrans í Róm] á eigin kostnað. (...) Hann vinnur myrkranna á milli og það eina sem hann fær í staðinn eru svívirðingar,“ er haft eftir frúnni.

Hún sagði að eins og allir sómakærir Ítalir hringi hann í móður sína að minnsta kosti einu sinni á dag. „Það getur verið klukkan níu að morgni eða á miðnætti; hann hringir til að vita hvernig ég hafi það.“ - aa



**SILVIO BERLUSCONI** Forsætisráðherrann nýtir nú hvert tækifæri til að koma fram í sjónvarpi þar sem nú styttist í kosningar. NORDICPHOTOS/AFP

Lóðum úthlutað í Hafnarfirði:

# 38 fótboltavellir undir verslanir

**SKIPULAGSMÁL** Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa úthlutað lóðum á svæðinu frá Krísuvíkurvegi meðfram Reykjanesbraut. Lóðirnar þekja 270 þúsund fermetra svæði eða sem nemur um 38 fótboltavöllum.

Á svæðinu er ráðgert að rísi atvinnu- og verslunarhúsnæði. Fyrirhugað er að stórmarkaðirnir Samkaup, Bónus og Europrís opni verslanir þarna og Byko verði með starfsemi auk bílaumboða og fleiri fyrirtækja.

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir að búast megi við mjög hraðri uppbyggingu á þessu svæði á næstu árum. -- ghs

Kona kærði uppsögn 3X-stál:

# Dómari féllst ekki á bætur

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Vestfjarða hefur sýknað fyrirtækið 3X-stál af skaðabótakröfu en fyrrverandi starfsmaður fyrirtækisins, sem starfað hafði við almenn skrifstofustörf, kærði fyrirtækið vegna ólögmætrar uppsagnar. Konan krafðist 540 þúsund króna í skaðabætur.

Dómari mat það svo að ekki hefði verið um ólögmæta uppsögn að ræða og því var 3X-stál sýknað af kröfu konunnar. - mh

Salamöndrumaðurinn lét greipar sópa vítt og breitt um Holland:

# Þóttist hafa týnt gæludýri

**AMSTERDAM, REUTERS** Hollenska lögreglan hefur handtekið þjóf sem komst inn í fjölda íbúða með því að vekja samúð húsráðenda með sögu um týnda salamöndru, hamstur eða eðlu. Vegna þessa hefur þjófurinn gengið undir nafninu Salamöndrumaðurinn að undanförnu.

Þjófurinn, sem er 33 ára gamall heimilislaus karlmaður, hefur viðurkennt að hafa með þessum hætti komist inn á sextíu heimili vítt og breitt um Holland.

Hann viðurkenndi fyrir lögreglu að hafa stolið peningaveskjum, reiðufé og innanstokksmunum á meðan hann þóttist vera að leita að týnda gæludýrinu sínu. Við leit í bíl mannsins fundust níu galtóm peningaveski. - smk



**SALAMANDRA** Þjófurinn fékk að fara inn til fólks til að leita að týndri salamöndru sem hann sagði vera gæludýrið sitt.



**GRUNAÐUR RAÐMORÐINGI** Juana Barraza líkist óneitanlega myndinni sem lögregla lét gera af raðmorðingjanum.

Kona grunuð um raðmorð:

# Myrðir eldri konur í Mexíkó

**MEXÍKÓ, AP** Mexíkóska lögreglan handtók á miðvikudag 48 ára gamla konu sem grunuð er um að hafa myrt átta gamlar konur og gæti tengst 22 öðrum morðum í Mexíkóborg síðan árið 2003.

Juana Barraza var gripin þegar hún reyndi að flýja frá morðstað. Hún stóð fyrir utan húsið umkringd blaðamönnum og lögreglu og viðurkenndi að hafa myrt 82 ára gamlan íbúa hússins, en hélt því jafnframt fram að þetta væri fyrsta morðið sitt.

Raðmorðingjans hafði lengi verið leitað, en talið var að um klæðskipting væri að ræða. Lögreglan segist hafa nægar sannanir til að tengja Barraza við minnst 11 morð. - smk

## LÖGREGLUFRÉTT

**Festist í snigli** Starfsmaður fiskvinnslufyrirtækis í Sandgerði, sem var einn við vinnu í fyrrakvöld, slasaðist alvarlega á fæti. Manninum skrikaði fótur og lenti ofan í snigli með þeim afleiðingum að hann missti nokkrar tær áður en hann reif sig lausan. Maðurinn var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild Landspítalans þar sem hann gekkst undir aðgerð.




Virkjum velferðina
– í þágu allra
– til að auka jöfnuð í Reykjavík
– til að fólk geti búið við öryggi
– til að samfélagið njóti góðs af

3 veljum BJÖRK í 3.–4. sæti

www.bjorkv.is

Kosningaskrifstofa á Skólavörðuholtinu
Lokastíg 28, sími 551 2859, bjork@reykjavik.is, opið kl. 15-19.
Opið prófkjör Samfylkingarinnar og óháðra 11.–12. febrúar 2006.

LEGACY

SYMMETRICAL AWD

ALLIR VEGIR FÆRIR



Nýr Subaru Legacy er ennþá stærri og sterkari en áður. Samt er hann sígildur Subaru með sítengt aldrif (Symmetrical AWD), Boxer vél og einstaka aksturseiginleika. Þeir sem átt hafa Subaru vita hvað við erum að tala um, enda koma þeir aftur og aftur. Við bjóðum eigendur annarra tegunda velkomna í hóp Subaru-eigenda!

| Tegund | | Verð |
|---|---|---|
| LEGACY Sedan | beinsk. | 2.210.000,- |
| LEGACY Sedan | sjálfsk. | 2.440.000,- |
| LEGACY Wagon | beinsk. | 2.390.000,- |
| LEGACY Wagon | sjálfsk. | 2.590.000,- |

www.subaru.is SUBARU MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Fíton/SÍA

# Tilboð á útsöluvörum

## Nú eru allar útsöluvörur með a.m.k. 50% afslætti

# 2 fyrir 1

**Af allri útsöluvöru – greitt er fyrir dýrari vöruna**

| Fullt verð fyrsta flík | | | Fullt verð önnur flík | | | Fullt verð samtals | Þú BORGAR f. BÁÐAR flíkur | Þú SPARAR | Samtals afsláttur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.990 kr. | -50% | 995 kr. | 2.990 kr. | -50% | 1.495 kr. | 4.980 kr. | **1.495** kr. | 3.485 kr. | -70% |
| 2.990 kr. | -50% | 1.495 kr. | 2.990 kr. | -50% | 1.495 kr. | 5.980 kr. | **1.495** kr. | 4.485 kr. | -75% |
| 3.490 kr. | -50% | 1.745 kr. | 5.990 kr. | -50% | 2.995 kr. | 9.480 kr. | **2.995** kr. | 6.485 kr. | -68% |
| 4.490 kr. | -50% | 2.245 kr. | 6.990 kr. | -50% | 3.495 kr. | 11.480 kr. | **3.495** kr. | 7.985 kr. | -70% |
| 5.490 kr. | -50% | 2.745 kr. | 8.990 kr. | -50% | 4.495 kr. | 14.480 kr. | **4.495** kr. | 9.985 kr. | -69% |



DEBENHAMS

SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 31110 01/2006


BÓNUS
Kíktu á verðið
EKKERT BRUDL
-það borgar sig!
TANNKREM
98
125 ml
KR.
HVERSDAGSVERÐ
Á EUROSHOPPER VÖRUM
SVITAKREM
98
50 ml
KR.
Tannkrem, handsápur, svitakrem
Nýtt!
EURO SHOPPER
HANDSÁPA
98
500 ml
KR.
Uppþvottalögur, uppþvottavéladuft
UPPÞVOTTALÖGUR
129
1 LÍTRI
KR.
Þvottaefni, mýkingarefni
Nýtt!
EURO SHOPPER
MÝKINGAREFNI
129
2 LÍTRAR
KR.
EURO SHOPPER
Tilboð í viku 4
gilda til
sunnudags
29. jan eða á
meðan birgðir
endast
Hér koma svo
Beinlausar helgarsteikur með sósu
ÍSLANDS GRÍS
GRÍSASTEIK
HELGARSTEIK FRÁ ÍSLANDSGRÍS
1199
KR.
Merkt verð 1499KR.
FROSIÐ KS
LAMBALÆRI
KS lambalæri
898
kg KR.
HELGARSTEIK ÚR LAMBALÆRI
1599
kg KR.
Merkt verð 1999KR.
ÍSLANDS LAMB
LAMBASTEIK
ÚR LAMBALÆRI
HELGARSTEIK ÚR LAMBALÆRI
I. flokks
frosið KS
súpukjöt
I. fl. frosið KS súpukjöt
398
kg KR.
...fyrir góðan dag!
KS
3 BRINGUR
3 LEGGIR
3 VÆNGIR
Lúxus Bónus
kjúklingablanda
FERSKAR FRÁ ALI
979
kg KR.
30% AFSL. VIÐ KASSANN
MERKT VERÐ 1398KR.
SVÍNAKJÖT
Lúxus Bónus kjúklingablanda
899
kg KR.
MERKT VERÐ 1199KR.
30%
afsláttur
við kassann
Vörur sem vit er í!
HUNDA- OG KATTAMATUR
Paté
HVERSDAGSVERÐ
Á EUROSHOPPER VÖRUM
HUNDAMATUR
79
300g dós
KR.
KATTAMATUR
29
100g dós
KR.
ERAN/Landlist


Bónustilboðin
EKKERT BRUÐL
Svínahakkið og svínagúllasið frá BEZT
SVÍNAHAKK eða GÚLLAS
799 kg KR.
Bezt
Svínahakk
HVERSDAGSVERÐ
Á EUROSHOPPER VÖRUM
EUROSHOPPER SNAKK
98 KR.
200 GRÖMM
Chips
Paprika
200g
LÚÐA er hátíðarmatur!
FROSNIR LÚÐUBITAR
998 KR.
ÍSINN KLIKKAR EKKI!
Vivana
900 ml box
129 KR.
Chocolate
Vivana
Vanilla
Tómatpúrra
200g
TÓMATPÚRRA
39
200g KR.
Tomatpure
Tomato paste
Bakaðar baunir
BAKAÐAR BAUNIR
29
400g dós KR.
Sinnep 500g
MILT SINNEP
79
500g KR.
GOSTILBOÐ VIKUNNAR
Kauptu 4 og fáðu 6!
PEPSI MAX
+2
ÞÚ KAUPIR 4 EN FÆRÐ 6
Nú er Hunt's
tómatsósa í kaupbæti
með Bónuspylsunum!
397g
BÓNUS
Hunt's Ketchup
EKKERT BRUÐL
Crunchy muesli
EUROSHOPPER MARSIPANBRAUÐ - gerir kaffið betra...
MARSÍPANBRAUÐ
179 KR.
6 Í PAKKA
Big battenbergs
TEKEX
39 KR.
200g pakki
Cream cracker
MÚSLÍ
98
454g KR.
www.bonus.is
BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

*Taktíkin alveg á hreinu*

**„Þeir mega ekki ná tökum á leiknum.“**

VIGGÓ SIGURÐSSON HANDBOLTALANDSLIÐSÞJÁLFARI UM SERBA/SVARTFELLINGA Í FRÉTTABLAÐINU.

*Vita vátryggjendur af þessu?*

**„Staðreyndin er sú að það er hörð samkeppni á íslenska markaðinum og verð hefur lækkað.“**

FINNUR INGÓLFSSON FORSTJÓRI VÍS Í MORGUNBLAÐINU.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐNI TH. JÓHANNESSON, FORMAÐUR SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS

## *Vildi Snæfríði en fékk Afródítu*



„Við vorum að fá lítinn kettling á heimilið og það ríkir mikil ánægja með það hjá öllum,“ segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Hann er snjóhvítur og hefur verið skírður því göfuga nafni Afródíta, en það var Rut dóttir mín sem fékk að ráða nafninu. Mér datt sjálfum í hug að skíra hann Snæfríður Íslandssól, með tilliti til litarins, en það er líka gott að fá ástargyðju inn á heimilið.“

Greinilegt er að mikið er um að vera hjá Guðna heima við en það er líka mikið að gera hjá honum á öðrum vettvangi. „Mikið stendur til hjá Sagnfræðingafélaginu og fjörið byrjar næsta miðvikudagskvöld. Árlegur bókafundur félagsins verður þá haldinn og fræðibækur þriggja höfunda verða teknar fyrir. Það er bók Guðjóns Friðrikssonar um Hannes Hafstein, bókin hennar Hrafnhildar Schram um konur í íslenskri myndlist og bók Sigurðar Gylfa Magnússonar um sjálfsævisögur. Mikil fræðaráðstefna er framundan um dægur- og poppmenningu Íslendinga og áhrif varnarliðsins og Bandaríkjamanna á hana. Ráðstefnan verður haldin í Reykjanesbæ þann 4. mars næstkomandi og ber yfirskriftina Gaman er að koma í Keflavík. Þetta er sagan um innreið rokksins hér á landi og ætti að vekja athygli margra.“

Guðni er stundakennari við Háskóla Íslands þar sem hann kennir bæði íslenskum og erlendum stúdentum, en hann sinnir einnig fræðibókastörfum. „Ég sendi frá mér bókina Völundarhús valdsins fyrir jólin þar sem ég rannsaka stöðu forseta Íslands í forsetatíð Kristjáns Eldjárns. Ég hygg á frekari skriftir á næstunni og þar á meðal er ég byrjaður að kynna mér ævi Gunnars Thoroddsens.“ Blaðamanni finnst nóg um annir Guðna en í hans huga er málið einfalt: „Það er bara svo gaman að skrifa bækur að maður byrjar á næsta verki um leið og því sem á undan kom er lokið.“

Skákþing Reykjavíkur:

## Stefnir í sigur Stefáns

Stefán Kristjánsson hefur góða stöðu á Skákþingi Reykjavíkur - Skeljungsmótinu fyrir lokaumferðina. Hann hefur eins vinnings forskot á næsta mann eftir sigur á Sigurði Páli Steindórssyni í næst síðustu umferð. Bragi Þorfinnsson, sem er í öðru sæti, lagði Sævar Bjarnason í áttundu umferð.

Níunda og síðasta umferð mótsins verður tefld í kvöld. Teflt er í félagsheimili Taflfélags Reykjavíkur við Faxafen og setjast menn að tafli klukkan 19.

Sigurvegarinn hlýtur að launum 100 þúsund krónur og að auki nafnbótina Skákmeistari Reykjavíkur 2006.



**STAÐA EFSTU MANNA**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Stefán Kristjánsson | 7.5 |
| 2 | Bragi Þorfinnsson | 6.5 |
| 3 | Jón Viktor Gunnarsson | 6 |

# Tæra Ísland í Lundúnum

**Hverir, jöklar, hvalir, rekaviður, hraungos, mosi, stjörnur og norðurljós blasa við gestum Íslandskynningar sem nú stendur yfir í Vísindasafninu í Lundúnum. Áætlað er að gestir kynningarinnar skipti hundruðum þúsunda á næstu mánuðum.**



**TÆRA ÍSLAND** Hraungos með tilheyrandi nið og drunum blasir við í þessu rými kynningarinnar. Í lofti blika stjörnur og norðurljósin dansa en gólfið minnir á mosa. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN MAGNÚSSON

Íslandskynningin hófst á föstudaginn í síðustu viku og stendur til aprílloka. Áhersla er lögð á að kynna íslenska náttúru, tækni og vísindi, líkt og gert var á Heimssýningunum í Lissabon 1998 og Hannover 2000 sem og á sérstakri Íslandskynningu í París árið 2004.

Fjölmörg íslensk fyrirtæki styrkja kynninguna og annaðist verkfræðifyrirtækið Línuhönnun uppsetningu. Fjölmargir komu að verkinu en Árni Páll Jóhannsson hönnuður vann grunnhugmynd kynningarinnar líkt og í París.

Áhersla er lögð á einfaldleika og fegurð, kyrrð að hluta og hljóðþunga að hluta. Leikarar á vegum Vesturports miðla upplýsingum með leikrænni tjáningu og einnig er margmiðlunartæknin nýtt til hins ítrasta.

Þegar komið er í salarkynni Íslandskynningarinnar er fyrst gengið fram hjá bullandi leirhver. Gríðarstórar lifandi myndir eru á hvítum veggjum, meðal annars af jökulkrýndri hafsýn til lands og syndandi hvölum, ásamt upplýsingum um hafrannsóknir og íslenska jökla. Á gólfi eru rekaviðarbolir til að sitja á. Algjör kyrrð ríkir í þessum sal.

Því næst er gengið inn í rými þar sem leikarar koma fram. Á gólfi er mjúkur, grænklæddur svampur, eins og mosateppi. Í svörtu lofti blika stjörnur og norðurljós flökta en á vegg andspænis inngangi drynur hraungos með þungum nið.

Leikararnir segja frá vatnsorku, jarðhita, vetnisverkefni, hafsvæði Íslands, eldvirkni, landreki og erfðafræðirannsóknum.

Í þriðja rýminu eru svo margmiðlunartölvur til frekari fróðleiksöflunar og á veggjum eru tilvitnanir úr Hávamálum.

Miklar framkvæmdir búa að baki kynningunni og má nefna að yfir tíu tonn af gifsplötum voru notuð til verksins. ■




Brúarásskóli á Fljótsdalshéraði:

## Bæjarbörnin sækja skóla í sveitina

**SKÓLAMÁL** „Síðasta haust setti ég auglýsingu í héraðsblað um að laus væru pláss hér í skólanum og það gleðilega gerðist að nú eru hér fjórir nemendur frá Egilsstöðum,“ segir Magnús Sæmundsson, skólastjóri Brúarásskóla, sem er grunnskóli á norðanverðu Fljótsdalshéraði, tuttugu og tveimur kílómetrum frá Egilsstöðum.

„Það er sérlega ánægjulegt að foreldrar og börn skyldu taka þá ákvörðun, eftir að hafa kynnt sér störf og stefnu skólans, að börnin kæmu þessa leið frá Egilsstöðum til að stunda nám hér,“ segir Magnús. „Miðað við þær undirtektir sem við höfum fengið vona ég að yfirvöld beri gæfu til þess að halda þeim kosti opnum fyrir krakka úr þéttbýli að sækja skóla í dreifbýli,“ bætir hann við.

32 nemendur eru í skólanum og koma þeir flestir frá nærliggjandi bæjum, en þó þurfa nokkrir nemendur að fara rúma 40 kílómetra leið í skólann.

Í skólanum er lögð rík áhersla á verk- og listgreinar sem og hreyfingu. Ennfremur rækta krakkarnir grænmeti í skólagörðum þegar frost fer úr jörðu. „Við leyfum okkur að hafa sérstöðu, þótt við lútum aðalnámsskrá,“ segir Magnús. - jse



**MAGNÚS SÆMUNDSSON SKÓLASTJÓRI Í BRÚARÁSSKÓLA** Magnús vonar að yfirvöld haldi þeim valkosti opnum fyrir börn í stærri byggðarlögum að sækja skóla í sveitum landsins.



**FRÁ ÁLFTANESI** 75 prósent þátttakenda í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í bænum eru stjórar af einhverju tagi.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:

## Stjórar vilja í stjórn Álftaness

Sex af átta þátttakendum í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Álftanesi eru stjórar af einhverju tagi. Hefur annað eins hlutfall stjóra ekki sést í prófkjörum til þessa.

Í prófkjörinu taka þátt bæjarstjóri, deildarstjóri, framkvæmdastjóri, skólastjóri, útibússtjóri og verkefnisstjóri. Þátttakendurnir sem ekki eru stjórar eru flugvirki og kennari.

Til samanburðar má nefna að í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík taka ellefu þátt og aðeins tveir eru stjórar.

Stjórar eru líka áberandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Akureyri. Sjö slíkir taka þátt og raunar tveir sem er fyrrverandi stjórar. Nyrðra taka þó tuttugu þátt í prófkjörinu og hlutfall stjóranna því ekki nándar nærri jafn hátt og á Álftanesi. ■


Nettó slær öllu við
-með betra verði
149 kr.kg
Íslandsfugl kjúklingavængir
389 kr.kg
Íslandsfugl kjúklingalæri
99kr.kg ódýrt saltkjöt
heimboð í vöfflur og kökur
Náttúra
VÖFFLUR
50% afsláttur við kassa
129 kr.stk
Coop sultur
X-tra
99 kr.pk
Hvítlauksbrauð 2 stk.
nýtt!
CRESCENDO
RISING CRUST PIZZA
McCain Rising Crust Pizza
Pizza croûte maison
DELUXE
129 kr.pk
Franskar heilt kíló
129 kr.pk
Blómkálsblanda heilt kíló
199 kr.stk
Myllu skúffukaka
200kr. afsláttur af hverri pizzu!
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 26. -29. janúar eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

## Svona erum við

> Úrslit sveitarstjórnarkosninga í Reykjavík 2002




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FORINGINN:** HALLDÓR ÁSGRÍMSSON

## Raunhæft að ná inn tveimur mönnum



Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins, vonast til að Framsóknarflokknum takist að ná inn tveimur mönnum í borgarstjórn í kosningunum í vor. „Það er mín von að þátttakan í prófkjöri flokksins um helgina verði góð. Framsóknarflokkurinn hefur verið hluti af R-listanum í meira en áratug og það hefur meðal annars orðið til þess að flokkurinn hefur ekki verið nægilega sýnilegur í Reykjavík. Ég tel að það sé raunhæft markmið að flokkurinn fái tvo menn í borgarstjórn í kosningunum í vor.“ Innan Reykjavíkurlistans hefur Framsóknarflokkurinn haft tvo borgarfulltrúa, annars vegar Alfreð Þorsteinsson og hins vegar Önnu Kristjánsdóttur.

Halldór er sannfærður um að flokkurinn geti náð tveimur mönnum inn og haldið sinni stöðu, þrátt fyrir að skoðanakannanir um fylgi flokksins í borginni sýni frekar dræma stöðu flokksins í Reykjavík. „Þrátt fyrir að Framsóknarflokkurinn hafi ekki mælst nægilega vel í skoðanakönnunum þá er ég viss um að flokkurinn muni koma mun betur út í kosningunum. Við höfum áður komið frekar illa út í skoðanakönnunum en svo hefur niðurstaðan oftar en ekki orðið önnur.“

Kastljósið hefur að beinst að þeim sem taka þátt í prófkjöri flokksins og hefur töluverð umræða verið um málefni sem frambjóðendur hafa fram að færa í kjörinu. „Ég fagna því þegar kastljósið er á Framsóknarflokknum. Mér finnst allir frambjóðendur flokksins hafa verið virkir í umræðum á borgarmálin og þeir hafa haft margt fram að færa.“

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins í Norðvestur kjördæmi, skrifaði pistil um það að flokksforysta Framsóknarflokksins stæði á bak við Björn Inga Hrafnsson. Halldór Ásgrímsson gefur lítið fyrir þessar skoðanir Kristins segir skoðanir hans ekki eiga við rök að styðjast. „Þetta er ekki rétt,“ sagði Halldór og tjáði sig ekki um málið að öðru leyti.

## REGLUR PRÓFKJÖRSINS

Prófkjör Framsóknarflokksins vegna borgarstjórnarkosninga 27. maí í vor fer fram á morgun laugardag og þar verður valið í sex efstu sæti framboðslista flokksins. Kosið verður í anddyri Laugardalshallar frá klukkan 10-18 en jafnframt er hægt að greiða atkvæði utan kjörfundar á skrifstofu Framsóknarflokksins að Hverfisgötu 33 (2. hæð) til klukkan 17 í dag.

Rétt til þátttöku í prófkjörinu eiga allir félagar í framsóknarfélögunum í Reykjavík ásamt öllum þeim Reykvíkingum sem skrifa undir yfirlýsingu þess efnis, að þeir aðhyllist stefnu Framsóknarflokksins í Reykjavík. Allir þátttakendur skulu hafa náð 18 ára aldri á kjördegi til sveitarstjórnarkosninga 2006, (það er vera fæddir 27. maí 1988 eða fyrr).

Samkvæmt prófkjörsreglum er um bindandi kosningu að ræða í tvö efstu sætin en leiðbeinandi kosning í þau fjögur næstu. Reglur kveða jafnframt á um jafnt kynjahlutfall í fjögur efstu sætin, þannig að verði tveir karlar í tveimur efstu sætunum verða tvær konur að skipa sæti þrjú og fjögur.

Talning atkvæða í prófkjörinu hefst um klukkan tvö á morgun og er gert ráð fyrir að fyrstu tölur verði birtar fljótlega eftir að kjörfundi lýkur klukkan sex síðdegis. Síðan verða birtar nýjar tölur með jöfnu millibili þar til úrslit liggja fyrir.

### FRAMBJÓÐENDUR Í PRÓFKJÖRI FRAMSÓKNARFLOKKSINS Í REYKJAVÍK

| | |
|---|---|
| **1. sæti** | Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi<br>Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra<br>Óskar Bergsson húsasmíðameistari |
| **2. sæti** | Marsibil J. Sæmundsdóttir, varaborgarfulltrúi og framkvæmdastjóri |
| **2.-3. sæti** | Gestur Kr. Gestsson, sölufulltrúi og flutningaráðgjafi |
| **2.-4. sæti** | Ásrún Kristjánsdóttir hönnuður<br>Gerður Hauksdóttir þjónustufulltrúi |
| **2.-6. sæti** | Hjörtur Gíslason, sölu- og markaðsstjóri |
| **3. sæti** | Gestur Guðjónsson umhverfisverkfræðingur |
| **3.-6. sæti** | Brynjar Fransson, löggiltur fasteigna- og skipasali |
| **5.-6. sæti** | Elsa Ófeigsdóttir bókari |


Birta er komin út!

Strákarnir í Ampop

Góðir hlutir gerast hægt



Skírn Kristjáns Danaprins
Konukvöld Létt
Heimalagað músli
Öflugasta sjónvarpsdagskráin

birta
MEST LESNA TÍMARIT LANDSINS


# Barátta um forystuna

**Ekki er laust við að nokkur titringur sé innan raða framsóknarmanna í Reykjavík fyrir prófkjör flokksins á morgun. Líkt og aðrir flokkar sem staðið hafa að R-listanum undanfarin kjörtímabil hefur flokkurinn ekki efnt til opins prófkjörs í sínu nafni um alllangt skeið. Síðasta opna prófkjör flokksins í höfuðborginni fór fram árið 1978.**



**FRÁ FLOKKSÞINGI FRAMSÓKNARFLOKKSINS** Hart verður tekist á um efsta sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík í prófkjöri á morgun. Skoðanakannanir sýna að flokkurinn á undir högg að sækja í kjördæmi formannsins Halldórs Ásgrímssonar og ekki víst að efsti maður á lista nái sæti í borgarstjórn.

Alls eru það ellefu manns sem gefa kost á sér í prófkjörinu, sex karlar og fimm konur, en tekist er á um sex sæti á listanum. Sjónir manna beinast nær eingöngu að baráttunni um efsta sætið enda ólíklegt að flokkurinn fái meira en einn mann kjörinn miðað við gengi í skoðanakönnunum. Þrír frambjóðendur sækjast eftir fyrsta sætinu: Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra og varaþingmaður, Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi og Óskar Bergsson varaborgarfulltrúi.

Fyrirfram er gert ráð fyrir að baráttan standi aðallega á milli Björns Inga og Önnu en Óskar er meira óskrifað blað þó að hann hafi starfað lengi innan flokksins og eigi trúlega traust fylgi meðal gamalgróinna flokksmanna.

Björn Ingi á hinn bóginn virðist njóta traust flokkseigendafélagsins eins og Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður kallar það, en það eru helstu áhrifamenn í forystu flokksins með forsætisráðherrann Halldór Ásgrímsson í broddi fylkingar. Hann hefur þó vel að merkja ekki lýst opinberlega yfir stuðningi við Björn Inga en styður hann án nokkurs vafa; í raun væri allt annað óeðlilegt miðað við náið samstarf þeirra tveggja.

Anna kemur líkt og Óskar úr grasrót flokksins. Hún er dóttir Kristins Finnbogasonar sem var einn valdamesti maður flokksins í Reykjavík áratugum saman. Hún starfaði meðal annars á skrifstofu flokksins um langt skeið og þekkir því innviði hans betur en margur annar. Má því búast við að hún sæki fylgi sitt að stórum hluta í sama hóp og Óskar, gamla trausta flokksmenn, auk þess sem hún á vafalaust góðan stuðning kvenna í flokknum.

Annars er það kannski fjórði maðurinn í þessu spili sem ræður mestu um úrslitin en það er fráfarandi foringi flokksins í borginni til margra áratuga, Alfreð Þorsteinsson. Hann hefur ekki viljað lýsa yfir opinberum stuðningi við neitt þeirra sem sækjast eftir efsta sætinu. Hann getur hins vegar nánast ráðið því hver tekur við af honum með því að láta boð út ganga meðal síns fólks um hvern á að styðja. En allt kemur þetta í ljós annað kvöld.

ssal@frettabladid.is

### Anna Kristinsdóttir: Íþrótta- og æskulýðsmál



Anna Kristinsdóttir hefur gegnt starfi borgarfulltrúa R-listans á yfirstandandi kjörtímabili og á að baki langt starf innan Framsóknarflokksins. „Í þessari kosningabaráttu hef ég einkum lagt áherslu á íþrótta- og æskulýðsmál. Ég vil taka upp beingreiðslur til að tryggja jafnan möguleika allra barna og ungmenna til þátttöku í slíku starfi. Fyrsta skrefið í þessa veru hefur verið tekið með 100 milljóna greiðslu á næsta ári á fjárhagsáætlun ÍTR en nauðsynlegt er að leggja enn meira fé til þessa málaflokks,“ segir Anna og bætir því við að hún vilji jafnframt útfæra frístundaheimilin í átt að hugmyndafræði heilsdagsskóla sem unnið hefur verið að á liðnum misserum.

Málefni fatlaðra og aldraðra lætur hún líka til sín taka. „Ég vil að þjónusta við fatlaða og aldraða færist yfir til sveitarfélaganna. Það er nauðsynlegt til að tryggja betri þjónustu og einfaldari við þessa tvo hópa,“ segir hún.

Loks nefnir hún samgöngumálin. „Það þarf að ná sátt um legu Sundabrautar og leggja hana í einum áfanga. Enn fremur þarf nauðsynlega að koma Öskjuhlíðargöngum á vegaáætlun.“

### Björn Ingi Hrafnsson: Fjölskyldumál í víðu samhengi



Björn Ingi Hrafnsson er aðstoðarmaður forsætisráðherra og varaþingmaður. Hann nefnir fjölskyldumál, öryggismál og skipulagsmál sem meginmálaflokka sína. „Fjölskyldumálin vil ég skoða allt frá sjónarhóli barnafjölskyldna til eldri borgara og ég hef kynnt ýmsar hugmyndir í þessum efnum, til dæmis 50 þúsund króna heimagreiðslu til foreldra barna sem eru níu til átján mánaða gömul,“ segir Björn Ingi. Greiðsluna sér hann sem leið til að brúa bilið frá fæðingarorlofi þar til leikskólinn hefst og fólk á að geta valið hvort það fær afa og ömmu til að létta undir eða leitar til dagforeldra. Þá vill Björn styrkja börn og ungmenni á aldrinum fimm til 18 ára um 40 þúsund á ári til íþrótta- og tómstundastarfs. „Hagsmunir borgarinnar felast í öflugri lýðheilsu borgarbúa og þróttmiklu starfi íþróttafélaga og félagasamtaka,“ segir Björn.

Hann vill einnig efla löggæslu í miðborginni, sérstaklega um helgar. „Það þarf að gera lögregluna sýnilegri og gera átak í baráttunni gegn eiturlyfjum. Reykjavík á að vera örugg borg og við eigum ekki að þurfa að óttast um börnin okkar.“

### Óskar Bergsson: Skóla- og skipulagsmál



Óskar Bergsson húsasmíðameistari er varaborgarfulltrúi R-listans á yfirstandandi kjörtímabili og hefur starfað innan Framsóknarflokksins um langt árabil. „Ég legg fyrst og fremst áherslu á að frístundanám eins og íþróttir og tónlist fari inn í grunnskólann vegna þess að eftir að skólarnir voru einsetnir hefur skóladagur barnanna lengst,“ segir Óskar.

Í skipulagsmálum leggur hann áherslu á nægt framboð byggingarlóða og í samgöngumálum vill hann setja Sundabraut í göng um svokallaða ytri leið. „Þetta er þannig útfært að göngin byrja á gatnamótum Sæbrautar og Kringlumýrarbrautar og koma upp við Gufunes,“ segir Óskar og bendir á að með þessu leysist líka ýmis vandi vegna umferðarálags í Kleppsholti og Vogahverfi auk þess sem þetta tengir Sundabrautina betur við miðborgina.

Öldrunarmál eru líka á forgangslista Óskars en þar leggur hann áherslu á að aldraðir fái að njóta einkalífs á dvalarheimilum og þurfi ekki að deila herbergi með öðrum. „Það er einfaldlega ekki boðlegt að búa ekki betur að öldruðum.“



# Hágæða múrvörur fyrir allar aðstæður

Múrbúðin býður aðeins viðurkenndar gæða múrvörur, meðal annars frá **Maxit**, stærsta múrvöruframleiðanda í Evrópu.



**Maxit Rep 980**
steiningarlím/þunnmúr



**Maxit IP22**
gifs sprautumúr



**Maxit IP 18**
sprautumúr, inni



**Maxit IP 14**
sprautumúr, úti



**Maxit EXM 702**
Þunnfljótandi þanmúr. Undir vélar og stöpla



**Deka Fyllir**
þanmúr undir vélar og stöpla



**Deka Fiber**
firnasterkur trefjastyrktur múr



**Herkulit**
Gólfhersluefni



**Deka Hrað**
hraðharðnandi viðgerðarblanda



**Deka Plug**
vatnsþéttimúr
Stoppar rennandi vatn á nokkrum sek.



**Deka Grip**
þanmúr fyrir boltagöt o.fl.



**Grov Betong**
Gróf múrblanda fyrir allar viðgerðir



**Deka Akryl**
alhliða akrylgrunnur

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM




**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



# landslag

*fólkið í landinu*

ATVINNUREKANDINN: SÆSILFUR

## Gott efni í Gísla á Uppsölum

Á gömlu verbúðinni Sólbrekku í Brekkuþorpi búa nokkrir af starfsmönnum Sæsilfurs, en það fyrirtæki hefur verið mikið til umræðu eftir að tilkynnt var að það myndi hætta laxaframleiðslu í Mjóafirði árið 2008. Blaðamaður þáði kaffi í Sólbrekku og spjallaði við nokkra starfsmenn sem þar búa.

„Þetta er náttúrlega svolítið undarlegt líf að búa á svona afskekktum stað,“ segir Ólafur Logi Árnason bátsmaður. „Hér er ófært lungann úr vetrinum og svo eru bátsferðir til Norðfjarðar tvisvar í viku. Reyndar erum við miklir veiðimenn og notum frítímann þegar við komumst ekki héðan til þess að fara á skytterí eða rennum fyrir fisk.“ Sigurður Kári Jónsson kafari sér strax spaugilegu hliðina á þessu.



KRISTJÁN KRISTJÁNSSON OG ÓLAFUR LOGI ÁRNASON

„Við erum að verða svona safnarar og veiðimenn,“ skýtur hann að kíminn. „Nei, ég segi það ekki en við erum ágætis efni í Gísla á Uppsölum,“ bætir hann svo við.

Kristján Kristjánsson, innkaupastjóri hjá Sæsilfri, segir að þeir hafi ekki hugsað út í það hvað þeir muni gera þegar laxaframleiðslunni verður hætt. „Þetta kom flatt upp á okkur og við vitum í raun ekki neitt ennþá, okkur hefur að minnsta kosti ekki verið sagt upp.“ Hann er fæddur og alinn upp í borginni en eftir að hann kynntist lífinu í dreifbýlinu getur hann vart hugsað sér að fara aftur til Reykjavíkur. Þeir þremenningar fara svo að segja af sér hrakfallasögur úr síðustu Reykjavíkurferð og blaðamaður hugsar með sér að eflaust séu þeir betur settir í Mjóafirði.

### STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



## Mjóifjörður

**Íbúafjöldi í desember 2005:** 42
**Íbúafjöldi í desember 1991:** 38
**Íbúafjöldi í desember 1950:** 161

**Helstu atvinnufyrirtæki:**
Laxeldisstöðin Sæsilfur,
Fiskverkun Sigfúsar og Páls,
Anný, siglingar milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar
Fiskverkunin Haförn, aðallega í grásleppuverkun

**Skóli:** Grunnskóli Mjóafjarðar, nú eru þar þrír nemendur

**Vegalengd frá Reykjavík:**
677 km farið um Norðurland
695 km farið um Suðurland.

# Allir gætu farið nema Anna

**Mjóafjarðarheiðin er snjóþung og vegir í dalsbotninum flughálir þegar Jón Sigurður Eyjólfsson rennur skelkaður á jeppanum niður í Mjóafjörð. En sjórinn er lygn og speglar marglitan himininn svo ökumaðurinn er fljótur að gleyma hremmingunum á heiðinni þegar komið er í þennan fallega fjörð.**

Það er undarlegt til þess að hugsa að þetta litla samfélag í Mjóafirði er mitt á milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar og rétt rúmlega 40 kílómetrum frá Egilsstöðum. Blaðamanni finnst sem hann hljóti að vera svo fjarri samfélagi mannanna; jafnvel í öðrum heimi. Fjörðurinn mjói er undurfagur að líta ofan af heiðinni og ekki tekur verra við þegar komið er niður að sjávarsíðunni þar sem fjöllin virðast þjarma að manni. Rúsínan í pylsuendanum eru svo íbúarnir sjálfir sem eru hreinir, beinir og glaðbeittir þó þungan undirtón megi merkja hjá þeim um þessar mundir.

Fyrirhugað er að laxeldisstöð Sæsilfurs í firðinum leggi niður starfsemi sína árið 2008 og hefur fjórum af ellefu starfsmönnum þegar verið sagt upp. Það er því engin furða þó að íbúarnir, sem eru um 40 talsins, óttist um framtíð byggðarinnar.



**BREKKUÞORP Í MJÓAFIRÐI** Hjarta Mjóafjarðar slær í Brekkuþorpi en þar búa flestir íbúanna í hreppnum. Það hjarta slær þó ekki ört og spá því margir að það stöðvist alveg fari sem horfi í málefnum Mjóafjarðarhrepps.

Fyrsti bærinn sem að er komið er Hesteyri, en þar býr Anna Guðmundsdóttir sem er hin fjörugasta þrátt fyrir háan aldur.

### Hugsað stórt í mjóum firði

„Ertu blaðamaður já? Þá vil ég fá að segja skoðanir mínar,“ segir Anna þegar blaðamaður hefur gert grein fyrir sér. Anna er orðin nokkuð fótafúin en tekur þó ekki annað í mál en farið sé út á tún þó þar sé æði hált. Blaðamanni lýst ekkert á blikuna þegar Anna rýkur út á svellað túnið á hækjunum en hún tekur því illa þegar henni er rétt hjálparhönd. „Svona, svona, ég verð að komast þetta sjálf, það er aldrei að vita hvenær maður verður einn,“ segir hún, en hún hefur undanfarin ár haft aðstoðarmann hjá sér, en hann er nú orðinn heilsuveill að hennar sögn og því óvíst hversu lengi hann getur verið hjá henni.

Þegar komið er að gömlum traktor á túninu sest hún niður og hefur ræðuna. „Mér finnst það ekki hægt hvað þessir stjórnmálamenn eru farnir að eyða í þessar kosningar og prófkjör. Þetta er ekki hægt meðan svona mikið af fólki berst í bökkum,“ segir hún og lemur hækjunni í svellið. Það er greinilegt að þó fjörðurinn sé mjór og afskekktur afmarkar hann ekki hugsun íbúanna. „Mér finnst þetta náttúrulega bara sorglegt ef þetta laxeldi hættir en meira get ég ekki um það sagt.“

Þegar hún er spurð eftir því hvort hún vilji að þingmenn beiti sér í máli Mjófirðinga segir hún, „þeir eiga ekkert sérstaklega að vera að hugsa um Mjóafjörð. Þeir eiga bara að sjá til þess að allir hafi það sæmilegt í þessu landi en vera ekki að eyða í sjálfa sig eins og greifar.“

### Lífið við höfnina

Austar í firðinum er Brekkuþorp þar sem flestir íbúanna í firðinum búa. Þar við höfnina er Páll Vilhjálmsson að ísa ýsu í kör en Guðleifur Einarsson stendur hjá og vindur sér fljótlega að blaðamanni og eftir kveðjur sem kastað er á víxl koma menn sér strax að efninu.



**ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR FRÁ HESTEYRI** Anna hefur miklar skoðanir á þjóðmálunum og segir ótækt hvað stjórnmálamenn eyða í prófkjör og kosningar.

„Komdu, ég ætla að sýna þér svolítið,“ segir Guðleifur og dregur blaðamann inn í skemmu. „Það eru einhverjir heilbrigðiskallar búnir að skilgreina mig sem ónýtan öryrkja eftir að ég varð fyrir flutningabíl og fór illa í bakinu, en þó verður mér ekki skotaskuld úr því að gera upp þennan gamla traktor,“ segir hann stolur. Í skemmunni má sjá að Massey Ferguson dráttarvél af árgerð 1958 er að ganga í endurnýjun lífdaga.



**GUÐLEIFUR EINARSSON** Guðleifur gæðir gamlan traktor árgerð 1958 nýju lífi.

### Áhyggjur oddvitans

Sigfús Vilhjálmsson oddviti kemur að landi á trillunni og fer að hjálpa Páli bróður sínum við verkunina. Sigfús er glaðvær maður en verður alvöruþrunginn þegar athyglin berst að málefnum hreppsins. Gamansemin er þó aldrei langt undan.

„Í versta falli fara allir íbúarnir héðan úr Mjóafirði... nema Anna,“ segir hann og brosir. „Hún er vís með að láta ekkert á sig fá enda hörkukona.“ Svo færist alvarleikinn aftur yfir hann. „En þetta kom okkur verulega á óvart þegar við heyrðum það að til stæði að hætta laxaframleiðslu hér því þetta hefur allt gengið mjög vel og það er fyrst núna sem þetta er komið í það form sem stefnt var að. Það er fyrst núna sem árangur erfiðisins er að koma fram,“ segir hann og vonbrigðin leyna sér ekki. Hann bendir á hvert húsið á eftir öðru í Brekkuþorpi, „þessi fer, þessi fer og þegar þessi er farinn þá fer þessi...“ og þannig heldur upptalningin áfram og niðurstaðan er sem fyrr sagði; ef fram heldur sem horfir fara allir nema kannski Anna. ■



## Notaðir bílar á stórlækkuðu verði

# Dúndursala




Dúndursala Aðalbílasölunnar er núna. Dúndrandi tilboð á notuðum bílum sem þú ættir ekki að láta framhjá þér fara – allt að 45% afsláttur. Komdu strax og fáðu besta úrvalið. Finndu bílinn sem hentar þér. Einstök tilboðskjör frá Lýsingu. **Allt að 100% fjármögnun.** Ef þú hefur ekki átt hann áður er hann nýr fyrir þig.

## MÖGNUÐUSTU TILBOÐIN



**Peugeot 306**
1/1998, ek 93 þ.km.
5 g.
Ásett verð 470 þús.
**Útsala 190 þús.**



**Golf GL Variant**
8/1997, ek 148 þ.km.
5 g.
Ásett verð 390 þús.
**Útsala 190 þús.**



**Opel Astra GL 1600**
5/2000, ek 70 þ.km.
5.g.
Ásett verð 650 þús.
**Útsala 390 þús.**



**Golf 4motion**
2/2001, ek 65 þ.km.
5 g.
Ásett verð 1.150 þús.
**Útsala 850 þús.**



**Suzuki Vitara**
2/1999, ek 58 þ.km.
5 g.
Ásett verð 690 þús.
**Útsala 450 þús.**



**MMC Carisma GDI 1.8**
10/2000, ek 65 þ.km.
Ssk.
Ásett verð 890 þús.
**Útsala 550 þús**



**VW Passat 4 motion 1.8**
5/1998, ek 140 þ.km.
5 g.
Ásett verð 690 þús.
**Útsala 390 þús.**



**Nissan Primera Elegance 2.0**
12/1999, ek 88 þ.km.
Ssk.
Ásett verð 890 þús.
**Útsala 690 þús.**



**Honda Civic 1.5 V-Thec**
2/1997, ek 140 þ.km.
Ssk.
Ásett verð 590 þús.
**Útsala 350 þús.**



**Skoda Octavia Ambient Combi 1.6**
9/2000, ek 92 þ.km.
Ssk.
Ásett verð 890 þús.
**Útsala 650 þús.**

*- tækifærið er núna*




LÝSING

**AÐALBÍLASALAN**
STOFNUÐ 1955
SÍMI 551 7171 • www.abs.is

Aðalbílasalan · Eirhöfða 11 · 110 Reykjavík · Sími 551 7171
**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

HÉR & NÚ / SÍA

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.212 **+2,25%** **Fjöldi viðskipta:** 912 **Velta:** 14.479 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Straumur-Burðarás** | +3,85% | **Kögun** | -2,48% |
| **KB banki** | +3,62% | **Dagsbrún** | -2,23% |
| **Össur** | +2,3% | **Bakkavör** | -0,18% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 55,00 +1,85% ... Atorka 6,30 0,00% ... Bakkavör 54,50 -0,18% ... Dagsbrún 5,70 -2,23% ... FL Group 22,30 +2,29% ... Flaga 4,07 0,00% ... Íslandsbanki 19,90 0,00% ... KB banki 860,00 +3,62% ... Kögun 62,90 -2,48% ... Landsbankinn 27,80 +2,21% ... Marel 70,50 -0,14% ... Mosaic Fashions 18,10 0,00% ... SÍF 4,02 + 0,25% ... Straumur-Burðarás 18,90 +3,85% ... Össur 111,00 +2,3%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# *Peningaskápurinn...*

### Gengisfyllerí

Fjárfestar voru að vonum ánægðir með niðurstöðu uppgjöra gærdagsins. KB banki var yfir spá greiningardeilda og hækkuðu bréfin í bankanum í kjölfar uppgjörs. Reikna má með að fögnuður hafi ríkt í KB banka með árangurinn, en miðlarar bankans voru áberandi á kauphliðinni í gær. Gengið rauk um tíma upp og fóru fram viðskipti á genginu 920 og þó nokkur á 900. Lokagengi dagsins var 860 og veltu menn fyrir sér á tímabili hvort miðlarar bankans hefðu dottið í það. Hin skýringin er sú að stór kaupandi hafi ryksugað upp öll sölutilboðin sem voru inni þá stundina og framboðið því ekki ráðið við eftirspurnina. Þessi staða var líka uppi þegar Exista keypti á genginu 650 á síðasta ári sem var talsvert hærra en gengið hafði verið. Sú fjárfesting hefur reynst happadrjúg miðað við gengisþróun bankans síðan.



### Lánin borga brúsann

Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri KB banka kynnti uppgjör bankana á fundi í gær. Hann var að vonum kátur með niðurstöðuna, en methagnaður var af öllum tekjusviðum bankans. Gengishagnaður er vissulega áberandi í uppgjöri síðasta ársfjórðungs, en tekjur bankans af vaxtamun útlána voru tólf milljarðar króna. Fram kom hjá Hreiðari að sú upphæð dygði fyrir rekstrarkostnaði bankans. Þeir sem hafa áhyggjur af því að gengishagnaður muni hverfa geta þá sofið rólegir, því samkvæmt þessu stæði bankinn á sléttu þótt allar aðrar tekjur bankans hyrfu sem verður að teljast fremur ólíklegt að gerist. Annað til huggunar þeim svartsýnu er að hlutur hins ofurbjartsýna Íslands er að verða fimmtungur af tekjum bankans.

# TM í Svíþjóð

Tryggingamiðstöðin er orðin fjórði stærsti hluthafinn í sænska fjármálafyrirtækinu Invik að því er fram kemur í Dagens Nyheter. Invik leggur megináherslu á tryggingastarfsemi, eignastýringu og verðbréfaviðskipti.

Óskar Magnússon, forstjóri TM, segir í samtali við blaðið að Íslands sé orðið of lítið fyrir fyrirtækið og þegar litið hafi verið til Norðurlandanna hafi stjórnendur þess viljað fjárfesta í sama rekstri og það standi sjálft í. Hlutur TM er 4,5 prósent og er ljóst að bréfin hafa hækkað um fimmtung frá því að félagið hóf að kaupa í Invik í haust.

**- eþa**



**Í SEÐLABANKANUM** Jón Sigurðsson og Eiríkur Guðnason seðlabankastjórar sátu við háborðið ásamt Arnþóri Sighvatssyni, aðalhagfræðingi bankans, en Davíð Oddsson, formaður bankastjórnarinnar, kynnti vaxtaákvörðun bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stýrivextir kunna að hækka meira

**Stýrivextir Seðlabankans standa nú í 10,75 prósentum. Seðlabankastjóri segir vísbendingar um verðbólguþrýsting. Hækkunin kemur verst við skuldara.**

0,25 prósentustiga hækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands í gærmorgun er tólfta vaxtahækkun bankans frá því í maí árið 2004 og kemur í kjölfar 0,75 prósentustiga hækkunar í byrjun desember síðastliðins. Davíð Oddsson, formaður bankastjórnar Seðlabankans, taldi líkur á frekari hækkun stýrivaxta síðar á árinu.

Davíð sagði hæsta raungengi frá því á níunda áratugnum og meiri viðskiptahalla en áður benda til þess að umtalsverður verðbólguþrýstingur kynni að vera framundan. „Peningastefnan verður að bregðast tímanlega við þessum aðstæðum því ella verði að beita enn harkalegra aðhaldi síðar. „Eins og nú horfir kann Seðlabankinn því að þurfa að hækka vexti enn frekar síðar á árinu," segir hann.

„Ákvörðunin hefur neikvæð áhrif á þá sem skulda, það gefur auga leið," segir Davíð um hvaða áhrif hækkunin hafi á almenning, en vaxtahækkun af þessum toga skilar sér út í vexti af skammtímaskuldum á borð við yfirdrátt. „Fram kemur að útlánaþensla er mjög mikil og bankinn hefur haft af henni áhyggjur."

Davíð segir að áætlanir um frekari stóriðjuframkvæmdir þurfi ekki endilega að þýða hátt vaxtastig í landinu til frambúðar. „Ákvarðanirnar sem við tökum og aðrir í framhaldinu leiða til þess þegar fram í sækir að markmiði bankans, sem honum eru sett með lögum, náist fyrr eða síðar. Bankanum er gert að tryggja stöðugt verðlag í landinu og lága verðbólgu," segir hann, en bætir um leið við að í miklu spennuástandi verði sá slagur bankanum erfiðari.

Stýrivaxtahækkun Seðlabankans nú er í samræmi við spár greiningardeilda bankanna um 25 til 50 punkta hækkun. Frá og með 31. janúar verða stýrivextir því 10,75 prósent. Aðrir vextir bankans verða líka hækkaðir um 0,25 prósentustig frá og með 1. febrúar. Næsta vaxtaákvörðun Seðlabankans verður að óbreyttu birt fimmtudaginn 30. mars.

**olikr@frettabladid.is**

# Hagnaður vel yfir spám

**Tæplega 50 milljarða hagnaður árið 2005. Síðasti fjórðungur sá besti í sögu bankans. Gengishagnaður mikill á fjórða ársfjórðungi.**

KB banki hagnaðist um 49,3 milljarða króna á síðasta ári, þar af um 14,8 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi. Afkoma fjórða fjórðungs er nærri fjórðungi umfram meðaltalsspá greiningadeilda Íslandsbanka og Landsbankans.

Hagnaður KB banka árið 2005 er sá mesti í sögu nokkurs íslensks fyrirtækis en hann samsvarar því að bankinn hafi hagnast um 135 milljónir króna á dag.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, segir að uppgjörið einkennist af miklum vexti innan bankans sem og áhrifum af yfirtöku á Singer & Friedlander. „Það er sérstaklega ánægjulegt að helstu starfsstöðvar okkar eru að skila metafkomu á árinu. Okkur hefur tekist vel að dreifa tekjumyndunninni sem víðast." Vísar hann þar til þess að 70 prósent tekna KB banka myndast erlendis. Hann getur þess að hlutfall tekna á Íslandi sé nú líklega komið niður í 22 prósent.

Afkoman á fjórða ársfjórðungi jókst um 221 prósent á milli ára en hagnaður fyrir allt árið var 178 prósentum meiri en árið 2004. Arðsemi eigin fjár var 34 prósent á síðasta ári samanborið við 25,5 prósent árið 2004 sem er þriðjungsaukning.

**AFKOMA KB BANKA**
**á 4. ársfjórðungi og allt árið 2005***

| | 4. ársfjórðungur 2005 | Árið 2005 |
|---|---|---|
| Hagnaður | 14.786 | 49.260 |
| Spá Íslandsbanka | 10.272 | 44.746 |
| Spá Landsbankans | 13.574 | 48.598 |
| Meðaltalsspá bankanna | 11.923 | 46.672 |

* Í milljónum króna

Hreinar vaxtatekjur bankans voru 9,5 milljarður á fjórða ársfjórðungi, sem er 46 prósenta aukning frá fyrra ári, hreinar þóknunartekjur voru 6,2 milljarðar og aðrar tekjur voru tæpir 2,9 milljarðar. Gengishagnaður er mjög áberandi í afkomu á síðasta ársfjórðungi en hann nam tæpum fjórtán milljörðum króna og hækkaði um 810 prósent á milli ára. Miklar hækkanir voru á innlendum og norrænum hlutabréfamörkuðum á þessu tímabili.

Rekstrarkostnaður var um 11,3 milljarðar á fjórðungnum sem er helmingsaukning á milli ára og má rekja til komu Singer & Friedlander.

Heildareignir bankans voru í árslok 2.541 milljarðar króna, sem samsvarar tvöfaldri eign lífeyrissjóðakerfisins, og jukust um 986 milljarða á árinu. Eigið fé bankans stóð í 194 milljónum króna í lok árs.

„Það er alltaf erfitt að spá fram í tímann en afkoman ræðst af árferði hverju sinni," segir Hreiðar Már aðspurður um horfur á þessu ári en árið byrjar vel. Hann bendir á að arðsemi eigin fjár á síðasta ári hafi verið langt umfram langtímamarkmið bankans, sem er fimmtán prósent, og því gæti orðið erfitt að toppa síðasta ár í arðsemi.

Hlutabréf í KB banka hækkuðu um 3,5 prósent í gær og fóru hæst í 920 krónur á hlut.

**eggert@frettabladid.is**

# 27 milljarða hagnaður Straums

Straumur-Burðarás hagnaðist um 12,6 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi og samtals um 26,7 milljarða á öllu síðasta ári.

Uppgjörið er í góðu samræmi við spár greiningardeilda viðskiptabankanna en hlutabréf Straums hækkuðu um tæp 3,9 prósent í gær. Mikill gengishagnaður varð á fjórðungnum, enda aðstæður á hlutabréfamörkuðum mjög góðar á síðustu mánuðum ársins.

Hagnaður eykst verulega á milli ára. Þannig jókst hagnaður á fjórða ársfjórðungi um 2.630% á milli ára og fjórfalt milli áranna 2005 og 2004. Arðsemi eigin fjár var um 46,5 prósent árið 2005 samanborið við 34,5 prósent árið áður.

**AFKOMA STRAUMS-BURÐARÁSS**
**á 4. ársfjórðungi og allt árið 2005**

| | 4. ársfjórðungur 2005 | Allt árið 2005 |
|---|---|---|
| Hagnaður | 12.615 | 26.718 |
| Spá Íslandsbanka | 11.341 | 25.366 |
| Spá KB banka | 12.506 | 26.530 |
| Spá Landsbankans | 15.180 | 29.282 |
| Meðaltalsspá | 13.009 | 27.059 |

Bankinn óx á öllum sviðum. Heildareignir bankans jukust um tæpa 170 milljarða á síðasta ári og voru 259 milljarðar í árslok. Eigið fé hækkaði um yfir 82 milljarða á síðasta ári og var 114 milljarðar í lok árs.

Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums, segir að samruni Straums og Burðarás hafi tekist vel og eflt og styrkt bankann til muna. Mikil áhersla hafi verið lögð á að breikka tekjumyndun bankans.

Hreinar rekstrartekjur námu tæpum fimmtán milljörðum króna á fjórða ársfjórðungi. **- eþa**


RENAULT

Með allskonar fíneri sem hinir hafa ekki

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 1.930.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 20.426 á mánuði*



Renault Megane II Sport Tourer, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptur.
Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, vindkljúfasett.

VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM
Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.
Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is


VETRAR tilboð!
HEILIR STURTU
KLEFAR
MEÐ ÖLLU
80x80 eða 90x90
Öryggisgler
Hitastýrð blöndunartæki
8 nuddstútar
Sæti
VERÐ FRÁ 63.900
BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

# skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Sjálfstæðisflokkurinn hefur yfirburðastöðu í fylgiskönnunum.

## Umtalsvert afrek

Kannanir Fréttablaðsins að undanförnu sýna að Sjálfstæðisflokkurinn hefur sem löngum fyrr yfirburðastöðu í íslenskum stjórnmálum. Þrátt fyrir ríkisstjórnarþátttöku í hálfan annan áratug og mörg erfið mál sem hann hefur þurft að glíma við eru þess engin merki að kjósendur séu orðnir þreyttir á flokknum og vilji hvíla hann frá völdum. Þvert á móti er fylgið í skoðanakönnunum Fréttablaðsins og Gallup mun meira en flokkurinn fékk í síðustu kosningum. Þetta verður að teljast umtalsvert afrek. Að sama skapi fatast höfuðflokki stjórnarandstöðunnar, Samfylkingunni, enn flugið. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur ekki fengið þann meðbyr sem margir væntu. Hún er hins vegar einörð og starfssöm á Alþingi og það mun áreiðanlega skila sér hægt og bítandi.

*Á sama hátt verður aðalkeppnin í þingkosningunum á næsta ári á milli Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar. Í þeirri viðureign ættu forystumenn flokkanna að gæta þess að ganga ekki of langt í ádeilum hverjir í aðra eins og gerst hefur áður.*

Margt bendir til þess að forystuskiptin í Sjálfstæðisflokknum á liðnu hausi, þegar Geir H. Haarde varð formaður og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir varaformaður, hafi haft mjög jákvæð áhrif á stöðu Sjálfstæðisflokksins meðal kjósenda. Altalað er að ímynd flokksins sé nú mildari en áður. Hann höfði til breiðari hóps kjósenda en fyrr.

Í Reykjavík á Sjálfstæðisflokkurinn í fyrsta skipi í tólf ár raunhæfan möguleika á að taka einn við stjórn höfuðborgarinnar eftir næstu sveitarstjórnarkosningar. Kannanir sýna ítrekað að það er vilji meirihluta borgarbúa. Á bak við þá afstöðu búa tvímælalaust djúpstæð vonbrigði með stjórnarhætti Reykjavíkurlistans á því kjörtímabili sem nú er að ljúka. En sjálfstæðismenn slá sér vafalaust líka upp á því að bjóða fram öfluga kvennasveit á framboðslistanum. Þetta eru framtíðarkonur sem vita hvað þær vilja og hvert þær stefna. Þær hafa skapað flokknum aukinn hljómgrunn, ekki síst meðal ungs fólks og kvenna. Þá eru sjálfstæðismenn heppnir með oddvita í Reykjavík. Það þarf engar brellur eða auglýsingaherferð til að fólk sannfærist um að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson verði góður borgarstjóri.

Raunhæft er búa sig undir að fylgi flokkanna breytist þegar nær dregur kosningum. Flugið á Sjálfstæðisflokknum mun þá eitthvað lækka. Stemning virðist vera að skapast fyrir prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík og það getur smitað út frá sér á landsvísu. Frambjóðendurnir í oddvitasætið í Reykjavík eru allir öflugir og aðsópsmiklir stjórnmálamenn og þeir verða höfuðkeppinautar sjálfstæðismanna í komandi borgarstjórnarkosningunum. Á sama hátt verður aðalkeppnin í þingkosningunum á næsta ári á milli Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar. Í þeirri viðureign ættu forystumenn flokkanna að gæta þess að ganga ekki of langt í ádeilum hverjir í aðra eins og gerst hefur áður. Það kynni að verða skynsamlegt fyrir þá að snúa bökum saman að þingkosningum loknum og ástæðulaust að skemma fyrir þeim möguleika með gálausu tali í hita kosningabaráttu. ■

Marsibil í 2. sætið

Fyrir mannlegri borg

28.01.2006

Reykjavík er ekki fjölmenn borg á heimsmælikvarða. Það er vel raunhæft að tryggja öllum íbúum hennar mannsæmandi lífsskilyrði. Það á að vera forgangs- og metnaðarmál í mannlegri borg þar sem hver einstaklingur skiptir máli.



marsibil.is / málefni / greinar / dagbók / myndir

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Heitir og svalir

Sagnfræðingar virðast hafa hrist af sér þá gömlu ímynd að þeir séu skeggjaðir menn í lopapeysum á sauðskinnsskóm með pípu sem logar illa í. Klúbbur þeirra, Sagnfræðingafélagið, er orðinn í senn heitasti og svalasti vettvangur gáfulegrar þjóðfélagsumræðu. Snyrtilegir jakkafatamenn eru áberandi á reglulegum fundum sagnfræðinga í glæsilegum samkomusal hins endurbyggða Þjóðminjasafns. Varla opnar nokkur maður svo munninn þarna að frásögn af því sé ekki á fréttasíðum blaðanna og bloggi og spjallþráðum netsins. Eina vígið sem eftir er að vinna er *Séð og heyrt*, nú eða *Hér og nú*, en ritstjórar þeirra góðu tímarita hljóta að fara að opna augun.



### Útrásin

Fundaröð sagnfræðingafélagsins þessa dagana fjallar um tískuefnið „útrás“. Það var sjálfur forsetinn okkar, Ólafur Ragnar Grímsson, sem hóf umræðuna fyrir hálfum mánuði. Lofaði hann hina nýju víkinga en bað þá um leið að ganga ekki of hratt um gleðinnar dyr. Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár, talaði svo á þriðjudaginn. Í endursögn Egils Arnarsonar á vefritinu *Kistunni* var meginboðskapur Þórs sá að útrás Íslendinga bæri að fylgja „innrás“ erlendra fjárfesta til landsins. Það væri gamaldags hugsunarháttur og ósamkvæmni að vilja einungis græða á útlendingum en leyfa ekki útlendingum að græða á sér.

### Börnin heim?

Meðal áheyrenda var Ólafur Ragnar forseti (en ekki þó frú Dorrit – kemur örugglega seinna) og tók hann þátt í umræðunum. Nefndi hann meðal annars að þótt erlendum fyrirtækjum, svo sem bönkum og flugfélögum, stæði opið að hefja rekstur hér á landi stæðu þau ekki í biðröð að ná hér fótfestu. Hlyti það að vera mönnum umhugsunarefni. Undir þetta tók fyrirlesarinn sem einnig vakti máls á því að með íslenskum forstjórum og starfsfólki í útrásinni færu heilu fjölskyldurnar. Spurningin væri hvort börnin sneru heim eða ekki. Með öðrum orðum: Er „flóttinn á mölina“ sem einkenndi íslenskt þjóðfélag í byrjun síðustu aldar kannski að endurtaka sig í breyttri mynd en með áþekkum afleiðingum?

gm@frettabladid.is

## „How do you like Iceland?“

Í DAG
NÚTÍÐ OG FORTÍÐ



BIRGIR GUÐMUNDSSON

Það var ánægjulegt að sjá Guðmund Jónsson óperusöngvara taka við heiðursverðlaunum íslensku tónlistarverðlaunanna úr hendi forsetans í fyrrakvöld. Guðmundur var um árabil stofnun í íslensku tónlistarlífi, sem við sem komin erum á miðjan aldur ólumst upp við að virða og meta. Guðmundur stóð alltaf fyrir sínu hvort sem hann flutti óperuaríu, Hrausta menn ásamt karlakór rétt fyrir fréttir eða var á nútímalegri nótunum að syngja „Lax, lax, lax“, „Jón tröll“, eða „Það er eins og gerst hafi í gær“. Það þótti síður en svo sjálfsagt að virðulegur óperusöngvari eins og Guðmundur væri að syngja svona ábyrgðarlitla dægursöngva, en þjóðin kunni að meta það og elskaði hann fyrir.

Þetta var á þeim tíma þegar Íslendingar voru enn ekki mjög frægir í útlöndum en undu þó merkilega glaðir við sitt. Þórólfur Beck og Albert Guðmundsson höfðu gert garðinn frægan í atvinnumennsku í fótbolta og óljósar upplýsingar höfðu menn reyndar um umtalsverða sigra Stefáns Íslandi og Maríu Markan á tónlistarsviðinu, en almennt voru Íslendingar þó heldur smáir í heimsfrægðinni. Til marks um vanþakklæti heimsins þótti t.d. sú sérkennilega staðreynd að hljómsveitin Thorshammer náði aldrei almennri hylli á heimsvísu.

Þá voru það Guðmundur Jónssynir Íslands sem héldu uppi merki frægðarinnar og almenningur naut þess að tala saman og hlusta á Guðmund á fimmtudagskvöldum, þegar sjónvarpið truflaði ekki. Eitt af því sem oft bar á góma á slíkum fimmtudagskvöldum voru spurningar sérkennilegra fjölmiðlamanna, sem spurðu nánast alla útlendinga sem hingað komu og rötuðu í fréttirnar sömu spurningarinnar. Spurningin brast á strax og útlendingarnir voru komnir niður landgang flugvélarinnar: „How do your like Iceland?“

*Við heyrum daglegar fréttir af öllum íslensku atvinnumönnunum í knattspyrnu, sem ekki eru lengur tvir heldur tugir. Að vísu snúast fréttirnar mest um það hvort þeir hafa spilað þann daginn eða verið á bekknum, en það er engu að síður merkilegt.*

Hin seinni ár – eftir því sem landsmenn hafa í fórframast í utanferðum og heimsborgaralegum háttum – tíðkast heldur að gera góðlátlegt grín að þessum kotbændalega brag. Orðalagið „How do you like Iceland?“ er nú orðinn einn þreyttasti en jafnframt mest notaði brandari Íslendinga, sem umgangast þurfa útlendinga af einhverjum ástæðum. Raunar hafa ýmsir gengið skrefi lengra og lagt út af spurningunni eitthvað í þá veru að hún sé til marks um óþroskaða og óörugga sjálfsmynd þjóðarinnar. Landsmenn hafi verið eins og lítil börn sem stöðugt þurftu örvun og hvatningu umheimsins til að líða vel. Ekki er ósennilegt að eitthvað sé til í slíkri þjóðfélagslegri djúpsálarfræði.

En því góðlátlega gríni sem í dag er gert að þessum tíma fylgir óneitanlega örlítið yfirlæti og sjálfumgleði yfir því að nú sé öldin orðin önnur. Við heyrum daglegar fréttir af öllum íslensku atvinnumönnunum í knattspyrnu, sem ekki eru lengur tveir heldur tugir. Að vísu snúast fréttirnar mest um það hvort þeir hafa spilað þann daginn eða verið á bekknum, en það er engu að síður merkilegt. Söngvarar og poppstjörnur landsins eru að sigra heiminn og orðnar svo frægar og eftirsóttar að undrun sætir. Öll þessi velgengni er frábær og sérstaklega gleðileg, ekki síst í ljósi þess að nú hefur fína og fræga fólkið í útlöndum áhuga á að koma til Íslands í löngum röðum. Ísland er jú orðið „hipp og kúl“. Sjónvarpsþættir sem kenndir eru við innlenda dagskrárgerð jafnt sem síður dagblaðanna eru smekkfullir af erlendu frægðarfólki, sem lagt hefur leið sína til tískulandsins Íslands.

Í gömlu kvæði segir: „Gömul útslitin gáta þó úr gleðinni dró./ Hvað hét hundur karls sem í afdölum bjó?“ Enginn veltir lengur fyrir sér spurningum og efnisvali frétta- og dagskrárgerðarmanna, enda sjónvarpað og útvarpað á fjölda rása samtímis allan sólarhringinn – líka á fimmtudögum. Það er því lítill friður til samtala. En það skyldi þó ekki vera að nýtískulegir „hipp og kúl“ fjölmiðlar samtímans séu – þegar allt kemur til alls – enn að spyrja útlendingana sömu spurningar og menn spurðu í svart/hvítu við landgang flugvéla fyrir þrjátíu og fimm árum? Umbúðirnar eru vissulega glæsilegri og umfangið meira og allt stærra en í gamla daga, rétt eins og allt heila klabbið sé á sterum. En kjarninn er þó augljóslega sá sami: How do you like Iceland? Ef spurningin er í dag komin í ofvaxinn búning steranna, er þá ekki óöryggi sjálfsmyndarinnar sem spurningin endurspeglar líka orðin ofvaxin? Og erum við þá kannski ekkert betur sett með að vera svona „hipp og kúl“ eftir allt saman!? Já, Guðmundur, það er eins og gerst hafi í gær! ■

## ÞAU VORU Í FRÉTTUM Í VIKUNNI

### Heppinn

„Það var lítið annað að gera en að nauðhemla og vona það besta,“ sagði **Sigfús Steingrímsson**, sem slapp naumlega undan tólf tonna stálballest sem valt af flutningabíl á Mercedes Benz bifreið hans í Ártúnsbrekkunni. Sigfús slapp með smá eymsli, en bílnum ekur hann ekki aftur svo hann skellti sér á bílasölu til að bæta sér þann gamla upp.





### Kom, sá og skoraði

Að öðrum ólöstuðum var **Ásthildur Helgadóttir**, landsliðsfyrirliði í knattspyrnu, sigurvegari prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi. Ásthildur er óskrifað blað í pólitík en gerði sér lítið fyrir og hreppti 4. sætið í prófkjörinu, rétt eins og hún stefndi að.

### Íslenskan deyr

**Páll Valsson**, útgáfustjóri hjá Eddu, gerðist boðberi válegra tíðinda í upphafi viku og telur engum blöðum um það að fletta að íslenskan deyi út á næstu hundrað árum, fari svo fram sem horfir. Hann kallar eftir vitundarvakningu gagnvart tungunni, rétt eins og náttúrunni.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Nýjar true vörur



**Bolur**
margir litir
st. S-XL
1.699kr

**Buxur**
svartar, khaki, drapp
st. 10-14
2.999kr



**Bolur** margir litir, st. S-XL
1.999kr



**Bolur** margir litir, st. S-XL
999kr



**Bolur** margir litir, st. S-XL
1.299kr



TILBOÐ
999kr
Verð áður 1.699,-

**Bolur** margir litir, st. S-XL



**Ökklaskór**
rendir á hlið, st. 28-41
1.699kr



**Ökklaskór**
svartir, st. 36-46
2.999kr



**Skór**
svartir, munstraðir,
st. 28-41
1.299kr



**Kanvas skór**
margir litir, st. 28-46
1.299kr

Gildir til 30. janúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

12
MILLJÓNIR
Í FYRSTA
VINNING

3

Þrefaldur pottur!

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is – þú gætir unnið litlar 12 milljónir króna.

Það getur allt gerst.

ENNEMM / SÍA / NM20135

lotto.is

# Mennta- og kvenfrelsi?

**UMRÆÐAN**
SKÓLASTARF



**MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR**

*Einokunin á sviði uppeldis og menntunar veldur því að nemendur eru enn í áskrift hverfisskólanna og víða ríkir mikill ótti við að gefa nemendum og foreldrum lausan taum til að velja sér skóla.*

Nú á laugardaginn munu ný samtök, Samtök sjálfstæðra skóla, efna til ráðstefnu undir yfirskriftinni Fjölbreyttir skólar - fleiri möguleikar. Þar munu innlendir og erlendir sérfræðingar fjalla um skólaþróun og áhrif rekstrarforms á faglegt skólastarf og gæði í nýbreytni- og þróunarstarfi. Í lok ráðstefnunnar munu fulltrúar stjórnmálaflokkanna kynna afstöðu flokka sinna til sjálfstæðs reksturs í leik- og grunnskólum. Mánudaginn 30. janúar munu svo allir sjálfstæðir leik- og grunnskólar landsins bjóða gesti og gangandi velkomna til að kynna sér skólastarfið en skólarnir eru 35 talsins með á þriðja þúsund nemendur og 400 starfsmenn.

Hlutur sjálfstæðs skólareksturs í heildarskólastarfi landsins er smár en þó mun meiri í leikskólum en grunnskólum. Um 10 prósent leikskólabarna eru í sjálfstæðum skólum en aðeins tæpt 1 prósent grunnskólanemenda (Hagstofan). Þessi lága tala kemur á óvart, ekki síst þegar litið er til annarra landa. Í Danmörku eru t.d. 12 prósent allra grunnskólanemenda í sjálfstæðum skólum og í Kaupmannahöfn einni er fjórðungur nemenda í sjálfstæðum skólum (Frie Grundskolers Fællesråd; www.fgf.dk).

Fjárhagslegur aðbúnaður hefur án efa ráðið mestu um hina hægu þróun á Íslandi. Annars vegar hafa fjárframlög sveitarfélaga til rekstrurs sjálfstæðra grunnskóla verið mjög lág - mun lægri en til þeirra skóla sem sveitarfélögin reka sjálf. Því hafa foreldrar þurft að greiða mismuninn með skólagjöldum og eina undantekningin á því hefur verið fyrirkomulag Garðabæjar um að láta hærri fjárhæð fylgja hverjum nemanda í sjálfstæðum skóla gegn því að skólagjöld séu ekki innheimt. Hins vegar hefur öðrum aðilum en sveitarfélögum verið gert nær ókleift að stofna grunnskóla þar sem engir opinberir styrkir hafa verið fyrir hendi til að mæta stofnkostnaði við húsnæði og búnað - þar þarf sjálfstæður skóli að bjargast sem best lætur. Þannig hefur hið opinbera nánast tryggt sér einokun á uppeldi og menntun barna og ungmenna - einokun sem á öllum öðrum samfélagssviðum þykir óviðunandi hemill á fjölbreytni og frjálsa valkosti.

Einokunin á sviði uppeldis og menntunar veldur því að nemendur eru enn í áskrift hverfisskólanna og víða ríkir mikill ótti við að gefa nemendum og foreldrum lausan taum til að velja sér skóla. Þessu þarf að breyta - ekki síst í ljósi þess að hin opinbera einokun er horfin úr atvinnulífinu, verslunar- og viðskiptalífinu og er á undanhaldi víðast hvar í þjóðlífinu. Enn stendur eftir opinber einokun á tveimur meginsviðum samfélagsins, þ.e. annars vegar uppeldis- og menntasviðið og svo hins vegar heilbrigðissviðið. Það eru með öðrum orðum kvennastörfin sem enn eru í opinberri einokun og hver er skýringin að þau hafi síður þróast yfir í nýtt rekstrarform heldur en karlastörfin?

Mér hefur helst flogið í hug að hér sé enn ein birtingarmyndin af misrétti kynjanna á ferðum. Lítum til þess að meirihluti kvenna, eða 57 prósent, eru starfandi hjá hinu opinbera en aðeins 22 prósent karla (Nefnd um efnahagsleg völd til kvenna 2004). Karlar hafa einmitt fært störf sín í æ ríkari mæli yfir í sjálfstæðan rekstur á meðan við konurnar vinnum enn innan kerfis og undir opinberri karlastjórn, það eru karlar sem eru oftast í æðstu valdastöðum hins opinbera kerfis þó svo að konur vinni verkin! Þessi hugmynd hefur vaknað hjá mér á undanförnum mánuðum þar sem ég hef fylgst með stórframkvæmdum í Hafnarfirði þar sem stórvirkar vinnuvélar hafa mölvað niður öll hús hinnar gömlu Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar og uppbygging stendur fyrir dyrum á nýju íbúðahverfi í staðinn. Engum kemur til hugar að krefjast þess að Bæjarútgerðin verði endurreist eða að Áhaldahús Hafnarfjarðarbæjar annist niðurbrot og uppbyggingu íbúðahúsnæðis - og eru þó bæði atvinnumál og húsnæðismál í hæsta máta samfélagsleg málefni. Þvert á móti eru það piltar á vel merktum ehf-tækjum sem vinna sjálfstætt að niðurbrotinu og aðrir slíkir stefna á uppbyggingu íbúða og enn aðrir munu annast sölu nýju íbúðanna og allt mun þetta fara fram án daglegrar stjórnunar og íhlutunar hins opinbera.

Ef til vill er tímabært að kvennastörfin fái sama sjálfstæði og frelsi og karlastörfin og að konur taki sér full völd á þeim sviðum sem þær axla hvort sem er mesta ábyrgð á; uppeldi og menntun barna og ungmenna í þessu tilviki? Hver veit nema aukinn styrkur sjálfstæðra skóla og stuðningur samfélagsins við slíka skólaþróun sé bæði jafnréttismál hvað varðar frjálst val og fjölbreytni fyrir börn og foreldra svo og jafnréttisátak í atvinnumálum kvenna?

*Höfundur er skólastjóri Barnaskóla Hjallastefnunnar og formaður Samtaka sjálfstæðra skóla.*

# Tryggjum jöfn lagaleg réttindi

**UMRÆÐAN**
HJÓNAVÍGSLUR SAMKYNHNEIGÐRA



**HARPA NJÁLS OG INGIBJÖRG S. GUÐMUNDSDÓTTIR**

*Ljóst er að fáir einstaklingar standa á bak við þann liðstyrk sem biskup Íslands hefur hlotnast í krafti hinna 20 trúfélaga.*

Á aðalfundi FAS 2005 var samþykkt áskorun til Alþingis sem afhent var forseta Alþingis 6. desember. Þar skora foreldrar og aðstandendur samkynhneigðra á Alþingi Íslendinga að stíga skrefið til fulls og breyta hjúskaparlögum nr. 31/1993 á þann veg að þau þjóni bæði gagnkynhneigðu og samkynhneigðu fólki. Með því að breyta gildissviði laganna í 1. gr. og setja að lögin gildi um hjúskap tveggja einstaklinga, en ekki karls og konu eins og nú er, næðist þetta fram. Með því væri lagalegu jafnrétti náð og samkynhneigðum, börnum þeirra og fjölskyldum, mætt af virðingu á hamingjustundum lífsins þegar hjúskapur er innsiglaður milli tveggja einstaklinga.

**Hjúskaparlögin tryggja lagaleg réttindi fólks sem vill deila lífi og kjörum**

Hjúskaparlögin nr. 31/1993 fjalla um grundvallarsjónarmið eða gildi hjúskaparins. Þau byggjast m.a. á eftirfarandi atriðum: Jafnrétti og samstöðu hjóna. Stofnun hjúskapar er tryggð sem grundvallarmannréttindi í stjórnarskrá og alþjóðlegum samningum og efnahagslegt sjálfstæði hjóna.

Í ljósi þess hvort íslenska þjóðkirkjan geti haft forystu í málefnum samkynhneigðra er áhugavert að skoða með hvaða hætti íslensk lög um hjúskap tengjast þjóðkirkjunni. Svarið er einfalt. Ekkert í íslenskum hjúskaparlögum mismunar einstökum trúfélögum. Einungis í ákvæðum um vígslumenn er minnst á presta og trúfélög. Í 17. gr. segir: „Prestar Þjóðkirkjunnar og annarra skráðra trúfélaga hér á landi“. Það er staðreynd að hvergi í lögunum er fjallað um kristilegan tilgang hjúskapar. Við minnum á að hjónavígsla er eini löggjörningurinn sem trúfélög hafa á sinni hendi og framkvæma. Víða um lönd er slíkt ekki á hendi trúfélaga – þeirra hlutverk er aðeins að veita fólki fyrirbæn og blessun. Það er rétt að halda því til haga!

**Hvert er markmið jafnréttisáætlunar Þjóðkirkjunnar?**

Við vekjum athygli á því að breyting á hjúskaparlögunum nr 31/1993 – sem færði öllum þegnum þessa lands sömu möguleika til að innsigla og játa maka sínum vígsluheit um ást og tryggð – samræmist Jafnréttisáætlun kirkjunnar sem er í gildi frá 1999. Þar segir í inngangi:

„Jafnréttisáætlun kirkjunnar er ætlað að marka leiðir í átt til þess að þjóðkirkjan verði stofnun og samfélag sem geti með sanni mælt af reynslu: „Guð fer ekki í manngreinarálit.“ „Hér er enginn Gyðingur né grískur, þræll né frjáls maður, karl né kona. Þér eruð öll eitt í Kristi Jesú.“ Og þetta á ekki að vera orðin ein, heldur raunveruleiki, viðurkenning manngildis og jafnréttis allra jarðar barna, og lifandi viðmiðun sem áminni, ákæri, leiðbeini og leiðrétti kirkjuna þegar hún fer afvega. Þjóðkirkjan harmar ranglæti og misrétti sem kirkjan hefur átt aðild að vitandi og óafvitandi, og vanrækslu sína hvað varðar vitnisburð um þann Guð sem fer ekki í manngreinarálit.“ (Jafnréttisáætlun kirkjunnar. Biskupsstofa, október 1999, bls. 1).

Í ljósi þessa texta jafnréttisáætlunar Þjóðkirkjunnar hörmum við óvarleg og óskiljanleg ummæli biskups Íslands er hann mætti þjóð sinni á fyrsta morgni nýs árs með prédikun sinni. Ef þjóðkirkjan, með biskup Íslands í fararbroddi, ætlar að vera sjálfri sér samkvæm getur hún ekki lagt stein í götu barna sinna, til að fyrirgera jöfnum rétti þeirra til hjúskapar.

**Biskup fær liðstyrk – hvað stendur á bak við hann?**

Nú ber svo við að 20 trúfélög hafa sent frá sér yfirlýsingu og lýst yfir stuðningi við afstöðu biskups til frumvarps um breytingu á hjúskaparlögunum. Það virkar ekki lítið í fréttaflutningi – að 20 trúfélög standa að baki slíku! En hvaða hópur stendur á bak við þessi 20 trúfélög? Hagstofa Íslands hefur aðgengilegar upplýsingar, m.a. mannfjölda eftir trúfélögum. Samkvæmt tölum Hagstofunnar um fjölda einstaklinga í trúfélögunum 20 er ljóst að um er að ræða mjög fámenn trúfélög – í flestum tilvikum um innan við 200 manns og í heild um 1,6% af mannfjölda þjóðarinnar. Ljóst er að fáir einstaklingar standa bak við þann liðstyrk sem biskupi Íslands hefur hlotnast í krafti hinna 20 trúfélaga.

Fyrir hönd foreldra og aðstandenda samkynhneigðra (FAS) skorum við á Alþingi Íslendinga að stíga skrefið til fulls og breyta hjúskaparlögum nr. 31/1993 svo þau þjóni bæði gagnkynhneigðu- og samkynhneigðu fólki og að trúfélög sem vilja þjóna fólkinu í landinu geti gert það. Þar með uppfyllti Alþingi Íslendinga grundvallarsjónarmið hjúskapar sem undirstrikuð eru í hjúskaparlögunum, að stofnun hjúskapar er tryggð sem grundvallarmannréttindi í stjórnarskrá og alþjóðlegum samningum.

*Harpa er formaður FAS og Ingibjörg er varaformaður FAS.*









# Ég hringi í tengdamömmu

***Bjartur Logi Finnsson bakari starfar sem ráðgjafi hjá fyrirtækinu Kornaxi. Svo er hann líka söngvari í hljómsveitinni Ungmennafélaginu og ætlar að halda uppi fjöri á þorrablóti Hornfirðinga á höfuðborgarsvæðinu annað kvöld.***

Þegar haft var samband við Bjart og hann beðinn að leggja blaðinu til góða uppskrift tók hann því fúslega en sagðist fyrst þurfa að hringja í tengdamömmu. „Ein af mínum uppáhaldskökum er pekanpæ og ég vil gjarnan leyfa þjóðinni að bragða á henni. Ég er mjög hrifinn af hnetum enda eru þær bæði góðar og hollar. Sjálfur geri ég kökuna alltaf eftir hendinni eins og margt annað en tengdamamma hefur uppskriftina á blaði og ég tel vissara að fá hana þar. Þá verður örugglega allt rétt.“

Bjartur kveðst vinna við að prófa og þróa bökunarhráefni hjá Kornaxi og sinna bæði innflutningi og útflutningi en áður hafi hann starfað í Björnsbakaríi á Seltjarnarnesi. Matargerð er meðal þess sem hann hefur fengist við um dagana og svo er hann líka söngvari í hljómsveitinni sinni Ungmennafélaginu. Skyldi vera mikið að gera í þeim bransa? „Já, alveg nóg. Við spilum í einkasamkvæmum, á árshátíðum og ýmsum skemmtunum. Þorrinn er auðvitað mánuður mikilla veisluhalda og annað kvöld spilum við í Félagsheimili Seltjarnarness á þorrablóti Hornfirðinga hér fyrir sunnan.

Uppskriftin af pekanpæinu er á næstu opnu.



Bjartur kveðst hafa gaman af tilraunastarfsemi í bakstri.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## ALLT HITT
### [MATUR TILBOÐ]

**Fjölskyldutilboð** á sænskum kjötbollum er í boði alla virka daga frá hálf sex til hálf átta í Ikea. Um er að ræða tvo fullorðinsskammta af kjötbollum og tvo barnaskammta af spagettí ásamt safa. Allir út að borða og gera góð kaup í Ikea um leið.

**Burger King** er með rausnarleg hamborgaratilboð næstu daga. Máltíð með frönskum og gosi er á 599 krónur. Stakur hamborgari er á 139 krónur og laukhringir á 99 krónur.



**Léttvín** og bjór er 93 prósent allrar sölu í vínbúðum árið 2005. Sala áfengis í lítrum jókst um 8,16 prósent frá árinu 2004, um 1,3 milljónir lítra. Ef sala á rauðvíni, hvítvíni, rósavíni og freyðivíni er lögð saman við sölu bjórs sést að samanlagt eru þessir flokkar með rúm 93 prósent af allri sölu vínbúðanna í lítrum talið.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 27. janúar, 27. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.23 | 13.40 | 16.59 |
| Akureyri | 10.22 | 13.25 | 16.29 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is






# Þeir sletta skyrinu

HEILDARSALA Á SKYRI JÓKST UM 41 PRÓSENT Á MILLI ÁRANNA 2004 OG 2005.

Hver íbúi landsins snæddi tæp 15 kíló af skyri á síðasta ári og annað eins af íslenskum ostum auk þess að drekka um 140 lítra af mjólk.

Sala mjólkurvara í heild jókst um 2.5 prósent frá árinu á undan ef miðað er við sölu á próteinþætti mjólkurinnar. Heildarsala kjöts var 2.8 prósentum meiri á síðasta ári en 2004 og nam 22.728 tonnum. Mest var snætt af lambakjöti, 7.339 tonn og jókst neyslan um 1.7 prósent milli ára. Sala á alifuglakjöti jókst samt langmest, 14.9 prósent, og nam 6.026 tonnum á síðasta ári. Af svínakjöti voru alls seld 5.300 tonn og varð 3,2 prósenta samdráttur á sölu þess frá fyrra ári. Einnig minnkaði sala á nautgripakjöti um 1.5 prósent og var 3.563 tonn. Neysla á hrossakjöti nam 520 tonnum og það er 10,2 prósentum minna en árið 2004.

Heimild: www.bondi.is




Einnig opið laugardag og sunnudag

Útsala 50%

| | Áður | Nú |
|---|---|---|
| Ullarkápur | 29.900 | 15.000 |
| Mokkakápur | 25.900 | 13.500 |
| Ullarjakkar | 12.900 | 5.900 |
| Úlpur | 12.900 | 5.900 |
| Dúnkápur | 22.900 | 11.500 |
| Rússkinsjakkar | 16.900 | 8.500 |
| Pelsar | 26.900 | 13.500 |

Mörg góð tilboð

TOPP HÚSIÐ

Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518

Opið virka daga frá kl. 10-18, laugardaga frá kl. 10-16 og sunnudaga frá kl. 12-16



**Brauðsúpa** er hollur og góður matur. Það er ekki flókið að búa til brauðsúpu „à la amma“ úr rúgbrauði, vatni, rúsínum og smá sítrónu og hafa svo þeyttan rjóma með.

## TRIO:
## *Heilög þrenning*




Trio Melot-Carmenére-Cabernet Sauvignon er einstök blanda úr þremur þrúgum sem gefa af sér mikla mýkt, kraft og langt eftirbragð. Stórkostlegt vín sem sýnir og sannar að Concha y Toro er ekki bara stærsti vínframleiðandi í Chile heldur einnig einn sá allra besti. Framleitt í Central Valley, Miðdal þeirra Chilemanna. Choncha y Toro hefur fyrir löngu sannað ágæti sitt, var til að mynda valið „Besta vínhús nýja heimsins“ á síðasta ári. Enn ein skrautfjöðurinn bættist í hattinn nýverið því í októberhefti Wine Spectator var Concha y Toro valið eitt af 20 bestu víngerðarhúsum veraldar sem bjóða afburða gæði á sanngjörnu verði. Val þetta er eftirsótt af mörg þúsund víngerðarhúsum um allan heim og því mikill gæðastimpill. Frábært vín með bragðmiklum mat.
Verð í Vínbúðum 1.360 kr.

ÁN MSG




ÁN ALLRA AUKAEFNA

## MSG ER EITUR

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna Ragnhildar Káradóttur vísindamanns í taugalífelisfræði hefur komið í ljós að aukning á glútamate boðefninu í líkamanum skemmi eða drepi mikilvægar stofnfrumur sem getur leitt m.a. til MS sjúkdóms og jafnvel Alsheimer. Glútamate efni (E-621) er uppistaðan í MSG efninu, sem mikið er notað í matvælaiðnaði og kryddblöndum um heim allan.

Pottagaldrar hafa aldrei nota MSG í sínum kryddblöndum, enda vissi fyrirtækið um þessa hættu varðandi MSG þegar árið 1989 og fyrirtækið fékk það staðfest á námskeiði hjá Endurmenntunstofnun HÍ veturinn 2001. Í Galdrabók Pottagaldra ári 2001 er einmitt ritað um þessa hættu MSG tengda taugalífelisfræðinni og jafnvel ári 1993 er einnig rita um hættu MSG í fréttablaði Pottagaldra, forvera Galdrabókar Pottagaldra.

**Pottagaldrar stuðla að mannrækt í matargerð með vörum sínum.**




birta
Er komin út!!



Dóra býður upp á hörfrækexið á veitingastaðnum Á næstu grösum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hrákex úr hörfræi hollt fyrir meltinguna

***Dóra Svavarsdóttir, matreiðslumeistari á Á næstu grösum, og grafíski hönnuðurinn Birgir Jóakimsson hafa þróað nýja kextegund úr hörfræi. Hún heitir Hægðarauki.***

„Í þessu kexi er ekkert hveiti, enginn sykur og engin aukaefni,“ segir Dóra stolt þegar hún er innt frétta af framleiðslunni. Annað sem hún segir einstakt við þetta kex er að það er ekki bakað og því tilheyrir það hráfæði en slíkt fæði er að ryðja sér til rúms. Að sögn Dóru er kexið úr hálfspíruðum hörfræjum sem eru síðan þurrkuð. „Hörfræ er eitt það öflugasta sem fólk fær fyrir meltinguna,“ segir hún og bendir á að oft skorti trefjar í fæði fólks og sá skortur orsaki alls konar kvilla. En hvernig skyldi þeim Birgi hafa dottið þetta í hug. „Við höfðum verið að föndra við að gera svona sitt í hvoru lagi og þótt við séum fínir vinir höfðum við ekki hugmynd um tilraunastarfsemi hvors annars fyrr en rétt fyrir síðustu jól. Þá ákváðum við að slá saman þekkingu okkar og þróa framleiðsluna áfram,“ segir Dóra sem fór til Bandaríkjanna að læra um hráfæði á síðasta ári og kveðst hafa komið til baka með þessa hugmynd og margar fleiri. Hún hefur kynnt kexið á veitingastöðum Á næstu grösum, bæði við Laugaveginn og Suðurlandsbrautina, og í framhaldinu fer það væntanlega á almennan markað.

„Við erum með hráfæðisdaga á þriðjudögum á Á næstu grösum og þá fylgir svona kex með réttunum enda smellpassar það við þá línu,“ segir Dóra og lýsir síðan bragðtegundunum þremur sem í boði eru. Ein er með lauki, hvítlauki, sólblómafræjum og kryddi, önnur er með karríblöndu unna úr fersku hráefni, og sú þriðja er með kókos. Það síðastnefnda er eiginlega nammikex til að hafa með kaffinu. Hin passa betur með mat eða sem snakk með ídýfu.

# McDonald´s hrísgrjónaborgari

***McDonald´s hefur sett á markað hrísgrjónaborgara í Singapore eftir að sams konar borgari hlaut góðar viðtökur í Taívan fyrir um ári.***



McDonald´s hefur sett á markað í Singapore hrísgrjónaborgara. Fyrirtækið setti á markað sams konar borgara í Taívan fyrir um ári. Fékk hrísgrjónaborgarinn góð viðbrögð þar og hefur því MacDonald´s ákveðið að markaðssetja vöruna víðar. Hrísgrjónaborgarinn samanstendur af steiktum kjötstrimlum og er borinn fram með tveimur hrísgrjónakökum og er bragð og matreiðsla miðuð við menningu innfæddra.

Í Taívan fyrir um fimm milljón hrísgrjónaborgarar fyrstu sex mánuðina sem þeir voru í sölu og vona aðstandendur McDonald´s að viðbrögðin verði jafn góð í Singapore.



Asíubúar geta nú gætt sér á hrísgrjónaborgara á McDonald´s. Þetta er liður í að markaðssetja rétti sem höfða til menningar þeirra landa þar sem fyrirtækið er með sölustaði.

## Rófustappa og þorrasíld

ORA HEFUR SETT Á MARKAÐ ENDURBÆTTA RÓFUSTÖPPU. EINNIG FÆST FRÁ FRAMLEIÐANDANUM ÞORRASÍLD Á NÆSTU VIKUM.

Ný rófustappa frá Ora er komin á markaðinn. Ora hefur framleitt niðursoðna rófustöppu í fjöldamörg ár en fyrir nokkrum misserum var ákveðið að endurgera vöruna. Ný uppskrift var gerð og úr varð rófustappa sem lýst er sem hæfilega sætri, fínhakkaðri og bragðmikilli. Stappan er kælivara í staðinn fyrir að vera niðursoðin og er seld í 300 gramma einingum í glerkrukkum.
Jafnframt er þorrasíld frá Ora komin í búðir. Hún er framleidd í takmörkuðu magni og fæst einungis á þorranum. Síldin er ekki jafn sæt og fólk er vant en nokkuð kryddaðri og hentar því vel með öðrum þorramat.




Rófustappan er gerð eftir nýrri uppskrift og er kælivara.

birta




## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

## Spagettí með kúfskel (Vongole)

Lengi hefur rétturinn spaghetti vongole verið dásamaður í mín eyru. Ég stóð í þeirri trú að aðalhráefni réttarins, fersk eða frosin kúfskel, væri ekki fáanleg hérlendis en mér til mikillar gleði rakst ég á pakka með frosinni kúfskel frá Snæfiski nýlega. Rannsóknir á fjölda uppskrifta leiddu í ljós að stundum er rétturinn með rauðri (tómat)sósu og stundum með hvítri. 1 pk. frosin kúfskel

1 dl ólífuolía
1 laukur (fínt saxaður)
3 hvítlauksgeirar (fínt saxaðir)
1 ferskur rauður chilipipar
2 dl þurrt hvítvín
2 msk. smjör
1 lúkufylli af ítalskri steinselju
Salt og nýmalaður pipar
Um 300 g spagetti (flott að nota handgert spagetti sem er örlítið sverara en venjulegt)



Eftirfarandi niðurstaða er einföld, frábær og veldur svo sannarlega ekki vonbrigðum. Látið kalt vatn renna á kúfskeljarnar og skolið þær vel. Hitið olíu á stórri pönnu og steikið laukinn við miðlungshita þar til hann verður glær. Setjið þá hvítlauk og chili á pönnuna og steikið áfram í 1 mínútu. Bætið næst kúfskeljunum út í og hrærið vel saman við laukinn og hellið hvítvíninu yfir. Lokið þá pönnunni og látið réttinn malla í 4 mínútur eða þangað til skeljarnar hafa opnað sig. Sjóðið spagettíið á meðan í léttsöltu vatni. Þegar skeljarnar hafa opnast, takið þær þá upp úr sósunni og haldið þeim heitum. Bætið smjörinu og steinseljunni út í sósuna. Smakkið til með salti og góðum slatta af nýmöluðum pipar. Látið vatnið renna rækilega af spagettíinu og setjið það út í sósuna á pönnunni og veltið öllu vel saman. Setjið spagettíið á fat og skeljarnar þar ofan á. Skreytið með steinselju.

*gudrund@hi.is*



Ís, bananar og súkkulaðisósa sett á pönnukökuna og hún brotin saman.

# Máltíð eða meðlæti

***Pönnukökur eru lystugar og mettandi hvort sem þær eru fylltar með salati eða sultu.***

Þegar pönnukökur eru bornar fram sem matur er upplagt að fylla þær með kjúklingi eða skinku, hrísgrjónum og alls kyns grænmeti. Pönnukökur eru líka öndvegiseftirréttur og meðlæti með kaffi. Hér er uppskrift að pönnukökum sem ættuð er frá Örvari Birgissyni bakara í Nýja kökuhúsinu og myndirnar eru teknar hjá honum líka.

**Pönnukökur**
250 g hveiti
1 tsk. lyftiduft
1/2 tsk. matarsódi
1/2 tsk. salt
6--7 dl mjólk
35 g smjörlíki
2 egg

Þurrefnin sett í skál, eggjunum og helmingnum af mjólkinni bætt í og hrært saman. Restinni af mjólkinni bætt í og hrært. Smjöri brætt og hellt út í síðast.



Kjúklingakjöt rifið niður. Pönnukakan smurð með Hoi Sin sósu. Kjúklingurinn settur ofan á og niðurskorinn vorlaukur yfir. Pönnukakan brotin saman í fernt, hituð á pönnu og gúrkustrimlar bornir fram með.



Pönnukökur eru listrænar í útliti einar og sér og ágætar upprúllaðar með sykri.

# DELICATO: *Góð viðbót við gæðavínflóruna*

Delicato fjölskyldan er einn af elstu vínframleiðendum í Kaliforníu. Sikileyingurinn Gasparé Indelicato stofnaði fyrirtækið Delicato í Kaliforníu árið 1935. Undir stjórn þriggja sona hans, Tonys, Franks og Vince, hefur fyrirtækið tekið stórstígum framförum og vakið verðskuldaða athygli fyrir framleiðslu sína undanfarin ár. Fyrirtækinu hlotnaðist sá heiður að vera kosið vínframleiðandi ársins 2004 í Kaliforníu. Þetta er sérstakur heiður, þar sem framleiðendur Kaliforníu kjósa hann úr sínum röðum. Sömu aðilar völdu Shiraz-vínið hið besta sinnar tegundar fjórða árið í röð. Eins má geta þess að hinn virti vínrýnir Robert Parker sá ástæðu til að taka sérstaklega fram að Delicato vínin væru góð viðbót við gæðavínflóru Kaliforníu. Vínin þrjú sem hér er fjallað um kosta öll 1.220 kr. í Vínbúðum og eru það sem stundum er nefnt „allrahanda", þ.e. henta með flestum mat og geta gengið við öll tækifæri.



**Delicato Shiraz:** Dumbrautt, með angan af grænum pipar og lakkrís. Afar góð fylling. Það er með kraftmiklu bragði með keim af leðri og í löngu eftirbragðinu kemur fram bragð af bláberjum og vanillu. Margverðlaunað vín. Vínið er kjörið með grillmat, sérstaklega grísakjöti, og piparsósa á eintaklega vel við það. Vínið er afar gott með þroskuðum ostum.



**Delicato Merlot:** Djúprautt á litinn með miklu ávaxtabragði, þar sem plómur og hindber eru allsráðandi. Bragðið endist lengi og í lokin taka súkkulaði- og kaffibragð yfirhöndina. Vínið passar einstaklega vel með steikarréttum sérstaklega ef tómatar, spínat og sveppir eru hluti af meðlætinu. Vínið er einnig frábært eitt og sér.



**Delicato Chardonnay:** Gullið, mikið vín með suðrænum ilmi, ferskur ananas og perur. Í eftirbragði kemur bragð af karamellu og vanillu. Vínið hefur mjög góða fyllingu og fer vel með kjötréttum jafnt sem fiski. Rjómasósur eru frábær kostur með þessu víni.

## uppskrift }

## Pekanhnetu-draumur

UPPSKRIFT FRÁ BJARTI LOGA FINNSSYNI BAKARA.

Frábær eftirréttur að lokinni góðri máltíð, og það skaðar ekki að þeyta smá rjómalufsu og hella upp á gott kaffi með.

**Botn**
100 g íslenskt smjör
180 g hveiti
1 eggjarauða
1/2 tsk salt
15 ml vatn

Allt hnoðað vel saman. Smyrjum 20-22cm eldfast mót. Fletjum deigið út og setjum í mótið, pössum okkur á því að deigið nái alveg upp á brún.

**Fylling**
190 g hrásykur (má vera venjulegur strásykur)
220 g síróp
3 egg
50 g íslenskt smjör
125 g suðusúkkulaði
150 g pecanhnetur

Hrærum vel saman sykur og smjör. Því næst bætum við sírópinu út í og hrærum síðan eggjunum saman við eitt og eitt í einu svo að blandan skilji sig ekki. Söxum hneturnar og súkkulaðið smátt og setjum saman við og hrærum varlega saman við. Hellum blöndunni yfir botninn. Bakið pæið við 175°C í um það bil 40 mínútur. Verði ykkur að góðu.



FRÉTTABLAÐIÐ / HARI

## Kjúklingasala eykst

KJÚKLINGASALA JÓKST UM TÆP 18 PRÓSENT Á SÍÐASTA ÁRI. FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍSFUGLS TELUR ÁSTÆÐUNA MEÐAL ANNARS VERA ÞÁ AÐ ÍSLENDINGAR SÆKI STÖÐUGT Í HOLLARI OG FITUMINNI MAT.

Kjúklingasala síðasta árs jókst um 17,5 prósent frá því árinu áður en alls seldust 5.755 tonn af kjúklingakjöti.

Framleiðsla síðasta árs á kjúklingum var aftur á móti 324 tonnum minni en salan, um 5.431 tonn, og hafa því birgðir minnkað sem því nemur.

Framkvæmdastjóri Ísfugls, Helga Lára Hólm, telur skýringar á aukningunni einkum tvenns konar. Annars vegar sæki landinn stöðugt í hollari og fituminni mat sem kjúklingurinn sé en einnig er kjúklingur mjög ódýr matvara.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu hefur kílóverð á kjúklingi lækkað um 171 krónur á síðustu tveimur árum en í febrúar 2005 kostaði kílóið 344 krónur.


**Vínþrúgur mánaðarins**
**20% afsláttur**
áman
Skeifunni 11d 108 Reykjavík Sími 533 1020
Reykjavíkurvegi 64 220 Hafnarfirði Sími 533 3070
www.aman.is




# allt tilboð o.fl.

**55%** Grísaskankarnir í Nóatúni eru á mestum afslætti þessa vikuna í tilboðstöflunni. Þeir lækka úr 219 krónur kílóið í 99 krónur.


**PhotoReading / MyndLestur**

* lestrar- og námstækni
* miklu öflugri en hraðlestur
* margfaldar lestrarhraðann
* eykur einbeitingu og skilning

15 klst. námskeið

www.namstaekni.is • www.photoreading.is

Námstækni ehf. • Ármúla 40, 2h. • s. 899 4023 • jona@namstaekni.is

marimekko®

er flutt á Laugaveg 56.

**Útsala og fjöldi opnunartilboða!**

Verið velkomin.

marimekko®

Laugaveg 56.

GÍTARINN HLJÓÐFÆRAVERSLUN

Opið: Mán-Fös: 10-18 Lau: 11-16

ÚTSALA

10. Janúar - 10. Febrúar

Allt að 70% Afsláttur

Komið og gerið frábær kaup!

**Risaútsala**

Veggflísar frá kr. 500 fm²

Gólfflísar frá kr. 990 fm²

**Sturtuklefar**

80x80 kr. 25.000

90x90 kr. 30.000

**Sýningareintak:** sturtuklefi m/nuddi 40% afsláttur

HÚSHEIMAR

Lækjargötu 34c • 220 Hafnarfirði • S: 553 4488

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga


**BÓNUS** — Tilboðin gilda til 29. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nestle ís 900 ml | 129 | Nýtt | 143 | |
| Frosin lúða í bitum | 999 | Nýtt | 999 | |
| N.f reyktir ýsubitar 800 g | 399 | Nýtt | 399 | |
| N.f þorsbitar roð og beinlausir | 599 | Nýtt | 599 | |
| Euroshopper kattamatur í áldósum 100 g | 29 | Nýtt | 290 | |
| Euroshopper hundamtur í áldósum 300 g | 79 | nýtt | 790 | |
| Fersk kjúklingablanda | 899 | 1.199 | 899 | 25 |
| K.s frosið lambasúpukjöt 2. og 3. fl. | 199 | Nýtt | 199 | |
| K.s frosið lambasúpukjöt 1. fl. | 398 | 499 | 398 | 20 |
| K.s frosin lambalæri 898 | 998 | 898 | 10 | |
| K.s frosin lambasvið | 379 | 499 | 379 | 25 |

**KRÓNAN** — Tilboðin gilda til 30. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Krónu kjúklingur ferskur heill | 399 | 499 | 399 | 20 |
| Gríms fiskibollur 550 g | 299 | 398 | 544 | 25 |
| Bautabúrs trippabjúgu | 299 | 499 | 299 | 40 |
| Oetker Pizza margar/pepp/skinka/svepp 270 g | 99 | 199 | 367 | 50 |
| LP franskar rifflaðar 450 g | 99 | Nýtt | 220 | |
| Eðalf. rækju/skinku/túnfisksalat 200 g | 172 | 245 | 860 | 30 |
| Dalhoff hringkaka ávaxta/marm./súkk.húð 400 g | 129 | 179 | 322 | 30 |
| Dalhoff Swiss rúlluterta 3 gerðir 300 | 99 | 179 | 330 | 45 |
| Jempy vanillukex 300 g | 149 | nýtt | 497 | |
| Jempy súkkulaðikex 300 g | 149 | Nýtt | 497 | |

**NÓATÚN** — Tilboðin gilda til 30. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Grísabógur hringskorinn | 499 | 599 | 499 | 15 |
| Grísarifjur (spare ribs) | 599 | 829 | 599 | 30 |
| Grísasíður m/pöru / pörusteik | 499 | 549 | 499 | 10 |
| Grísalundir | 1.799 | 2.429 | 1.799 | 25 |
| Grísaskankar | 99 | 219 | 99 | 55 |
| Gourmet ofnsteik m/dönskum blæ | 1.263 | 1.579 | 1.263 | 20 |
| Bautabúrs grísahakki | 589 | 841 | 589 | 30 |
| Goða skinka 216 g | 237 | 339 | 1.097 | 30 |
| Bautabúrs beikon bunki | 944 | 1.349 | 944 | 30 |
| Myllu beyglur fínar/m.kanil&rús/ 9 stk. | 199 | 279 | 22 | 30 |

**FJARÐARKAUP** ekki bara verð! — Tilboðin gilda til 28. janúar.

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Fjallalamb frosin lambalæri | 898 | 998 | 898 | 10 |
| Ali vinarbylsur | 651 | 868 | 651 | 25 |
| Fjallalambs súpukjöt (lauspakkað) | 398 | 548 | 398 | 25 |
| Ali vínarpylsur | 651 | 868 | 651 | 25 |
| Fjallalamb kindahakk | 798 | 1.066 | 798 | 25 |
| Ali skólakæfa | 878 | 1.098 | 1.098 | 20 |
| cape rauð,græn og blá vínber | 398 | 498 | 398 | 20 |
| Fjallalamb ofnsteik | 1.198 | 1.614 | 1.198 | 25 |
| Perur | 99 | 135 | 99 | 25 |

**HAGKAUP** — Tilboðin gilda til 29. janúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri úr kjötborði | 898 | 1.298 | 898 | 30 |
| Lambalærisneiðar úr kjötborði | 1.098 | 1.498 | 1.098 | 25 |
| Bayoneskinka | 899 | 1.498 | 899 | 40 |
| Daloon vorrúllur m/nautakjöti | 399 | 519 | 399 | 25 |
| Daloon kínarúllur | 399 | 519 | 399 | 25 |
| Minna mál 3 teg. | 259 | 289 | 259 | 10 |

**Þín verslun** — Tilboðin gilda til 1. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Frönsk sveita skinka 1/1 pökkuð | 1.229 | 1.638 | 1.229 | 25 |
| Franskar grillpylsur | 674 | 898 | 674 | 25 |
| Skólaskinka 165 g | 149 | 199 | 903 | 25 |
| Úrbeinaðar bringur m/skinni | 1.758 | 2.198 | 1.758 | 20 |
| Úrbeinaðar bringur án skinns | 1998 | 2498 | 1,998 | 20 |

# Upptökuvélar og plasmasjónvörp

***Nú stendur yfir útsala í Sjónvarpsmiðstöðinni þar sem boðið er upp á allt að 85 prósenta afslátt.***



Sjónvarpsmiðstöðin býður til útsölu í verslun sinni við Síðumúla. Mikið úrval af sjónvörpum er á útsölu með allt að helmingsafslætti, hátalarar eru með miklum afslætti og mikið úrval af heimabíókerfi frá tæpum tíu þúsund krónum.

Sem dæmi má nefna að hægt er að fá JVC tökuvél með hörðum diski með 35 þúsund króna afslætti og 42 tommu plasmasjónvarp með 30 þúsund króna afslætti. Einnig má fá dvd-spilara fyrir aðeins tæpar sjö þúsund krónur og 21 tommu UNITED sjónvarpstæki ásamt dvd-spilara fyrir tæpar 20 þúsund krónur.

Takmarkað magn af raftækjum er á þessari útsölu og gildir því hið víðfræga lögmál viðskiptaheimsins, fyrstur kemur fyrstur fær.

Einnig má skoða hundruð girnilegra tilboða á heimasíðunni www.sm.is.

# Gólfefni á tilboði

***Harðviðarval er með góða útsölu á gólfefnum og blöndunartækjum.***

Nú borgar sig að parket- eða flísaleggja og fá sér ný blöndunartæki ef því er að skipta. Harðviðarval er með 35 prósenta afslátt af öllum blöndunartækjum, einnig eru allar flísar með 25 prósenta afslætti.



Auk þess eru allir afgangar seldir með allt að 70 prósenta afslætti. Með því að að kaupa parket, lista og undirlag er hægt að spara hundruð þúsunda króna. Sem dæmi má nefna að Eik Tundra Haró parket ásamt hljóðeinangrandi undirlagi og eikarlistum fyrir 75 fermetra gólfflöt kostaði áður 410.100 en kostar nú 254.250 og nemur því sparnaðurinn 155.850 þúsundum króna. Fyrir þann pening má svo kaupa flísar á baðherbergið eða endunýja blöndunartækin.

Harðviðarval er til húsa að Krókhálsi 4.

## tilboð }

Z-brautir og gluggatjöld í Faxafeni bjóða vörur sínar á útsöluverði, frá 10 til 70 prósenta afslætti.

Verslunin Hjá Hrafnhildi við Engjateig lækkar verð enn frekar á lokadögum útsölunnar.

Bernhard Laxdal veitir 50 til 70 prósenta afslátt af vörum sínum.

Laura Ashley í Faxafeni er með 10 til 70 prósenta afslátt á útsölu sinni.



Útivist og veiði veita 20 til 70 prósenta afslátt á útsölu sinni. Mikill afsláttur á fluguhnýtingarefnum og önglum.



Selena býður 15 prósenta aukaafslátt af öllum útsöluvörum.

Iðunn tískuverslun býður 20 prósenta aukaafslátt af útsöluvörum.



Eirvík er enn í afsláttarskapi og nú eru það Miele ryksugurnar sem eru á tilbboðsverði með 30 prósenta afslætti.

Bison í Kringlunni er með 50 til 70 prósenta afslátt af dömu- og herravörum.

# Helgarsprengja

***Í Húsasmiðjunni og Byko má fá ýmsar vörur með allt að áttatíu prósenta afslætti.***



Blöndunartæki eru á þrjátíu prósenta afslætti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Helgarsprengja Húsasmiðjunnar stendur yfir og verður fram á sunnudag. Í helgarsprengjunni má fá ýmsar vörur með allt að áttatíu prósenta afslætti. Meðal annars er hægt að fá sturtuklefa með fjörutíuprósenta afslætti og blöndunartæki með þrjátíu prósenta afslætti.

Byko stendur fyrir lagerhreinsun um helgina þar sem útsölulokin nálgast óðfluga hjá þeim. Hægt er að fá blöndunartæki og vaska á allt að 70 prósenta afslætti, salerni á 30 prósenta afslætti og baðkar á helmingsafslætti. Þeir sem kjósa frekar að standa þegar þeir baða sig geta fengið Svedbergs sturtuklefa á 35 prósenta afslætti. ■

# Sýningarvörur á afslætti í Epal

***Hægt verður að fá allt að 50 prósenta afslátt af ýmsum sýningarvörum í dag og á morgun í Epal.***

Í gær hófst þriggja daga útsala í Epal í Skeifunni en henni lýkur á morgun, laugardag. Flest allt í búðinni má finna á einhvers konar afslætti, að vísu mismiklum. Þannig má til dæmis finna ýmis konar smávöru á 10 prósenta afslætti og ljós á 15 prósenta afslætti.

Helst ber þó að nefna að hægt er að fá sýningarvörur með 20 prósenta afslætti og allt upp í helmings afslátt. Þar má meðal annars finna vörur eftir frægustu húsgagnahönnuði heims, til dæmis Arne Jacobsen, Philippe Starck, Hans J. Wegner og Vico Magistetti. Eins og áður segir stendur þessi stutta útsala aðeins til laugardags og því er betra að hafa hraðar hendur því á útsölunni má vel gera góð kaup á vörum eftir heimsfræga hönnuði. ■



Hægt verður að finna flottar sýningarvörur á allt að 50 prósent afslætti í Epal fram á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA





ÓSKAR BERGSSON Í 1. SÆTIÐ

STEFNUMÁL:
- Frístundanámið inn í skólana
- Nægt framboð byggingalóða
- Sundabraut í göng á ytri leið
- Aldraðir njóti einkalífs á dvalarheimilum

www.oskarbergs.is sími: 553 2900



OG NÚ ER FJÖR rýmum fyrir nýjum vörum

Gaflar og náttborð
15-50% afsláttur



Nú er rétti tíminn
Gravity Zero stillanlegu rúmin á ótrúlegu tilboði í Betra Bak.





www.design.is © 2006

Frábær tilboð á Tempur heilsudýnum



Spring Air
The Back Supporter®
NeverTurn Mattress
Ótrúlegt tilboð

Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# Risaútsala

Veggflísar frá kr. 500 fm²
Gólfflísar frá kr. 990 fm²
**Sturtuklefar**
80x80 kr. 25.000
90x90 kr. 30.000
**Sýningareintak:** sturtuklefi m/nuddi 40% afsláttur

HÚSHEIMAR
Lækjargötu 34c • 220 Hafnarfirði • S: 553 4488



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

**Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.**

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn


## Olíulampar á útsölu

LJÓSIN Í BÆNUM BJÓÐA UPP Á 10 TIL 70 PRÓSENTA AFSLÁTT AF VÖRUM SÍNUM. ÞAR ERU MEÐAL ANNARS TIL SÖLU KERTASTJAKAR OG ÝMSAR TEGUNDIR LJÓSA OG LAMPA.



Útsala er hafin í versluninni Ljósin í bænum. Allar vörur eru á afslætti en í versluninni er meðal annars að finna olíukyndla og kertastjaka sem eru dönsk hönnun frá Aristo. Einnig eru þar skermar og allt sem tengist lömpum, ljósum og útiljósum. Afslátturinn er frá 10 prósentum upp í 70 prósent.
Verslunin er til húsa í Suðurveri, Stigahlíð 45, en útsölunni lýkur laugardaginn 28. janúar.

Allt að 70 prósenta afsláttur er af lömpum.

tilboð }



## Sólarferðir

Þeir sem eru að hugsa sér til hreyfings út fyrir landsteinana ættu að hafa augun opin fyrir tilboðum. Margar ferðaskrifstofur hafa þann háttinn á að bjóða fyrstu 50 til 100 sætin á tilboðsverði, einkum þegar um nýja áfangastaði er að ræða. Með því að bóka snemma má spara töluvert og njóta frísins betur.





ÓSKAR BERGSSON Í 1. SÆTIÐ

STEFNUMÁL:
• Frístundanámið inn í skólana
• Nægt framboð byggingalóða
• Sundabraut í göng á ytri leið
• Aldraðir njóti einkalífs á dvalarheimilum

www.oskarbergs.is sími: 553 2900




Igma, nærföt

# Fjögur verð hjá IGMA

*IGMA nærfataverslun er með ferns konar verð á útsölu sinni.*

IGMA við Kleppsmýrarveg er umboðs- og heildverslun sem sérhæfir sig í innflutingi og sölu á fatnaði frá Evrópu. IGMA selur meðal annars bómullarboli, stuttermaboli, nærföt, náttföt og náttsloppa, og er umboðsaðili vörumerkjanna Nina Von C, Minerva, Lord Underwear og Lucas Intimo. Þessa dagana er útsalan hjá þeim í hámarki þar sem enn meiri verðlækkun er á vörum þeirra. Aðeins ferns konar verð er í gangi: 500 krónur, 1.000 krónur, 1.500 krónur og 2.000 krónur, og því hægt að gera stórgóð kaup.
Áhugasamir geta skráð sig á póstlista IGMA á www.igma.is. Skráðir fá sent að jafnaði eitt tilboð í mánuði frá versluninni.

# Brúðarkjólar

*Brúðir geta nú fengið föt fyrir stóra daginn á útsölu.*



Efnalaugin og fataleigan í Garðabæ er með útsölu þessa dagana. Fyrir verðandi brúðir ársins er ekki seinna vænna að huga að fatavalinu á sjálfan brúðkaupsdaginn.
Á útsöluverði eru brúðarkjólar, kjólar fyrir brúðarmeyjarnar og ýmsir fylgihlutir.
Nánari upplýsingar má fá á www.fataleiga.is.

Í Efnalauginni og fataleigunni í Garðabæ er útsala á brúðarkjólum, brúðarmeyjarkjólum og ýmsum fylgihlutum.

# Raftæki á tilboði

*Síðustu dagar útsölunnar í Radíóbæ.*



Raftækin sem við notum til afþreyingar geta kostað skildinginn. Radíóbær er með verðsprengju núna á síðustu dögum útsölunnar. Veittur er allt að 75 prósenta afsláttur af flatsjónvörpum, DVD-spilurum, örbylgjuofnum, heimabíói, ferðasjónvörpum og einnig á ýmsum heimilissmátækjum og 12 volta ferðavörum.



Áður 35.000 kr
Nú 29.750 kr
Bjóðum léttgreiðslur
Osim fótanuddtæki
TAKIÐ
AF YKKUR SKÓNA!
rúmco



allt
atvinna
Alla sunnudaga



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

**Örlagalínan**
**908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Englaljós til þín**
Tarot, miðlun, draumar og hvað vilti vita um árið 2006? Lára spámiðill. 908 5050. kl. 14:00 til kl. 02:00 eftir miðnætti.

**908 6116**
er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

Spái í spilin með ykkur. Tímapantanir í s. 691 8504. 100 kr. mín. Hildur.

## Múrarar

**Múrverk.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Upplýsingar í síma 896 6614. Kolbeinn Hreinsson múrarameistari.

Verktakafyrirtæki getur útvegað járna og uppsláttarmótagengi og allt sem tengist steypu og múrvinnu. S. 691 2326 & 861 7294.

## Rafvirkjun




## Trésmíði

Allt fyrir garðinn þinn! Sólpalla og girðingasmíði, hellulagnir og trjáklippingar. Erum byrjaðir að taka pantanir fyrir sumarið. S. 848 3727.

**Verktaki - G. Steingrímsson**
Getum bætt við okkur uppsetningu á léttum milliveggjum gifs/tré. Föst tilboð. S. 869 9102.

2 smiðir geta bætt við sig verkefnum, öll almenn smíðavinna, úti sem inni, nýsmíði og viðhald, innréttingar og parketlagnir. S. 898 9390 og 691 4998.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Árangur með Herbalife! Kaupauki með grunnplani í janúar. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

www.betriheilsa.is Betri heilsa með næringuna að leiðarljósi Anna s:898 9738

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife - nýr lífsstíll. Sveinbjörn s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Skápur úr Tekk vöruhúsi. Mjög fallegur dökkur skápur með glerhurðum til sölu, ca 3ja ára gamall. Verð 25.000. Uppl. í s. síma 891 8521.

Vandaðar kojur, 2ja-3ja hæða. Geta verið stök rúm. Stærð: 90x200cm. 1 árs. Einnig 28" Roadstar sjónv. 1 árs. 15. þús. Til sýnis í Skaftahlíð 7, 3. h. Lau. kl. 14-15. S. 698 2977.



Til sölu borðstofuhúsgögn, mjög vel með farin ca 100 ára. Tilboð. Uppl. í síma 696 3655.

## Heimilistæki

'05 árgerð Sanussi ísskápur 1/2 frystir, hæð 1,78, breidd 0,60, dýpt 0,50. Lítið notaður, kostar nýr 60 þús. Verð 25 þús. Uppl. í s. 551 1682 eða 867 5209.

Til sölu U-laga eldhúsinnr. m. ofni, uppþvottav. keramik hellub., vaski og blöndunart. V. 50 þ. og þarf að taka hana niður. S. 895 9505.

## Fatnaður

Rýmingarsala Til sölu brúðarkjólar, smókingar og kjólföt. Uppl. í síma 554 0993.

**Fatabreytingar.**
Fatabreytingar. Skraddarinn á horninu Vatnsstíg 11. s. 552 5540 & 861 4380.

## Barnagæsla

Ég er 14 mán. strákur sem þarf að láta sækja mig til dagmömmu á hverjum degi kl. 16:30. Mamma mín býr í vesturbænum og er að vinna til 17. Mamma myndi svo koma og ná í mig um 17:30. Áhugasamir hafi samband á milli 17 og 22:30 í s. 824 4568.

## Dýrahald




**Járn-plast og léttbúr**
Dýrabær Hlíðarsmára 9. Kóp. 553 3062 og Smáralind 554 3063.

4 hreinr. Schaffer hvolpar undan Skímu & Leó, tilb., til afh. 3 feb. HRFÍ skírteini. S. 660 7667.

9 vikna kettlingur fæst gefins, kassavanur og hress. Uppl. í s. 864 8003.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Vetrarvörur

Burton snjóbretti (110 cm) , bindingar og skór nr. 36 til sölu. Verð kr. 23.000. Upplýsingar í síma 896 5064.

## Fyrir veiðimenn




**VEIÐIMENN !**
Efri-Haukadalsá, Dalasýslu er laus til útleigu frá 20. júní. Ánni fylgir veiðihús.
Tilboð berist fyrir 20. feb til:
Veiðifélags-Efri Haukadalsár
Hömrum, 371 Búðardalur
**Uppl. Í s. 434 1356 og 434 1342 á kvöldin.**

**Aðalfundur SKOTVÍS**
Aðalfundur Skotveiðifélags Íslands verður haldinn mánud. 20. febrúar kl. 20:00 í Ráðhúskaffi. Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.
**Stjórnin**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Glæsileg 139 fm skrifstofuhæð á annarri hæð til leigu við Fiskislóð 101 RVK. Getur leigst í heilu lagi eða einstaka skrifstofa. Nánari uppl. í s. 897 3290.

Til leigu glæsilegar stúdíó íbúðir í 101 Reykjavík, íbúðirnar eru fullbúnar með öllum húsgögnum, sjónvarpi, dvd, internet og fullbúnu eldhúsi. Leigist til lengri eða skemmri tíma. Upplýsingar í síma 863 0403.

160 fm raðhús á svæði 109 til leigu. Leigist frá 1. mars - 2. sept. 120 þús. +/- . S. 587 0137 & 820 2378.

Fallegt einstaklingsherbergi búið húsgögnum í reisulegu einbýli í grónu hverfi. Aðgangur að fullbúnu eldhúsi, baðherbergi/þvottaaðstöðu. Sjá heimasíðu, www.mmedia.is/tilleigu S. 892 9888.

2ja herb. íbúð á sv. 105 Rvk. Stutt í alla þjónustu. Er laus. Uppl. í s. 898 0101.

3ja herb. íbúð í hlíðunum til leigu frá og með 1. feb. í 6 mánuði. Uppl. í s. 699 3737.

Til leigu 2ja til 3ja herb. (55fm) íbúð í 104 Rvík. Uppl. í síma 892 7003.

**Herbergi í 105 til leigu!**
Ný standsett 16 fm herbergi með sameiginl. aðg. að sturtu og WC, tengi fyrir sjónvarp (örbylgjuloftnet) og aðg. að þvottavél. Leiguverð kr. 35 þús. Innifalið rafm. og hiti. 2 mán. í tryggingu. Laust nú þegar. S. 567 2642.

90 fm 3ja til 4ra herb. kj.íbúð til leigu á Vitastíg 101 Rvk. Verð 100-120 þ. kr. á mán. Húsgögn geta fylgt. Fyrirspurnir sendist á husaleiga@visir.is svarað samdægurs. Laus 1. feb. Fyrirframgr. 2 mán.

Til leigu stúdíóíbúð í 101 Rvík. með sérinng. Verð 55 þ. kr. 2 mán. fyrirfram. Fyrirspurnir sendist á husaleiga@visir.is svarað samdægurs. Laus 1. feb.

Til leigu stúdíóíbúð við Engjasel í Breiðholti. Uppl. í s. 860 0015.

## Húsnæði óskast

**3ja herb. íbúð óskast!**
Ungt par með 2 börn óskar eftir að taka á leigu 3ja herb. íbúð, miðsvæðis í Rvk. Erum róleg og reglusöm. Greiðslugeta 60-80 þús., skilvísum greiðslum heitið. Vinsamlegast sendið svör á smaar@frett.is eða skilið í afgreiðslu 365 Skaftahlíð 24 merkt "íbúð/Rvk."

Ungu pari vantar íbúð á verðbilinu 40-50 þús. Meðmæli ef þörf krefur. Uppl. í s. 662 0396.

Reglusamt par óskar eftir 3ja - 4ra herb. Íbúð helst á svæði 220 annað kemur líka til greina. Skilvísi og reglusemi heitið. Nánari uppl. í s. 846 8076 & 867 1056.

Einstaklingsíbúð óskast á sv. 101-107. 30 ára kk., reglusamur og skilvís. Meðmæli ef óskað. S 862 2623.

Ungt par óskar eftir lítilli íbúð, til eins árs. Helst í Grafarvogi. Uppl. í s. 557 7095 & 844 8185.

## Sumarbústaðir

Ljósmæðrafélag Íslands óskar eftir sumarbústað til leigu fyrir félagsmenn sína júní, júlí og ágúst 2006. Ábyrgjumst greiðslur og góða umgengni. Áhugasamir skrifi til formadur@ljosmaedrafelag.is

## Atvinnuhúsnæði

Traustur aðili óskar eftir verslunarhúsnæði allt að 80 fm. sem gæti hentað undir naglastofu. Má þarfnast viðhalds, skoða allt. Uppl. í s. 869 7313.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. www.geymslaeitt.is 564 6500.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bortækni**
Óskar eftir mönnum í steypusögun.
**Uppl. í s. 892 7544.**

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast í eldhús og sal.
Aldur 35+ æskilegast.
**Uppl. í s. 894 0292.**

**Breiðholtsbakarí.**
Óskum eftir að ráða bakara eða manneskju vana brauðbakstri á næturvaktir. Unnið í 8 nætur, frí 6 nætur.
**Upplýsingar gefur Guðmundur í síma 892 1031.**

**Red Chili**
Óska eftir að ráða matreiðslumann eða vanan starfskraft í eldhús í vaktavinnu.
**Umsóknir og upplýsingar á staðnum eða í s. 660 1855.**
**Laugavegur 176.**

**Dagvinna.**
Við óskum eftir líflegum og góðum sölumönnum á dagvaktir, unnið er frá 10.00 - 16.00 alla virka daga. Tímakaup og bónusar. Einnig er laus staða í símasvörun.
**Hafðu samband í síma 575 1500 eða leggðu inn umsókn á vaktstjorn@skulason.is.**

**Við bjóðum þér gott starfsumhverfi!**
Ingvar Helgason óskar eftir starfsmönnum við þrif og bón á nýjum og notuðum bílum. Taktu þátt í uppbyggingu í vaxandi fyrirtæki.
**Upplýsingar veitir Svanberg í síma 525 8043. svanberg@ih.is www.ih.is**

## FASTEIGNIR



**Bakarí.**
Starfsfólk óskast í afgreiðslu í bakaríið í Rangárseli og Langarima.
**Uppl. í s. 898 5277, Lovísa.**

**Hrafnista Reykjavík. Aðhlynning.**
Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir.
**Uppl. veitir starfsmannaþjónustan í síma 585 9529 og á hrafnista.is**

**Vífilsstaðir. Garðabæ. Aðhlynning.**
Okkur vantar starfsfólk í aðhlynningu á morgun-kvöld og helgarvaktir, Einning vaktir frá kl.8-13 alla daga. Unnið skv.Time Care vaktavinnukerfinu,sveigjanlegur vinnutími.
**Uppl.gefur Ingibjörg Tómasdóttir hjúkrunarstjóri í Síma 599-7011 og 664-9560.**

**Víðines. Aðhlynning.**
Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.
**Uppl.gefur Borghildur í síma 5638801-8625470 og á hrafnista.is**

HAGKAUP

**Hagkaup Smáralind**
Óskar eftir að ráða þjónustulundað og lipurt fólk á kassalínuna, um er að ræða fullt starf. Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is, mæta í Smáralindinna eða hringja í Dagbjörtu, rekstrarstjóra í síma 530-1000 og sjá hvort við eigum ekki samleið.

HAGKAUP

**Hagkaup Garðabær**
Óskar eftir að ráða þjónustulundað og lipurt fólk á kassalínuna, um er að ræða fullt starf. Einnig eigum við laus störf í matvörunni Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is, mæta í Garðabæinn eða hringja í Eyrúnu, deildarstjóra í síma 565-6400 og sjá hvort við eigum ekki samleið.

**Bakarí**
Starfskraftur óskast til ræstinga í einn mánuð. Uppl. í síma 820 7370.

**Bakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í Bakarí í Kópavogi eftir hád. og aðra hvora helgi. Helst reyklaus. uppl. í s. 820 7370

Óska eftir hugmyndaríkum starfskrafti til umönnunar og heimilisstarfa, 4 daga vikunnar, bílpróf skilyrði. Góð laun í boði. Uppl. í s. 698 8806 milli kl. 16 & 19.

**Vélamaður óskast**
Óska eftir vönum gröfumanni á hjólagröfu. Mikil vinna. Góð laun í boði. S. 893 8213.

**Sjómennska**
Maður vanur dragnótaveiðum óskast á bát sem rær frá suðurnesjum. Upplýsingar veitir Einar í síma 892 2590.

**JC Mokstur**
Verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir vönum gröfumönnum. Góð laun í boði. Uppl. í s. 693 2607.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfkraft til afgreiðslustarfa í verslunum okkar. Vinnutími er frá kl 07-13 daglega. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma 699 5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

**Óska eftir að ráða duglegan og reglusaman starfsmann í hitaveitulagnir o.fl. Uppl. í s. 892 1919.**

## Atvinna óskast

Óska eftir vinnu við ræstingar á kvöldin og um helgar, hef mikla reynslu. Uppl. í síma 847 9715.

## Viðskiptatækifæri

**Vantar þig starfsfólk?**
Við getum hjálpað þér að finna útlenskt starfsfólk sem hefur áhuga á að koma til Íslands og hjálpum þér við alla vinnuna í kring.
**Skoðum meðmæli úti. Uppl. í s. 865 4636.**

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Aðalfundur kvartmíluklúbbsins verður haldinn laugardaginn 11. febrúar klukkan 14:00 í íþróttahúsinu við Strandgötu Haf. Almenn aðalfundarstörf, reglu og lagarbreytingar, stjórnarkjör sjá nánar á www.kvartmila.is

Útsalan er hafin. Tekk-company

Akstur að og frá flugstöð Leifs Eríkssonar á innanbæjartaxta. Hreyfill/ Bæjarleiðir, 5-88-55-22

Þrefaldur pottur stefnir í 12 milljónir. Lottó.

Reykvíkingar! Óskar Bergsson í fyrsta sætið hjá Framsóknarflokknum.

Útsalan hafin. Flexor Orkuhúsinu, Suðurlandsbraut 34

Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. verður haldin á Nordica hótel laugardaginn 4. febrúar kl. 14. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf. Hluthafar geta nálgast dagskrá og tillögur á skrifstofu eða heimasíðu félagsins sjö dögum fyrir aðalfund. Bankaráð Landsbanka Íslands hf.

Þrefaldur pottur. Lottó.

Akstur á Keflavíkurflugvöll á innanbæjartaxta. Mikill sparnaður, algjör þægindi. Hreyfill/ Bæjarleiðir, 5-88-55-22

Allt til Víngerðar. Áman.

Pottaplöntuútsala- gróðurhúsin full af spennandi pottaplöntum. Blómaval.

## Einkamál




KÓPAVOGSBÆR

# AUGLÝSING UM AFGREIÐSLU BÆJARSTJÓRNAR, BÆJARRÁÐS OG SKIPULAGSNEFNDAR KÓPAVOGS Á AUGLÝSTUM TILLÖGUM AÐ DEILISKIPULAGI.

**Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar, bæjarráðs og skipulagsnefndar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögum:**

**Dalsmári 13. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 13. desember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Dalsmára 13 í Kópavogsdal. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri lóð (Dalsmára 13) fyrir tennishöll norðan Dalsmára 11. Húsið verður sömu gerðar og húsið að Dalsmára 11. Grunnflötur þess er fyrirhugaður 39x55 m, útveggir allt að 5 m og mænishæð allt að 10 m. Í húsinu er rými fyrir 3 tennisvelli í fullri stærð. Jafnframt er í tillögunni gert ráð fyrir þjónustuaðstöðu á einni hæð og bílastæði við austurgafl hússins. Tillagan var auglýst lögum samkvæmt frá 19. september til 17. október 2005 með athugasemdafresti til 31. október 2005. Athygli nágranna var vakin á því með bréfi að tillagan væri til kynningar á bæjarskipulagi. Athugasemd barst. Tillagan var samþykkt óbreytt. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 30. janúar 2006.

**Urðarhvarf 8. Breytt deiliskipulag.**
Bæjarráð Kópavogs samþykkti þann 22. desember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 8 við Urðarhvarf. Í breytingunni felst að í stað tveggja stakstæðra bygginga á lóðinni er gert ráð fyrir einni samfeldri byggingu sem verður 4, 5 og 6 hæða auk kjallara í stað 5 hæða auk kjallara. Á 6. hæðar hluta hússins er gert ráð fyrir inndreginni þakhæð. Í tillögunni felst jafnframt að byggingarreitur færist um 7 metra til norðurs og heildarflatarmál hússins eykst um 3700 fermetra úr um 9.600 í um 13.300 fermetra. Fyrirkomulag og fjöldi bílastæða breytist. Tillagan var auglýst lögum samkvæmt frá 31. október til 28. nóvember, með athugasemdafresti til 12. desember 2005. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerði ekki athugasemd við að birt yrði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 30. janúar 2006.

**Furugrund 44. Breytt deiliskipulag.**
Á fundi skipulagsnefndar 29. nóvember 2005 var lögð fram til síðari umræðu tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 44 við Furugrund. Í breytingunni felst að tvíbýlishús sem nú stendur á lóðinni, byggt 1955, er rifið og þriggja hæða fjölbýlishús auk kjallara með 6 íbúðum byggt í þess stað. Í kjallara er gert ráð fyrir 12 bílastæðum. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv.1:500 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 6. september 2005. Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1973 frá 19. september til 17. október 2005 með athugasemdafresti til 31. október 2005. Athugasemdir og ábendingar bárust. Á grundvelli athugasemda sem bárust hafnaði skipulagsnefnd tillögunni.

**Kársnesbraut 104. Breytt deiliskipulag.**
Á fundi skipulagsnefndar 17. janúar 2006 var lögð fram til síðari umræðu tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 104 við Kársnesbraut. Í tillögunni felst að núverandi bygging er hækkuð um eina hæð, verður tvær hæðir í stað einnar séð frá Kársnesbraut en þrjár í stað tveggja hæða séð frá Vesturvör. Enn fremur er byggt við vesturhlið hússins. Er viðbyggingin áætluð 225 m2 að grunnfleti og tengist (leggst að) norðurhlið Kársnesbrautar 106. Fjöldi bílastæða er óbreyttur. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 og 1:500 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 15. júní 2005.
Tillagan var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1973 frá 19. september til 17. október 2005 með athugasemdafresti til 31. október 2005. Athugasemdir og ábendingar bárust. Á grundvelli athugasemda sem bárust hafnaði skipulagsnefnd tillögunni.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

## TIL SÖLU

**SAUÐÁRKRÓKSBAKARÍ**
**TIL SÖLU**
**Fyrirtæki í góðum rekstri.**
**Upplýsingar í síma**
**892-5838 & 453-5838.**

## ATVINNA

**Kranamenn óskast.**
Mikil vinna, góð laun.
**Upplýsingar gefur Logi í síma 898 5369.**

# Námskeið

**vegna leyfis til að gera eignaskiptayfirlýsingar.**

Námskeið í gerð eignaskiptayfirlýsinga hefst 13. febrúar 2006. Kennt verður 13. febrúar til 10. mars, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, kl. 17:00-20:00. Próf verður 31. mars og 1. apríl. Námskeiðið er haldið samkvæmt lögum um fjöleignarhús og reglugerð um leyfi til að gera eignaskiptayfirlýsingar. Þátttöku ber að tilkynna til Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, Dunhaga 5, 107 Reykjavík, sími 525 4444, í síðasta lagi miðvikudaginn 1. febrúar 2006. Námskeiðsgjald er kr. 89.000 og prófgjald kr. 31.000. **Fyrirvari er gerður um næga þátttöku.**

*Prófnefnd eignaskiptayfirlýsinga*

## SJÓNARHORN



GUÐRÚN DREGUR VIKTOR SNÆ OG MARÍU LÍF Á SNJÓÞOTU Í KÓPAVOGI.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# TOPP 5: JODIE FOSTER

**1. Taxi Driver (1976).** Foster var aðeins þréttán ára þegar hún lék unga vændiskonu í myndinni. Vegna aldurs mátti hún ekki leika nokkur atriði og lék þá eldri systir hennar í staðinn. Var tilnefnd til óskarsverðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni.



**2. Silence of the Lambs (1991).** Bæði Michelle Pfeiffer og Emmu Thompson var boðið hlutverkið sem Foster lék en þær höfnuðu því báðar. Aðrir leikarar sem voru bendlaðir við hlutverk í myndinni, þá aðallega hlutverk Hannibals Lecter, voru Robert Duval, Robert De Niro, Jack Nicholson og Jeremy Irons. Foster fékk sinn annan óskar fyrir leik sinn í myndinni.

**3. Panic Room (2002).** Foster var hreppti hlutverkið í myndinni eftir að Nicole Kidman þurfti að hafna því aðeins 18 dögum áður en tökur áttu að hefjast. Foster var þá þunguð af öðru barni sínu. Gera varð hlé á upptökum þegar Foster átti barnið. Vegna þess hve langan tíma tók að taka myndina hafði stúlkan sem lék dóttur Foster, Kristen Stewart, stækkað svo mikið að hún var orðin hærri en Foster þegar tökum var að ljúka en hafði áður verið lægri í loftinu.

**4. The Accused (1988).** Myndin byggist á sönnum atburðum og fjallar um hópnauðgun og eftirmál hennar. Til þess að undirbúa sig fyrir hlutverkið sótti Foster meðal annars stuðningsfundi fyrir fórnarlömb nauðgana. Fékk sinn fyrsta óskar fyrir leikinn í þessari mynd.

**5. Nell (1994).** Myndin er byggð á leikriti eftir Mark Handley. Þetta er fyrsta myndin þar sem Foster er titluð framleiðandi. Bók með samnefndum titli er eftir Nancy Thayer. Foster var tilnefnd til óskarsverðlaunanna fyrir leik sinni í myndinni en fékk þau ekki. Hún hefur fjórum sinnum verið tilnefnd og tvisvar unnið, sem þýðir að hún er með helmings vinningshlutfall.

## VISSIR ÞÚ...

...að um 1000 f. Kr. notuðu Kínverjar flugdreka til að lyfta mönnum upp og njósna um óvini? Í endurminningum sínum segist Marco Polo hafa orðið vitni að slíku flugi á 14.öld.

...að árið 1010 varð munkurinn Oliver frá Malmesbury fyrstur vesturlandabúa til að fljúga vegalengd sem einhverju nemur? Hann stökk frá hæsta punkti Malmesbury klaustursins og sveif um 125 skref. Hann braut báða fótleggi við lendingu.

...að um aldamótin 1500 gerði Leonardo da Vinci fjölmargar teikningar að flugmaskínum? Þar á meðal er þyrla sem byggir á sömu grundvallar lögmálum og þyrlur í dag.

...að 1783 fór fyrsti loftbelgurinn á loft? Hann var mannlaus og var knúinn áfram af bruna á rakri ull og gömlum skóm.

...að fyrsti mannaði loftbelgurinn fór á loft á sama ári? Sú tilraun fór þó ekki fram fyrr en belgurinn hafði verið prófaður með 3 farþegum, hana, önd og hænu.

...að á næstu 20 árum var farið í fyrsta sinn yfir Ermasundið í loftbelg og fyrsta fallhlífarstökkið fór fram úr 600 m hæð?

...að 1804 flýgur fyrsta svifflugan?

...að 1809 deyr fyrsta konan í loftbelgjaslysi? Hún var að horfa á flugeldasýningu í loftbelg sínum og viti menn, loftbelgurinn brann.

...að á aldamótaárinu 1900 flaug fyrsta loftskipið?

...að 1929 varð loftskipið Graf fyrsta loftfarið til að fljúga kringum jörðina?

...að gullöld loftskipanna lauk þegar Hindenburg brann árið 1937 í Lakehurst í Bandaríkjunum?

...að Hindenburg er enn þann dag í dag stærsta farartæki sem nokkurn tímann hefur flogið? Það var 245 m langt, 41 m í þvermál og komst 135 km/klst.

...að til samanburðar var Titanic aðeins 24 m lengra en Hindenburg?


Allt að 50% afsláttur

Útsala

í Orkuhúsinu við Suðurlandsbraut

Flexor býður upp á alhliða þjónustu sem er sérstaklega ætluð þeim sem finna fyrir óþægindum í baki, mjöðmum, hnjám eða iljum, fá sinadrátt í kálfa, þreytuverk eða pirring í fætur. Stoðtækjafræðingar, sjúkraþjálfarar og annað sérhæft starfsfólk veitir faglega ráðgjöf varðandi val á vörum. Samstarf Flexor við bæklunarlækna og aðra sérfræðinga sem starfa í Orkuhúsinu gerir okkur kleift að veita þér þjónustu sem völ er á.

**Hjá Flexor færðu:**

- Göngugreiningu
- Stuðningshlífar
- Innlegg
- Hitahlífar
- Ráðgjöf
- Armstafi
- Íþróttaskó
- Gönguskó
- Barnaskó

ÖSSUR SCARPA ecco asics Teva

FLEXOR NÆSTA SKREF
Suðurlandsbraut 34 · Sími 517 3900

GOTT FÓLK McCANN



allt bílar
Alla laugardaga

# Öflug Framsókn - öflug Reykjavík

UMRÆÐAN
PRÓFKJÖR FRAMSÓKNARFLOKKSINS



GESTUR KR. GESTSSON

*Framsóknarflokkurinn er miðjuflokkur, flokkur fjölskyldunnar, samhjálpar og samvinnu. Slíkur flokkur á samleið með þorra borgarbúa sem vill byggja upp og gera góða borg enn betri.*

Laugardaginn 28. janúar næstkomandi verða frambjóðendur Framsóknarflokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar valdir í opnu prófkjöri flokksins. Það er mikilvægt að vel takist til og að flokkurinn bjóði fram sterkan lista sem er líklegur til að ná árangri.

Nú eru nýir tímar. Reykjavíkurlistinn er blessunarlega að líða undir lok og er þetta er í fyrsta skipti í 16 ár sem Framsóknarflokkurinn býður fram í eigin nafni í borginni. Ný forysta mun taka við í borgarmálunum hjá Framsóknarflokknum. Nýjum mönnum fylgja nýjar áherslur og stefnumál.

Reykjavík er borg tækifæranna. Við erum ein ríkasta þjóð í heimi og eigum að geta gefið öllum tækifæri á að lifa mannsæmandi lífi í borginni okkar. Ég hef á undanförnum vikum leitast við að kynna borgarbúum stefnu mína og áherslumál. Mér hefur hvarvetna verið vel tekið og er bjartsýnn á framtíð Framsóknarflokksins. Áherslumál mín og flokksins þar sem lögð er áhersla á fólk fellur vel í kramið. Fólk er þakklátt fyrir þá samhjálp og samvinnu sem framsóknarmenn standa fyrir og hafa unnið eftir lengi. Við eigum að gefa fólki tækifæri á að þroskast og dafna, mennta sig, ná árangri og efnast ef því er að skipta en jafnframt að hjálpa þeim sem misstigið hafa sig á leiðinni. Enginn er svo slæmur að hann eigi ekki skilið hjálp samborgara sinna. Velferðina eigum við að nota til að tryggja samhjálpina. Það er kristileg og samfélagsleg skylda okkar að hjálpa þeim sem minna mega sín. Að því vil ég vinna í borgarstjórn Reykjavíkur.

Þessa velvild eigum við að nýta okkur á þeim tímamótum sem nú blasa við. Framsóknarflokkurinn á að taka af skarið og gegna lykilhlutverki við stjórn borgarinnar. Þegar allt kemur til alls treystir fólk Framsóknarflokknum til að halda um stjórnartaumana án allra öfga. Framsóknarflokkurinn er miðjuflokkur, flokkur fjölskyldunnar, samhjálpar og samvinnu. Slíkur flokkur á samleið með þorra borgarbúa sem vill byggja upp og gera góða borg enn betri.

Fyrsta skrefið á nýrri leið Framsóknarflokksins verður stigið laugardaginn 28. janúar næstkomandi þegar frambjóðendur flokksins fyrir næstu borgarstjórnarkosningar verða valdir. Prófkjörið fer fram í anddyri Laugardalshallarinnar og þar geta allir borgarbúar tekið þátt í að velja sigurstranglegan lista Framsóknarflokksins.

Öflugir borgarfulltrúar Framsóknarflokksins munu leika stórt hlutverk við stjórnun borgarinnar á næsta kjörtímabili. Ég vil leggja minn skerf í að efla Framsóknarflokkinn samhliða því að taka þátt í að móta og styrkja það samfélag sem við Reykvíkingar búum í. Öflug Framsókn þýðir öflug Reykjavík.

*Höfundur er sölumaður og býður sig fram í 2. sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík.*

# *Gífuryrði bæjarstjóra*

UMRÆÐAN
GUNNAR I. BIRGISSON



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

Í aðdraganda prófkjörs reyna frambjóðendur að koma sér og sínum málefnum á framfæri til almennings. Gunnar Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, hefur farið mikinn undanfarna daga og talið það vænlega aðferð til að tryggja sig í sessi að hreyta ónotum í þá sem eru á öndverðri skoðun við hann sjálfan.

Í Samúel Örn Erlingsson, sem skipar 2. sætið hjá Framsóknarflokknum, henti hann því versta fúkyrði sem sjálfstæðismenn kunna, hann kenndi hann við Samfylkinguna. Samúel varð á að vera ekki sömu skoðunar og bæjarstjórinn. Nú síðast hefur hann þau orð um Hafstein Karlsson, bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar í Kópavogi, að hann „geti ekkert skrifað nema óþverra um fólk“. Gunnari er auk þess til efs að Samfylkingin geti sagt sannleikann í nokkru máli. Þeir sem þekkja Hafstein vita að þar fer drengur góður sem hugsar vandlega áður en hann talar. Hafsteinn er auk þess glöggur og málefnalegur, það verður víst ekki sagt um alla!

Við í Samfylkingunni þurfum ekki á vorkunn Gunnars Birgissonar að halda. Við eigum hreint ekkert bágt. Líklega er Gunnar með þessari framkomu sinni í fjölmiðlum að auðvelda okkur leiðina til sigurs í kosningunum í vor. Það hljóta að vera takmörk fyrir umburðarlyndi Kópavogsbúa gagnvart núverandi meirihluta.

Maður skyldi ætla að fólk, sem almenningur treystir til að fara með málefni sín, geti tekið þátt í málefnalegri umræðu þótt menn greini á. Menn hljóta að mega segja skoðun sína, hvort sem hún er Sjálfstæðismönnum þóknanleg eða ekki. Við reynum öll að ýfa fjaðrirnar þessa dagana. Reynum þó að halda umræðunni á málefnalegum grunni, annars er hætt við að sjálfstæðismenn í Kópavogi gangi vængstýfðir til kosninga í vor.

*Höfundur er framhaldsskólakennari og býður sig fram í 1. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Kópavogi.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




# Hjónaband felur í sér kynin tvö

**UMRÆÐAN**
HJÓNAVÍGSLA SAMKYN-HNEIGÐRA



STEINUNN JÓHANNESDÓTTIR OG EINAR KARL HARALDSSON

Er hjónaband einkaeign gagnkynhneigðra? Þessi ögrandi spurning var sett fram af tveim prestum, systkinum, í fyrirsögn greinar í Fréttablaðinu, 19. janúar. Það má heita furðulegt um fólk sem flestum oftar hefur lesið bæði hátt og í hljóði orð Jesú: „Hafið þér eigi lesið, að skaparinn frá upphafi gjörði þau karl og konu, og sagði: Fyrir því skal maður yfirgefa föður og móður og bindast konu sinni og þau tvö skulu verða einn maður?“ (Matt 19,4-6). Þessi orð Nýja testamentisins ramma inn fyrirbæri sem er miklu eldra en bæði það og Gamla testamentið, fyrirbæri sem mannlegt félag er byggt á, þ.e.a.s. bindingu karls við konu svo unnt sé að ala af sér og koma upp afkvæmum, viðhalda lífi mannsins á jörðinni. Þetta er hið „heilaga“ hlutverk kynjanna sem þau eru „vígð“ til með mismunandi hætti í öllum samfélögum, oftast af trúarstofnunum sem eiga sér eldfornar rætur. Eru hinir „fordómalausu“ prestar kirkjunnar hættir að skilja þessi grundvallaratriði?

**Orð verða til**

Hjónabandshugtakið er ekki hugtak í einkaeign, það er sameign þjóðarinnar, íslenska orðið yfir það ævaforna fyrirbæri sem að ofan er lýst og felur í sér nægilega gagnkvæmni til þess að það skiljist. Það er því „tugga“ að tala um hjónaband gagnkynhneigðra. Hjónaband felur í sér gagnkynhneigð. Orðin hjón og hjú vísa til beggja kynja. En þar sem undirrituð bera persónulega ábyrgð á þeim orðum um kynhneigð sem hafa verið svo ákaft í umræðunni að undanförnu, gagnkynhneigð, samkynhneigð og önnur af þeim leidd, er rétt að skýra tilkomu þeirra í tungumálið. Þau birtust fyrst á prenti í Þjóðviljanum 19. febrúar 1977. (Sjá einnig Lesb. Mbl. 9. des. 2000.) Tilefnið var leiksýning í Þjóðleikhúsinu, Lér konungur, þar sem undirrituð lék yngstu dóttur konungs. Leikstjóri sýningarinnar, Hovhannes Pilikian, kom frá London með þær byltingarkenndustu skoðanir á mannlífinu sem lengi höfðu heyrst. „The sexual interpretation of history“. Það var þýtt á íslensku „Hin kynferðislega söguskoðun“ og olli miklum deilum. Undirritaður var þá fréttastjóri Þjóðviljans og hafði langt viðtal við leikstjórann í því skyni að kynna manninn og samfélagsgreiningu hans. Þó skorti íslenska tungu nothæf orð yfir það sem rætt var á ensku í Þjóðleikhúsinu. Og orðasmíð hófst á heimilinu. Með hjálp Baldurs Jónssonar og Orðabókar Háskólans urðu til orðin kynhneigð yfir sexuality, gagnkynhneigð fyrir heterosexuality, samkynhneigð fyrir homosexuality, tvíkynhneigð fyrir bisexuality. Sýningin á Lé konungi og umræðan sem hún skóp setti þau orð á flot sem enn eru notuð.

**Einingarband – sómaband**

Og nú rennur okkur blóðið til skyldunnar. Hjónaband er ekki hægt að nota yfir staðfesta samvist samkynhneigðra, hvort sem hún telst vígð eða óvígð í framtíðinni nema til standi að eyða hinni fornu merkingu orðsins og því fyrirbæri sem orðið nær til. Við verðum að finna annað orð sem lýsir löghelgaðri samvist tveggja af sama kyni. Nokkrar tillögur hafa þegar komið fram. Sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, einn forystumanna Lútherskra hjónahelga, hefur stungið upp á orðunum „karlaband“ og „kvennaband“ í viðtali í Blaðinu fyrir nokkru. Sr. Úlfar Guðmundsson, prófastur í Árnesþingi, leggur til „hommaband“ og „lesbíuband“ í grein í Morgunblaðinu 17. janúar. Unglingurinn á okkar heimili bjó til orðið SÓMABAND sem má teljast frábært. Við leggum að auki til orðið EININGARBAND.

*Höfundar eru hjón. Steinunn er rithöfundur en Einar ráðgjafi.*

# *Manngildi ofar auðgildi*

**UMRÆÐAN**
PRÓFKJÖR FRAM-SÓKNARFLOKKS-INS



BRYNJAR FRANSSON

Á vori komanda verða kosningar þar sem Reykvíkingum gefst kostur á að velja sér fulltrúa til þess að ráða sínum málum næstu fjögur ár. Mín trú er sú, að það skipti verulegu máli hverjir veljist þar til forystu.

Nú er ár og öld síðan þjóðarsáttarsamningar voru gerðir. Hver voru stærstu loforð allra sem að þeim samningum stóðu? Fyrir þá sem ekki muna eða vita voru stóru loforðin þau, að ef láglaunafólk tæki nú tímabundið á sig þungar byrðar, yrði þeim ríkulega umbunað þegar betur áraði. Hvar eru efndirnar? Bilið milli ríkra og fátækra hefur aldrei verið annað eins Ginnungagap. Enn eru þeir sem minnst bera úr býtum skattpíndir og haldið við hungurmörk, svo hjálparstofnanir og sveitarfélög þurfa að koma til hjálpar svo fólk haldi lífi.

Fyrir þjóðarsáttasamninga var biðröðin hjá Mæðrastyrksnefnd ekki jafn löng og hún er í dag. Þetta er þróun sem var vel þekkt á dögum Ronalds Reagan í Bandaríkjunum. Hann þurrkaði út millistéttina. Eftir urðu bara ríkir og fátækir. Þetta er stórhættuleg þróun. Ungt fólk, sem ekkert getur leyft sér, hvorki í fatnaði, mat, tólum eða tækjum sem nú eru auglýst sem lífsnauðsyn, horfir á jafnaldra sína velta sér upp úr þessum munaði, það flýr í heim áfengis og vímuefna eða glæpa og ofbeldisverka í uppgjöf.

Það er ömurlegt að hlusta á þingkjörna fulltrúa bera það á borð fyrir kjósendur sína að útþrælkað fólk sem skapaði það ríkidæmi, sem yfirstéttin býr við í dag, eigi ekkert betra skilið í ellinni en vera hrúgað inn á einhverjar herbergiskompur með fjölda annarra og svipt fjárræði í þokkabót. Refsiföngum er ekki einu sinni sýnd sú lítilsvirðing að vera gert að deila herbergi með öðrum. Skammist ykkar, öll sem hlut eiga að máli. Því miður er Framsóknarflokkurinn ekki saklaus. Þessu vil ég breyta ef ég fæ nokkru ráðið.

Ég er sennilega elsti frambjóðandinn í komandi borgarstjórnarkosningum. Ég hef séð fátækt frá ýmsum hliðum og hef kynnst henni á eigin skrokki og sé því fátækt örugglega með allt öðrum augum en þeir sem rétt þekkja þjóðarsáttasamninga af afspurn. Þess vegna tel ég mig geta verið góðan málsvara þeirra sem undir högg eiga að sækja.

Framsóknarflokkurinn hefur í gegnum tíðina skilgreint sig sem umbótasinnaðan frjálslyndan miðjuflokk, sem aldrei hefur byggt stefnu sína á erlendum öfgakenningum. Á flokksþingi Framsóknarflokksins árið 2001 var m.a. gerð svohljóðandi samþykkt. „Við setjum manngildi ofar auðgildi og viljum að hver og einn hafi sama rétt til menntunar, þroska og grundvallarlífskjara óháð uppruna, heilsu og efnahag.“ Í anda þessarar samþykktar vil ég vinna. Ég óska eftir stuðningi allra framsóknarmanna, vina og velunnara flokksins í komandi prófkjöri okkar sem fram fer í anddyri Laugardalshallar laugardaginn 28. janúar. Í aðdraganda prófkjörs okkar framsóknarmanna hef ég aldrei lofað að eitthvað yrði frítt, göng eða gata hér, ef ég fengi atkvæði ykkar. Það eina sem ég hef lofað og mun standa við, ef ég fæ til þess styrk, er að gera mitt besta.

*Höfundur býður sig fram í 3.-6. sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík.*

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



vilborga@centrum.is

Miele

Miele S371 Tango Plus ryksuga
með 1800W mótór
Verð áður kr. 21.300

Tilboð:
kr. 14.910

Fæst nú bæði í rauðu og ljós-grábláu

Miele ryksugur
á einstöku tilboðsverði

30% afsláttur

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Miele Tango ryksugur, fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði:

GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN
Glerárgötu 34, Akureyri

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

# Fellum skólaskylduna að nútímanum

**UMRÆÐAN**
SKÓLASKYLDA



GERÐUR HAUKSDÓTTIR

Undir forystu Reykjavíkurlistans hefur gott starf verið unnið á síðustu árum við eflingu skólastiganna tveggja sem falla undir verksvið borgarinnar. Má með sanni segja að bylting hafi orðið á þeim tíma sem liðinn er síðan sveitarfélögunum var falin umsjón á grunnskólastiginu. Heitar máltíðir og einsetning eru atriði sem bera þessari breytingu gott vitni.
Betur má ef duga skal til framtíðar. Núverandi stigskipting menntakerfisins á neðri stigum í leikskóla, grunnskóla og framhaldskóla fellur illa að breyttum tíðaranda og nýjum sjónarmiðum á sviði mennta- og uppeldismála. Menntamálaráðherra hefur þegar haft áform um styttingu framhaldsskólans niður í þrjú ár með það fyrir augum að skila nemendum fyrr upp í háskóla og út á vinnumarkaðinn. Tillögur sem eru góðra gjalda verðar svo langt sem þær ná. Fyrirhuguð breyting á framhaldsskólastiginu án þess að skoða önnur skólastig í samhengi er hinsvegar dæmd til þess að ná ekki markmiði sínu.

Þróunin síðustu ár hefur verið að sífellt auknu mikilvægi og hlutverki leikskólanna við frummenntun og uppeldi íslenskra barna. Í dag eru leikskólarnir menntastofnanir þar sem grunnurinn er lagður að frekari menntun. Af þessari ástæðu má ljóst vera að tími er til kominn að fella leikskólastigið með fullum hætti inn í lögbundið nám íslenskra barna. Um leið yrði leikskólinn vitanlega gjaldfrjáls eins og annað skyldunám, nokkuð sem Reykjavíkurlistinn hefur þegar lýst yfir vilja til að taka upp. Að sama skapi úreltu breytingar á lögræðislögum fyrir nokkrum árum, þar sem sjálfræðisaldurinn var færður úr 16 árum upp í 18 ár, skilin á milli skyldunáms sem lýkur við 16 ára aldur og valfrjáls framhaldsskólanáms sem hefst að því loknu. Kröfur nútímans eru töluvert aðrar en þegar þessi skipting var ákveðin fyrir áratugum síðan.

Telja má próf á framhaldsskólastigi jafn nauðsynlegan og sjálfsagðan hlut og grunnskólaprófið var þegar skólaskyldan var mörkuð við lok þess fyrir hálfum mannsaldri síðan. Eðlilegt væri að lok skólaskyldu væri eins og áður fyrr mörkuð við upphaf sjálfræðis, nú um 18 ára aldur. Um leið væri eðlilegt að fella efstu bekki grunnskóla að nokkru leyti saman við núverandi framhaldsskólakerfi og færa um leið ábyrgðina á framhaldsskólum frá ríki til sveitarfélaga. Þannig mundi námi í framhaldsskóla ljúka við lok skólaskyldu um 18 ára aldur og nemendum þá unnt að skrá sig til náms á æðri stigum. Með þessu móti væri stigskipting skólakerfisins í heild færð að kröfum nútímans og í raun aftur að þeirri grunnhugsun sem mörkuð var fyrir löngu síðan.

Það er hlutverk Reykjavíkur að vera í fararbroddi um framfarir í menntamálum á skólaskyldualdri og því er það verkefni stjórnmálamanna borgarinnar að knýja á um framfarir í þeim málum í samvinnu við mennatamálaráðuneytið. Tökum stigskiptingu skólakerfisins til heildarendurskoðunar og hættum bútasaumsstefnu núverandi menntamálaráðherra.

*Höfundur er þjónustufulltrúi og býður sig fram í 2. til 4. sæti í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík.*



Friðrik Ómar Hjörleifsson



Fanney Óskarsdóttir



Eyjólfur Kristjánsson



Trausti Bjarnason



Sævar Benediktsson



Örlygur Smári, Niclas Kings og Daniela Vecchia



Bryndís Sunna Valdimarsdóttir



Sveinn Rúnar

# 2006 söngvakeppni sjónvarpsins

**Laugardaginn 28. janúar kl. 20.10 verður annað undanúrslitakvöldið af þremur. Þar komast næstu fjögur lög af átta áfram í aðalkeppnina sem haldin verður 18. febrúar.**

**Almenningur velur með símakosningu framlag Íslands til Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem haldin verður í Aþenu á Grikklandi.**

**Taktu þátt og tryggðu þínu lagi brautargengi með því að hringja/senda SMS í númerin hér fyrir neðan þegar tilkynnt verður að kosning sé hafin.**

| Símanúmer | Lag: | Höfundur: |
|---|---|---|
| 900 2001 | Dagurinn í dag | Friðrik Ómar Hjörleifsson |
| 900 2002 | Hamingjusöm | Fanney Óskarsdóttir |
| 900 2003 | Lífið | Eyjólfur Kristjánsson |
| 900 2004 | Andvaka | Trausti Bjarnason |
| 900 2005 | Flottur karl, Sæmi rokk | Sævar Benediktsson |
| 900 2006 | Eldur nýr | Örlygur Smári, Niclas Kings og Daniela Vecchia |
| 900 2007 | Hjartaþrá | Bryndís Sunna Valdimarsdóttir |
| 900 2008 | 100% hamingja | Sveinn Rúnar |

**Miðasala á midi.is og í verslunum Skífunar**

- Eftir að símakosning er hafin gefast um 35 mínútur til þess að kjósa.
- Einungis þau atkvæði sem greidd eru innan tímarammans eru gild.
- Eitt atkvæði er gefið ef hringt er eða sent sms í viðkomandi símanúmer. Enginn texti þarf að fylgja sms skilaboðum.
- Ekki er hægt að hringja úr númerum sem lokuð eru fyrir hringingar í símatorg.
- Heimilt er kjósa fimm sinnum úr hverju símanúmeri en gjaldfært er fyrir öll símtöl.
- Hvert símtal kostar 99 krónur.

SJÓNVARPIÐ BaseCamp Síminn VISA actavis *hagur í heilsu*

GIUSEPPE VERDI (1813-1901) LÉST ÞENNAN DAG

*„Þú mátt eiga alheiminn ef ég má eiga Ítalíu.“*

***Giuseppe Verdi var tónskáld, og var hann þekktastur fyrir óperur á borð við Il trovatore og La traviata.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 27. JANÚAR 1967

### *Þrír geimfarar láta lífið*

Á þessum degi árið 1967 létust þrír bandarískir geimfarar þegar eldur kom upp í Saturn-eldflaug á flugpalli við Kennedyhöfðann. Gus Grissom, Edward White og Roger Chaffe, voru að taka þátt í æfingu fyrir fyrsta Apollo-leiðangurinn þegar eldurinn kom upp. Grissom var fyrsti maðurinn til að fljúga tvisvar út í geim og White fór fyrstur Bandaríkjamanna í geimgöngu. Chaffe komst hins vegar aldrei út í geim.

Talið er að eldurinn hafi kviknað út frá rafmagni. Hann breiddist fljótt út þannig að mennirnir létust innan fárra sekúndna.

Apollo 1 harmleikurinn leiddi til víðfeðmrar rannsóknar og NASA, geimferðastofnun Bandaríkjanna, var stórlega gagnrýnd fyrir að vanmeta hættuna.

Nokkrar breytingar voru gerðar á Apollo-farinu. Geimáætlun Bandaríkjanna tafðist nokkuð við þetta en John F. Kennedy Bandaríkjaforseti hafði lofað því í maí 1961 að Bandaríkjamenn skyldu lenda á tunglinu áður en áratugurinn væri á enda.



GEIMFARARNIR ÞRÍR

Apollo 7. var skotið á loft 11. október árið 1968. Innan við ári síðar, í júlí 1969, lenti Apollo 11, með Neil Armstrong innanborðs, á tunglinu.

## MERKISATBURÐIR

**1891** Verslunarmannafélag Reykjavíkur, VR, er stofnað.

**1907** Kvenréttindafélag Íslands er stofnað í Reykjavík, fyrir forgöngu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur.

**1945** Rauði herinn frelsar fanga í útrýmingarbúðum nasista í Auschwitz og Birkenau.

**1960** Varðskipið Óðinn kemur til landsins.

**1984** Michael Jackson er fluttur á spítala þegar kviknar í hárinu á honum meðan á upptökum Pesí-auglýsingar stendur.

**1991** Muhammad Siyad Barre, einræðisherra í Sómalíu frá árinu 1969, flýr Mogadishu þegar uppreisnarmenn storma í höll hans og ná völdum í höfuðborginni.




†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir og mágkona,*

**Matthea Katrín Pétursdóttir**

Álfaborgum 9,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju mánudaginn 30. janúar.

**Snæbjörn Ólafsson**
**Ágústa Sigurðardóttir** **Lýður Ásgeirsson**
**Hilmir Freyr Sigurðsson** **Svanhildur Jóna Erlingsdóttir**
**Eva Björg Sigurðardóttir** **Aðalsteinn Jóhannsson**
**Auður Pétursdóttir** **Haraldur Finnsson**
**og barnabörn.**



†

*Elskulegur sonur okkar og bróðir,*

**Daði Snær Arnþórsson**

**Dalalandi 3, Reykjavík,**

lést á heimili sínu þriðjudaginn 24. janúar.

**Katrín Helga Óskarsdóttir**
**Arnþór Hinrik Valgarðsson**
**Birgitta Dögg Arnþórsdóttir**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Pétrún Jónsdóttir**

frá Kjalvegi, Ennisbraut 18, Ólafsvík.

verður jarðsungin frá Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 27. janúar kl 14.00. Jarðsett verður frá Ingjaldshólskirkjugarði.

**Guðjón Ottó Bjarnason**
**Kristín Jóna Guðjónsdóttir** **Gunnar Hauksson**
**Bjarni Guðjónsson** **Bjarney Guðmundsdóttir**
**Jóhann Pétur Guðjónsson** **Þórey Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Kolbeinn Grímsson**

lést á Landspítalanum þriðjudaginn 24. janúar.

**Guðni Kolbeinsson** **Lilja Bergsteinsdóttir**
**Grímur Kobeinsson** **Anna Ragnheiður Haraldsdóttir**
**Hörður Kolbeinsson** **Petrína Einarsdóttir**
**Leifur Kolbeinsson** **Jónína Kristjánsdóttir**

**barnabörn og barnabarnabörn.**


WOLFGANG AMADEUS MOZART: 250 ÁR FRÁ FÆÐINGU

# Undrabarn og snillingur



**UNDRABÖRN** Wolfgang og systir hans þóttu bæði undrabörn í tónlist. Faðir þeirra Wolfgang fór með þau sem börn í tónleikaferðalög um Evrópu.

Tónlistarsnillingurinn Wolfgang Amadeus Mozart fæddist á þessum degi árið 1756 í Salzburg í Austurríki. Faðir Mozarts, Leopold, var sjálfur hæfileikaríkur tónlistarmaður og áttaði sig snemma á hæfileikum sonarins. Þegar snáðinn var aðeins sex ára gamall fór faðir hans með hann og tíu ára gamla systur hans í tónleikaferð um Evrópu. Undrabörnin tvö vöktu mikla eftirtekt og aðdáun við allar hirðir í álfunni en á þessum tíma var tónlistarlíf að miklu leyti í skjóli aðalsins.

Eins og títt er um barnastjörnur fór dýrðarljóminn af Mozart eftir því sem hann eltist. Þrátt fyrir ótvíræða snilligáfu á sviði tónsmíða fóru vinsældir hans dvínandi. Hann var ráðinn til hirðar erkibiskupsins af Salzburg þar sem komið var fram við hann líkt og aðra þjóna. Líklega hafa það verið talsverð umskipti fyrir hinn unga mann sem í æsku lék sér við prinsessuna Maríu Antoinette og var hylltur af þjóðhöfðingjum. Þá lynti honum lítt við erkibiskup og lauk samskiptum þeirra á því að Mozart var vísað á dyr.

Þá hélt hann til Vínarborgar þar sem margir aðalsmenn greiddu götu hans að ógleymdum keisaranum sjálfum. Hann kvæntist Konstönzu Weber og vinsældir hans meðal almennings fóru vaxandi enda skrifaði Mozart margar af sínum þekktustu óperum á þessum tíma. Fígaró skrifaði hann á þrítugasta ári, Don Giovanni þegar hann var þrjátíu og tveggja og Töfraflautuna þremur árum síðar en sú síðasttalda var á þýsku sem þótti mjög óvenjulegt.

Mozart veittist ávallt mjög létt að semja. Má segja að meginvandi hans hafi verið að pára nóturnar nógu hratt niður á blað. Þrátt fyrir skamma ævi tókst honum að semja tæplega fimmtíu sinfóníur, tæplega tuttugu óperur og óperettur, meira en tuttugu píanókonserta, 27 strengjakvartetta og um fjörutíu fiðlusónötur. Hann hafði vald á öllum tónlistarstílum og hafði ótrúlegt tónminni.

Síðasta verk Mozarts var Sálumessan, Requiem. Honum entist ekki aldur til að ljúka henni enda lést hann aðeins rétt tæpra 36 ára hinn 5. desember árið 1791. Nemandi Mozarts, Franz Süssmayr, lauk við Sálumessuna.

Ýmsar samsæriskenningar hafa gengið um dauða og dularfulla verkbeiðni sálumessunnar. Hin frægasta er sú sem haldið var á lofti í kvikmyndinni Amadeus þar sem hirðtónskáldið Antonio Salieri borgaði fyrir verkið í þeim tilgangi að eigna sér það sjálfur. Enginn fótur er þó fyrir þessari sögu. Hins vegar er enn þann dag í dag ekki vitað nákvæmlega hvað varð Mozart að aldurtila en á sínum tíma var talið að skæð hermannaveiki væri orsökin.

Mozart var jarðsettur í almenningsgrafreit í St. Marx kirkjugarðinum í Vín. Ekki er nákvæmlega vitað hvar sá legstaður er en minnismerki um Mozart var síðar reist í Zentralfriedhof kirkjugarðinum í Vínarborg.



**EINN AF STÓRU MEISTURUNUM** Minnismerki um hinn merka tónlistarmann var reist í Zentralfriedhof kirkjugarðinum í Vínarborg.

## JARÐARFARIR

11.00 **Guðrún Briem Björnsson** verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

11.00 **Rósa Viggósdóttir**, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju.

13.00 **Benedikt Bent Ívarsson**, Lágholti 17, Mosfellsbæ, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

13.30 **Árni Árnason,** ræðismaður Íslands í Litháen, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Agnar Jónsson**, Höfðagrund 14a, Akranesi, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju.

14.00 **Kristín Pétrún Jónsdóttir** frá Kjalveg, Ennisbraut 18, Ólafsvík, verður jarðsungin frá Ólafsvíkurkirkju.

14.00 **Sesselja Olgeirsdóttir**, Hlíf 1, Ísafirði, verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju.

15.00 **Hulda Elísa Ebenezersdóttir**, áður til heimilis í Hátúni 10B, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju.

15.00 **Örn Þór** hæstaréttarlögmaður, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.


LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

**- allt að 50% afsláttur**

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is

S. HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is


## ANDLÁT

**Kristinn Pálsson** fyrrverandi verslunarstjóri, áður til heimilis í Löngumýri 14, Akureyri, lést á hjúkrunarheimilinu Skjaldarvík þriðjudaginn 17. janúar.

**Daði Snær Arnþórsson**, Dalalandi 3, Reykjavík, lést á heimili sínu þriðjudaginn 24. janúar.

**Eyjólfur Jónsson**, áður Miðbraut 28, Seltjarnarnesi, lést á Hrafnistu í Reykjavík, þriðjudaginn 24. janúar.

**Kolbeinn Grímsson**, lést á Landspítalanum þriðjudaginn 24. janúar.

## AFMÆLI



**Geir Sveinsson** handboltakappi er 42 ára.



**Jón Ásgeir Jóhannesson,** forstjóri Baugs, er 38 ára.



**SNAKK Á MILLI MÁLA** Þessi yfirvegaða risapanda á Chengdu verndarsvæðinu í Kína, gæðir sér á dýrindis laufum. AP/REUTERS

**Ford**Focus C-Max   www.ford.is

## Vertu smart á nýju ári

- Kauptu stærri bíl á minna verði
- Kauptu bíl á betri kjörum
- Kauptu fjölhæfari og smartari bíl

*Nýtt tákn um gæði*




**Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu**

**Focus C-Max. Nú einnig með öflugri 2 lítra, 145 hestafla vél og sjálfskiptingu**

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Tugþúsunda tilboð á nýjum Focus C-Max

# Kauptu C-Max ódýrastur í dag

► Ford Focus C-Max er skemmtilegur bíll - fallegur og fjölbreyttur. Smart hönnun og einstaklega þægilegt aðgengi gerir þér kleift að njóta lífsins til fullnustu. Focus C-Max hentar fjölskyldufólki afar vel enda sérstaklega hannaður fyrir alla – stóra sem smáa. Komdu í Brimborg. Skoðaðu smart hönnun, breytilegt farangursrýmið, sætin. Finndu þægindin. Þú situr hærra, meira útsýni. Finndu hvað hann er lipur í akstri. Nýttu þér tilboðskörfu Brimborgar – Focus C-Max er ódýrastur í dag.

Tækni og búnaður Focus C-Max er mjög sérstakur. Spurðu söluráðgjafa Ford á Íslandi hvers vegna þú ættir að fá þér Focus C-Max. Focus C-Max er ríkulega hlaðinn búnaði sem ekki er að finna í öllum bílum. Framrúðan er upphitanleg sem þýðir að þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur. Ath. Öll upphituð! Komdu í Brimborg. Veldu Ford.

### Tugþúsunda tilboðskarfa að verðmæti allt að 283.000 kr.



- Betri kjör en áður
- Meiri afsláttur en áður
- Lægra verð en áður
- Upphitanleg framrúða (öll upphitanleg)
- Gæða vetrardekk undir bílinn (og sumardekkin í skottið)

### Og meira er að finna í tilboðskörfu Brimborgar

- Lægri útborgun en áður
- Lægri vextir en áður
- Lægri lánagjöld en áður
- Lægri mánaðargreiðslur en áður
- Meiri gæði en áður
- Meiri staðalbúnaður en áður
- Örugg og ennþá betri þjónusta en áður

LÝSING *Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus C-Max.*

**Vertu smart. Nýr C-Max fyrir nýtt ár**

**Ofurlétt stýri eftir þörfum hvers og eins[1)]**
**Þú getur stillt léttleika stýrisins á mjög einfaldan hátt eftir aðstæðum**

**Þú færð án aukakostnaðar vetrardekkin undir bílinn og sumardekkin í skottið**

**Kraftmikil vél, 2 lítra, 145 hestöfl**

**Ný frábær sjálfskipting[1)] á frábæru verði**

**Veldu Ford Focus C-Max**



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
1,6i 5 gíra, Ford Focus C-Max Trend

| Tilboðsverð | 1.845.000 kr. |
|---|---|
| Bílasamningur, á mánuði<br>20% útborgun | 22.200 kr.<br>369.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>10% útborgun | 25.000 kr.<br>184.500 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 32.200 kr. |



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Trend

| Tilboðsverð | 2.070.000 kr. |
|---|---|
| Bílasamningur, á mánuði<br>20% útborgun | 25.000 kr.<br>414.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>10% útborgun | 28.000 kr.<br>207.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 34.600 kr. |



C-Max Ghia dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Ghia

| Tilboðsverð | 2.260.000 kr. |
|---|---|
| Bílasamningur, á mánuði<br>20% útborgun | 27.250 kr.<br>452.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>10% útborgun | 30.600 kr.<br>226.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 37.800 kr. |

## Skoðaðu dæmin. Spurðu um fjármögnunarleiðirnar. Veldu leið sem hentar þér best.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg

***Öruggur staður til að vera á***

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% eða 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. 1)Aðeins með 2 lítra vél.






## STUÐ MILLI STRÍÐA Lífhræðsla

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** ER FEIGUR



Hver og einn hlýtur að reka sig á það fyrr eða síðar að hann er ekki eilífur. Þessari uppgötvun fylgir vitaskuld nokkur angist enda þarf maður að gera það upp við sig á þessum krossgötum hvort maður ætlar að halda áfram að lifa lífi sem mun taka enda, eða hætta bara strax.

Ég stend frammi fyrir þessu vali núna en eftir að hafa legið bjargarlaus í flensu í viku hef ég áttað mig á því að ég er líkamlegur aumingi. Það hlýtur eitthvað mikið að vera að 35 ára gömlum manni sem hristir ekki af sér flensuskít á tveimur dögum. Líkaminn hefur brugðist mér og ég get hvorki treyst á hann né sjálfan mig framar.

Það sem er svo enn verra er að þessi flensuvika veitti mér innsýn í framtíð mína og nú veit ég hvernig líf mitt verður þegar ég verð karlægt, ósjálfbjarga gamalmenni. Það verður ljóta hryggðarmyndin sem liggur uppi í sófa í náttfötum og Speedo inniskóm með hrúgu af fjarstýringum í kringum sig og horfir á sápuóperur um hábjartan dag. Nú er ég búinn að reyna þetta í viku og er farinn að þekkja persónur úr Bold and the Beautiful með nafni. Einhvers staðar í öllu löðrinu sá ég umræður um líknardráp og treysti því að þau verði orðin lögleg áður skrokkurinn minn klikkar endanlega.

Annars hef ég takmarkaðar áhyggjur af langlífi eftir þessa bitru flensulegu þó æsingafrétt um fuglaflensuna ógurlegu hafi sett mig úr jafnvægi eitt augnablik. Taugaveiklaður fréttamaðurinn stakk upp á því að ég færi að hamstra mat og lyf en slappleikinn kom í veg fyrir að ég hlypi út í búð og keypt tonn af niðursoðnum túnfiski og pensilíni. Pestin gaf mér ráðrúm til að sjá að mér og ég sá það í hendi mér að fyrst venjuleg flensa gæti leikið mig svona grátt þá verð ég hvort eð er fyrstur til að fara þegar fuglaflensan kemur hingað. Það tekur því sem sagt heldur ekki að hætta að reykja og taka sig á líkamlega. Þetta er svo gott sem búið. ■






## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | 2 | | | | | 5 |
| | 7 | | | | | | 9 | 6 |
| | | | 4 | | | | | |
| | | | 7 | | 9 | 1 | | 2 |
| | | | | 4 | | | | |
| 3 | | 8 | 1 | | 2 | | | |
| | | | | | 8 | | | |
| 6 | 8 | | | | | | 2 | |
| 1 | | | | | 5 | | 8 | 4 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 |
| 8 | 7 | 9 | 6 | 5 | 2 | 3 | 4 | 1 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 8 | 9 | 7 | 6 |
| 9 | 6 | 4 | 7 | 3 | 1 | 8 | 2 | 5 |
| 3 | 5 | 8 | 2 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 |
| 2 | 1 | 7 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 3 |
| 6 | 9 | 1 | 8 | 2 | 5 | 7 | 3 | 4 |
| 7 | 8 | 5 | 4 | 1 | 3 | 2 | 6 | 9 |
| 4 | 2 | 3 | 9 | 6 | 7 | 1 | 5 | 8 |



# Gæða plastílát



Box með grind 1,0 ltr. 459,-
Box með grind 2,0 ltr. 529,-

**INCENSE** matarboxin henta sérlega vel til geymslu og flutnings á matvælum. Silicon þéttikantur og 4 klemmur gera **INCENSE** boxin 100% loftþétt. **INCENSE** boxin þola geymslu í frysti og þau þola örbylgjuofn. **INCENSE** boxin er auðvelt að opna og loka, jafnvel þegar þau eru frosin.



Box með grind 3,2 ltr. 699,-
Box með grind 3,9 ltr. 739,-



Box 0,9 ltr. 229,-
Box 1,8 ltr. 299,-
Box 2,0 ltr. 369,-



Box 0,44 ltr. 199,-
Box 1,1 ltr. 269,-
Box 2,0 ltr. 349,-
Box 2,5 ltr. 399,-



Box 0,6 ltr. 259,-
Box 1,2 ltr. 299,-



Box 0,22 ltr. 169,-
Box 0,9 ltr. 289,-
Box 1,7 ltr. 359,-



Box 0,3 ltr. 189,-
Box 0,52 ltr. 219,-
Box 1,1 ltr. 289,-
Box 1,4 ltr. 349,-
Box 2,0 ltr. 499,-



Box 0,36 ltr. 199,-
Box 0,63 ltr. 269,-
Box 0,8 ltr. 319,-
Box 4,7 ltr. 729,-

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**!** **Kl. 16.00**

*Sigrún Björgvinsdóttir opnar sýninguna „Ort í ull“ í Boganum í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Á opnuninni syngur Gerðubergskórinn undir stjórn Kára Friðrikssonar. Verk Sigrúnar eru aðallega úr þæfðri ull og myndefnið er meðal annars sótt í íslenska náttúru. Öll eru þau í sérunnum römmum úr íslensku lerki. Einnig verða á sýningunni sjöl úr þæfðri ull og bækur sem Sigrún hefur skrifað.*

**menning**

menning@frettabladid.is

# Mozart í heilan sólarhring

Í dag eru liðin 250 ár frá því tónsnillingurinn mikli Wolfgang Amadeus Mozart fæddist. Víða um lönd er þess minnst með ýmsum hætti og meðal annars sýna sjónvarpsstöðvar víða um heim að hluta eða í heild sólarhringshátíðardagskrá, sem hefst klukkan 7 í dag og stendur samfleytt í sólarhring.



Sjónvarpið endurvarpar þessari útsendingu frá klukkan 7 til 15.15 og síðan aftur frá klukkan 00.25 til sjö í fyrramálið.

Milljónir manna í meira en 30 löndum fá tækifæri til að fylgjast með dagskránni sem skartar mörgum fremstu tónlistarmönnum samtímans. Meðal annars er boðið upp á beina útsendingu frá tónleikum í Vínarborg, Salzburg, Berlín, Prag og Peking. Einnig er sýnt fyrirfram unnið efni, tónleikar, heimildarmyndir og fróðleikskorn um líf og list Mozarts. Að auki verða sýnd brot úr frægum tónleikum og óperuuppfærslum frá fyrri tíð.

Flutt verða mörg af kunnustu verkum meistara Mozarts með flytjendum á borð við Daniel Barenboim, Reneé Fleming, Riccardo Muti, Simon Rattle, Gidon Kremer, Neville Marriner, Thomas Hampson, Yuri Bashmet, Magdalenu Kozena, Emmanuel Ax, Vínardrengjakórinn, Fílharmóníusveit Vínarborgar, Heinz Holliger, Keller kvartettinn, Maria Joao Pirez, Fílharmóníusveit Berlínar og frá fyrri tíð Wilhelm Furtwängler, Hermann Prey, Karl Böhm, Dietrich Fischer-Dieskau, Editu Gruberovu, Friedrich Gulda og Claudio Abbado.

## > Ekki missa af ...

... Mozart-tónleikum á Kjarvalsstöðum í kvöld þar sem fluttar verða sónötur og frímúrarasöngvar í tilefni þess að 250 ár eru liðin frá fæðingu tónskáldsins. **Laufey Sigurðardóttir, Richard Talkovsky** og **Beth Levin** flytja ásamt **Gunnari Guðbjörnssyni** og félögum úr kór Langholtskirkju.

... sýningu á verkum hins snjalla ljósmyndara **John Coplan** sem verður opnuð í Listasafn Reykjavíkur ¿ Hafnarhúsi í dag klukkan 17, en um er að ræða sjálfsmyndir af líkamshlutum ljósmyndarans.

... sýningum **Kristínar Þorkelsdóttur** og **Guðrúnar Vigfúsdóttur** í Gerðarsafni í Kópavogi.




31. janúar á slaginu!

Klukkan 17.00 þriðjudaginn 31. janúar eru síðustu forvöð að panta auglýsingu í Símaskrá 2006.
Forðist biðraðir og gangið frá auglýsingapöntunum tímanlega.



AUGLÝSINGAR Í SÍMASKRÁ

Bergstaðastræti 54 • Sími 511 4330 • Fax 511 4333



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






**SVIÐSTEIKNING EFTIR LOTHAR GRUND** Þessi teikning var gerð fyrir sýningu Töfraflautunnar í Þjóðleikhúsinu árið 1956.

# Á íslensku leiksviði

Þjóðmenningarhúsið og Leikminjasafn Íslands taka höndum saman og minnast þess að 250 ár eru liðin frá fæðingu Mozarts með sýningu sem helguð er sögu Mozart-óperunnar á íslensku leiksviði.

Bæði Þjóðleikhúsið og Íslenska óperan hafa flutt helstu óperur Mozarts og verða búningar, myndir og annað efni frá þeim uppfærslum á sýningunni, auk efnis frá sviðsetningum annarra leikhúsa.

Allir eru velkomnir á dagskrá í Þjóðmenningarhúsinu við opnun sýningarinnar klukkan 17 í dag þar sem Halldór Hauksson fjallar um óperur Mozarts og stöðu hans í óperusögunni og Sveinn Einarsson spjallar um íslenskar uppfærslur á óperum tónskáldsins. Auður Gunnarsdóttir og Ólafur Kjartan Sigurðarson flytja brot úr óperum Mozarts. Jónas Ingimundarson leikur með á píanó.

„Það er svolítið gaman að segja frá því að fyrsti gestaleikurinn sem kemur í Þjóðleikhúsið er Stokkhólmsóperan. Hún kom hingað með Brúðkaup Fígarós í júní 1950, þá var nýbúið að stofna Þjóðleikhúsið,“ segir Jón Viðar Jónsson leikhúsfræðingur, sem hefur haft forystu um stofnun Leikminjasafns Íslands.

„Þessi sýning vakti mikla hrifningu og átti þátt í að kveikja mikinn áhuga á óperunni, sem Þjóðleikhúsið ræktaði svo næstu árin. Strax 1951 kemur til dæmis Rigoletto eftir Verdi þar sem Guðmundur Jónsson sló í gegn.“

Á sýningunni í Þjóðmenningarhúsinu er að finna nokkrar myndir úr sögu Mozart-óperunnar á Íslandi ásamt ýmsum munum úr fórum Leikminjasafnsins.

„Til að mynda eru sviðsteikningar frá 1956 eftir Lothar Grund, Þjóðverja sem bjó hér á landi í nokkur ár og markaði ákveðin spor í leiklistarsöguna. Hann var mjög fínn leikmyndateiknari og mörgum þótti eftirsjá að honum.“ ■

# Hinsegin Halldór

Halldór og hommarnir nefnist erindi sem Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur flytur um nafna sinn Laxness í Háskóla Íslands í dag. Halldór ríður á vaðið í nýrri hádegisfyrirlestraröð samtakanna ´78 þar sem sex fræðimenn, innlendir og erlendir, fjalla um margvísleg fræðasvið sín undir yfirskriftinni „Kynhneigð ¿ Menning ¿ Saga“.

Í erindi sínu mun Halldór beina sjónum sínum að pælingum Halldórs Laxness um kynhneigð á þriðja áratugnum. „Halldór setti sig mikið inn í tilbrigði og afbrigði kynhegðunar á 3. áratugnum. Hann hafði gaman af því að ögra íslenskum blaðalesendum á þessum tíma með því að boða fagnaðarerindi nútímans, þar á meðal hinn opinskáa hómósexúalisma og það sést í verkum hans. Þegar hann skrifar Vefarann mikla var hann til dæmis staddur í frægri hommanýlendu á Sikiley. Hann var mjög frjálslyndur gagnvart samkynhneigð og það sýnir kannski hvers vegna hann varð snemma afburða skáldsagnahöfundur, því þeir verða að rúma öll tilbrigði mannlífsins í sér til að búa til fjölskrúðugt persónugallerí.“



**HALLDÓR GUÐMUNDSSON** Segir merki um hugleiðingar nafna síns um samkynhneigð víða í skáldskap hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

Halldór segir að víða í verkum Laxness megi sjá dæmi um samkynhneigð. „Það má bæði sjá þessar pælingar í Vefaranum mikla og í Sölku Völku og upphaflega átti organistinn í Atómstöðinni að verða hommi.“

Fyrirlesturinn fer fram í stofu 101 í Odda, húsi félagsvísindadeildar. Hann hefst klukkan 12 á hádegi og er öllum opinn. - bs

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝ ÞÁTTARÖÐ!

BÍÓ

Missið ekki af 24 maraþoni á Stöð 2 BÍÓ
á laugardaginn. 4. serían sýnd í heild sinni
– frá kl. 7 að morgni til kl. 2 eftir miðnætti.

# JACK BAUER SNÝR AFTUR Á SUNNUDAG

Gagnrýnendur í Bandaríkjunum eru á einu máli um að 24 hafi aldrei verið meira spennandi! Sunnudagskvöld kl. 21:20.





TAMINO OG DÖMURNAR ÞRJÁR Egill Árni Pálsson í hlutverki Taminos og þær Halla Dröfn Jónsdóttir, Þórunn Elfa Stefánsdóttir og Margrét Lára Þórarinsdóttir í hlutverkum hirðmeyjanna þriggja. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Töfraflauta Söngskólans

**Töfraflautan eftir Mozart er tvímælalaust ein þekktasta og vinsælasta ópera allra tíma. Söngskólinn í Reykjavík minnist fæðingarafmælis tónskáldsins með því að setja hana á svið í Iðnó.**

„Þetta er í fyrsta skipti sem við erum með sýningu í Iðnó,“ segir Sibylle Köll, sem er leikstjóri og höfundur dansa. „Við höfum áður verið með sýningar í Söngskólanum, en möguleikarnir þar eru svo takmarkaðir. Það er mjög gaman að vera hér í alvöru leikhúsi.“

Þetta er í annað skipti sem Sibylle sér um leikstjórn hjá Nemendaóperu Söngskólans í Reykjavík. Í fyrra stjórnaði hún nemendasýningu á óperunni Töfraheimur prakkarans eftir Ravel í tónlistarhúsinu Ými. Þar tókst henni svo vel upp að hún var fengin til þess að taka einnig að sér Töfraflautuna í ár.

„Mér finnst mjög gaman að leikstýra,“ segir Sibylle, sem hafði stundað listdans af miklu kappi áður en hún flutti til Íslands og hóf hér söngnám. Danskunnáttan kemur sér vel við leikstjórnina, því sviðshreyfingar geta skipt sköpum fyrir heildaryfirbragðið á óperusýningum. Hún reiknar með því að leikstýra fleiri sýningum, enda virðist það liggja vel fyrir henni.

„Mig langar samt líka til að syngja sjálf,“ bætir hún við, „en ef það á að liggja fyrir mér að leikstýra þá er ég hæstánægð með það.“

Allir söngvararnir eru komnir mjög langt í náminu við Söngskólann. Það er Helga Björk Arnardóttir sem fer með hlutverk Næturdrottningarinnar, Rannveig B. Þórarinsdóttir er Pamína og Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir er Papagena. Tamínó er Egill Árni Pálsson, Papagenó er Ásgeir Páll Ágústsson og hinn djúpraddaði Sarastró er Davíð Ingi Ragnarsson.

Stjórnandi er Garðar Cortes. Engin hljómsveit er notuð, en þess í stað leikur Ivona Ösp Jagla á píanó. Ennfremur heyrist stöku sinnum í þverflautuleik Guðrúnar Birgisdóttur, þegar sjálf Töfraflautan hljómar.

Söguþráður óperunnar er um baráttu góðs og ills, um ástina í sinni fegurstu mynd, afbrýði og hefnigirni. Prinsinn Tamínó og fuglafangarinn og náttúrubarnið Papagenó freista þess að frelsa Pamínu, dóttur Næturdrottningarinnar, úr klóm æðsta prestsins Sarastrós. Þeir fá til fararinnar verndargripi, töfraflautu og töfraklukkur.

Ekki er allt sem sýnist, þeir leggja upp með að Næturdrottningin sé „sú góða“ og Sarastró „sá vondi“ en komast að því að Næturdrottningin er illt myrkraafl en Sarastró göfugur kraftur ljóssins. Eins og í flestum ævintýrum sigrar hið góða. Næturdrottningin fær makleg málagjöld, Tamínó frelsar og fær Pamínu og Papagenó finnur sinn samnefnara, Papagenu og öll lifa þau hamingjusöm upp frá því.

Frumsýningin verður í Iðnó í kvöld klukkan 20, en næstu sýningar eru áætlaðar á morgun klukkan 15, sunnudag klukkan 15 og mánudagskvöld klukkan 20. ■


ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20
4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 – 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20
AÐEINS SÝND Í FEBRÚAR OG MARS
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

THULE
TYPPATAL MEÐ ÁUDDA
LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS
Sýnt á NASA við Austurvöll
Föstudagur 27. janúar - Örfá sæti
Laugardagur 28. janúar - Örfá sæti
Fimmtudagur 2. febrúar - Örfá sæti
Föstudagur 3. febrúar - Laus sæti
Laugardagur 4. febrúar - Laus sæti
Fimmtudagur 9. febrúar - Laus sæti
Húsið opnar kl. 20:00 - Sýningar hefjast kl. 20:30
Miðasala í verslunum Skífunnar,
www.midi.is og í síma: 575 1550

BORGARLEIKHÚSIÐ
Carmen · Salka Valka · Belgíska Kongó · Woyzeck

Stóra svið
SALKA VALKA
Fi 2/2 kl. 20 AUKASÝNING
Fi 16/2 kl. 20 AUKASÝNING
WOYZECK
Su 29/1 kl. 20 UPPSELT! AUKASÝNINGAR
Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20
Fö 17/2 kl. 20 Lau 18/2 kl. 20
KALLI Á ÞAKINU
Lau 4/2 kl. 14 UPPS. Su 5/2 kl. 14 UPPS.
AUKASÝNING Su 5/2 Kl. 17.
CARMEN
Í kvöld kl. 20 Græn kort
Lau 28/1 kl. 20 Blá kort Fö 3/2 kl. 20
Lau 4/2 kl. 20 Fö 10/2 kl. 20
RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 11/2 kl. 14 FORSÝNING UPPSELT
Su 12/2 kl. 14 FRUMSÝNING UPPSELT

Nýja svið/Litla svið
MANNTAFL
Fö 3/2 kl. 20 AUKASÝNING
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 16/2 kl. 20 Fö 17/2 kl. 20 UPPSELT
Lau 25/2 kl. 20 UPPS. Su 26/2 kl. 20
BELGÍSKA KONGÓ
Lau 28/1 kl. 20 UPPS. Su 29/1 kl. 20 UPPS.
Mi 1/2 kl 20 UPPS. Lau 4/2 kl. 20 UPPS.
Su 5/2 kl. 20 UPP. Fi 9/2 kl. 20 UPPS.
Fö 10/2 kl. 20 Lau 11/2 kl. 20
GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Í kvöld kl. 20 Fi 2/2 kl. 20
Su 12/2 kl. 20 Mi 1/3 kl. 20
NAGLINN
Í kvöld kl. 20 Lau 28/1 kl. 20
Fö 3/2 kl. 20 Lau 4/2 kl. 20
Lau 11/2 kl. 20 Su 12/2 kl. 20
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Í kvöld fös. 27/1 örfá sæti laus, lau. 28/1 örfá sæti laus, fim. 2/2 örfá sæti laus, fös. 3/2 örfá sæti laus, lau. 4/2 örfá sæti laus, fös. 10/2 nokkur sæti laus, lau. 11/2 örfá sæti laus, fös. 17/2 örfá sæti laus, lau. 18/2 nokkur sæti laus.
Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í janúar og febrúar.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 29/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 5/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 12/2 kl. 14:00, sun. 19/2 kl. 14:00.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld fös. 27/1 uppselt, lau. 28/1 uppselt, sun. 29/1 uppselt, þri. 31/1 uppselt, mið. 1/2 uppselt, fim. 2/2 uppselt, fös. 3/2 uppselt, lau. 4/2 kl. 16:00 uppselt og kl. 20:00 uppselt, sun. 5/2 uppselt, þri. 7/2 uppselt, mið. 8/2 uppselt, fim. 9/2 uppselt, fös. 10/2 uppselt, lau. 11/2 uppselt, sun. 12/2 uppselt.
Vegna mikillar aðsóknar: Framlengt sýningatímabil.
Þri. 14/2 uppselt, mið. 15/2 uppselt, fös. 17/2 örfá sæti laus, lau. 18/2 nokkur sæti laus, sun 19/2 nokkur sæti laus, mið. 22/2 uppselt, fös. 24/2 örfá sæti laus, lau. 25/2 uppselt, sun. 26/2.
SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
Sun. 29/1 kl. 18:00 uppselt, sun. 5/2 kl. 18:00 uppselt, sun. 12/2 kl. 18:00 uppselt.
Vegna mikillar aðsóknar hefur verið bætt við tveimur fyrirlestrum.
Sun 19/2 kl. 18:00 nokkur sæti laus, sun. 26/2 kl. 18:00.
Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is
LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

Sýnt á Nýja Sviði Borgarleikhússins
GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Föstud. 27. jan. kl. 20
Fimmtud. 2. feb. kl. 20
Sunnud. 12. feb. kl. 20
„Fimm stjörnur af fimm.“ Valgeir Skagfjörð, Fbl.
„Fullt hús hjá Steypibaðsfélaginu Stút.“ Þorgeir Tryggvason, Mbl.
Miðasala í síma 568 8000 og á www.midi.is

HILMIR SNÆR GUÐNASON
ÉG ER MÍN EIGIN KONA
laugardagur 28.01 UPPSELT
sunnudagur 29.01 örfá sæti laus
laugardagur 04.02 örfá sæti laus
sunnudagur 05.02 örfá sæti laus
föstudagur 10.02 UPPSELT
laugardagur 11.02 örfá sæti laus
SÝNT Í IÐNÓ KL. 20
MIÐASALA: WWW.MIDI.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700
Landsbankinn
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.

HIMNARÍKI
28. jan.
3. feb.
4. feb.
10. feb.
11. feb.
eftir Jón Atla Jónasson
27. jan.
29. jan.
2. feb.
5. feb.
Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans
EF
eftir Valgeir Skagfjörð/ Einar Má Guðmundsson
Vestmanneyjar:
21. feb kl. 9 uppselt
kl. 11 uppselt
kl. 13 uppselt
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

GERÐUBERG
Sigrún Björgvinsdóttir
Opnar sýninguna „Ort í ull“ í Boganum, föstudaginn 27. janúar kl. 16:00.
Verkin eru úr þæfðri ull og er myndefnið sótt í íslenska náttúru og eru í sérunnum römmum úr íslensku lerki.
Sýningin stendur til 19. mars.
Thor Vilhjálmsson
Sýning á myndverkum Thors, sjónvarpsefni og öðru forvitnilegu frá löngum og glæsilegum höfundaferli Thors.
Sýningin stendur til 5. mars.
Sýningarnar eru opnar virka daga 11-17, miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16.
www.gerduberg.is

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

24 25 26 **27** 28 29 30

## Föstudagur

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Nemendaópera Söngskólans í Reykjavík** flytur **Töfraflautuna** í Iðnó.

### OPNANIR

☐ 16.00 **Sigrún Björgvinsdóttir** opnar sýninguna „Ort í ull“ í Boganum í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Á opnuninni syngur **Gerðubergskórinn** undir stjórn **Kára Friðrikssonar**.

☐ 17.00 Sýning á verkum hins snjalla ljósmyndara **John Coplans** verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi, en um er að ræða sjálfsmyndir af líkamshlutum.

☐ 17.00 Opnuð verður í Þjóðmenningarhúsinu í samstarfi við Leikminjasafn Íslands sýning um uppfærslur á **Mozart-óperum á Íslandi**. Við opnunina fjallar **Halldór Hauksson** um óperur Mozarts og stöðu hans í óperusögunni og **Sveinn Einarsson** spjallar um íslenskar uppfærslur á óperum tónskáldsins. **Auður Gunnarsdóttir** og **Ólafur Kjartan Sigurðarson** flytja brot úr óperum Mozarts. **Jónas Ingimundarson** leikur með á píanó.

### SKEMMTANIR

☐ 22.00 Hljómveitin **Mát** spilar í Hressingarskálanum.

☐ 23.00 Hljómsveitin **Hafrót** verður með dansleik á Kringlukránni.

☐ **Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins** verður haldið á Broadway á Hótel Íslandi. Veislustjóri verður **Ólafur Helgi Kjartansson**, brottfluttu Ísfirðingarnir **Bjarni Ara** og **Helgi Björnsson** syngja og hljómsveitin **Saga Class** leikur fyrir dansi.

☐ **DJ J.B.K.** á Café Oliver.

☐ **Dj Gunni** í Yello, Keflavík

☐ **DJ Drottninginn Lilja** spilar á Dátanum, Akureyri.

☐ Hinn eldhressi **Hermann Ingi jr.** spilar og syngur á Catalinu í Kópavogi.

☐ Popphljómsveitin **Ízafold** leikur á Players, Kópavogi.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Halldór Guðmundsson**, rithöfundur og bókmenntafræðingur, flytur erindi sem hann nefnir “Halldór og hommarnir” í nýrri hádegisfyrirlestraröð Samtakanna 78, sem haldin er í stofu 101 í Odda. Halldór fjallar um kynni Halldórs Laxness af hommum á þriðja áratugnum.

☐ 16.00 **Harris Michael Schaer**, eðlisfræðinemi frá Bandaríkjunum, heldur fyrirlestur um meistaraverkefni sitt, sem fjallar um notkun jarðhita við þjöppun vetnis. Fyrirlesturinn, sem fer fram á ensku, verður í Tæknigarði og eru allir velkomnir.

### FUNDIR

☐ Málþing Þroskaþjálfafélags Íslands um málefni fatlaðs fólks í markaðssamfélaginu verður haldið í Hvammi á Grand hótel Reykjavík. Meðal fyrirlesara eru **Salvör Nordal** siðfræðingur, **Rannveig Traustadóttir** prófessor við HÍ, **Freyja Haraldsdóttir** leiðbeinandi, **Stefán Ólafsson** prófessor við HÍ og **Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** alþingismaður.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

HARMONIKUBALL
á morgun, laugardagskvöld,
frá kl. 22:30 í Glæsibæ við Álfheima.

Akureyri
Odd-Vitinn
Laugardagskvöld
Hljómsveitin
TRABANT
sér um fjörið ásamt leynigestum



Oddvitinn • pub-skemmtistaður • Strandgata 53 Akureyri • Sími 462 6020 • GSM 892 5431






Í tilefni áramóta Kínverska almanaksins
Ár Hanans líður undir lok og ár Hundsins tekur við

新 年 快 乐

Gullkúnst Helgu og Kínaklúbbur Unnar
halda uppá áramótin með uppákomu á Laugavegi 13
laugardaginn 28. janúar klukkan 16:00

allir eru hjartanlega velkomnir!

海浪中国俱乐部

Gullkúnst Helgu
Laugavegi 13, 101 Reykjavík

KRINGLUKRÁIN



Tilboðsmatseðill
fyrir leikhúsgesti
Borðapantanir í síma 568 0878
Hljómsveitin
Hafrót
í kvöld
www.kringlukrain.is

Sigrún Elsa Smáradóttir í 2.- 4. sæti




Ég þarf stuðning þinn í 2. – 4. sæti í opnu prófkjöri Samfylkingarinnar 11.-12. febrúar
www.sigrunelsa.is





**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

Richard Ashcroft: Keys to the World, Battles: EP C/B EP, Nightmares on Wax: In a Space Outta Sound, Jenny Lewis: Rabbit Fur Coat og Sway: This is My Demo.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## *Verðlaunin eru raunverulegt fyrirbæri*

Hljómsveitin Benni Hemm Hemm var ein af sigurvegurum kvöldsins á Íslensku tónlistarverðlaununum í fyrrakvöld. Sveitin fékk verðlaun fyrir bestu plötuna í flokknum Ýmis tónlist og var valin bjartasta vonin.

Benedikt Hermann Hermannsson, forsprakki sveitarinnar, er himinlifandi með viðurkenninguna. „Í fyrsta lagi var ég ekki búinn að gera ráð fyrir að fá þau og enn síður ef ég myndi fá þau hvað ég yrði glaður,“ segir Benni.



„Það var alveg frábært að fá þessi verðlaun, sérstaklega út af því að maður hefur verið að böðlast í útgáfunni sjálfur. Ég trúði aldrei að maður gæti verið tilnefndur án þess að vera með einhvern í vinnu við að frekja sig í gegnum þetta og heimta tilnefningar. Mér finnst ótrúlega frábært að þetta sé raunverulegt fyrirbæri þessi verðlaun en ekki eitthvert auglýsingastönt hjá Skífunni eða eitthvað,“ segir hann.

Verðlaunaplata Benna sem nefnist einfaldlega Benni Hemm Hemm kom út í Japan síðastliðinn föstudag. „Ég fékk plötugagnrýni senda í pósti en hún er á japönsku. Ég þarf að fá þýðanda til að sjá hvernig hún fellur í kramið,“ segir Benni, sem vonar að sjálfsögðu að dómurinn sé jákvæður.

Benni er með ýmislegt fleira í gangi. Auk þess að vera farinn að huga að nýrri plötu, tók hann nýverið upp lag með listamanninum Hugleiki Dagssyni, sem er eftir Hugleik og Þorra bróður hans. Hugleikur hefur reynslu úr tónlistinni því hann hefur áður rappað með hljómsveitinni Útburðir.

Einnig ætlar Benni að taka upp lag með Bart Cameron, ritstjóra tímaritsins Grapevine og meðlims hljómsveitarinnar Foghorns, sem er eftir Bart sjálfan.

Næstu tónleikar Benna Hemm Hemm verða síðan í MH þann 24. febrúar.

## > Plata vikunnar



**The Decemberists:** Picaresque

„Það er ótrúlega upplífgandi að heyra að það séu enn til menn í heiminum sem eru virkilega að reyna að ýta laga- og textasmíðum á æðra plan. Í þeim efnum, fáið þið varla betra framlag en þriðju plötu The Decemberists.“

**BÖS**

## > Popptextinn

*„If you want it*
*you know I´ve got it*
*words they just get in the way.“*

Richard Ashcroft hefur það sem til þarf í ástaróðnum Words Just Get in the Way af plötunni Keys to the World.

## X-LISTINN

**TOPP TÍU LISTI X-INS 977**

| | |
|---|---|
| 1. | **COLDPLAY** TALK |
| 2. | **AVENGED SEVENFOLD** BAT COUNTRY |
| 3. | **VAX** YOUR HAIR IS STUPID |
| 4. | **BLINK 182** NOT NOW |
| 5. | **BLOC PARTY** HELICOPTER |
| 6. | **DR MISTER & MR. HANDSOME** KOKALOCA |
| 7. | **SYSTEM OF A DOWN** HYPNOTIZE |
| 8. | **THE SUBWAYS** ROCK´N ROLL QUEEN |
| 9. | **BUFF** AMORES PERROS |
| 10. | **CHILDREN OF BODOM** OOPS, I DID IT AGAIN |



**COLDPLAY** Enska hljómsveitin Coldplay er komin á topp X-listans með lagið Talk af plötunni X&Y.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Tónleikar samtímis í Danmörku og á Dalvík

**Fyrirtækið 2nd Wave mun í kvöld setja á svið tónleika samtímis í Århus í Danmörku og á Dalvík. Tónlistin verður flutt á sviði í Århus og samtímis sýnd í beinni útsendingu á breiðtjaldi á skemmtistaðnum Bakaríinu á Dalvík.**



**JUNE VARIETY** Frá vinstri: Arnþór bassaleikari, Andrés trommuleikari, Hölli gítarleikari og Lars söngvari.

Á sama tíma fá Danirnir tækifæri til að bragða, lykta og snerta á hangikjöti, rófustöppu, brennivíni og fleira góðmeti frá Íslandi um leið og þeir hlusta á íslenska tóna í bland við danska.

Fram koma íslensk/danska hljómsveitin June Variety, sem gerir út frá Århus, danska hljómsveitin Riah og trúbadorinn Michael Hamilton, sem jafnframt verður í hlutverki kynnis.

June Variety samanstendur af þremur Íslendingum og dönskum söngvara. Spila þeir eigið efni undir áhrifum frá tónlistarmönnum á borð við Led Zeppelin, Jimi Hendrix, Pearl Jam, Red Hot Chili Peppers og U2. Hörður Valsson er gítarleikari í June Variety auk þess sem hann rekur hið nýstofnaða fyrirtæki 2nd Wave ásamt Arnþóri, bassaleikara sveitarinnar. „Þetta voru fyrst bara tónleikar sem við ætluðum að halda með bandinu. Það er erfitt að koma nýju bandi áleiðis og við vorum að velta því fyrir okkur hvernig við gætum fengið athygli,“ segir Hörður um ástæðuna fyrir þessum óvenjulegu tónleikum í kvöld.

Hörður, Arnþór og Andrés bróðir hans, sem er trommuleikari, voru áður í fönkhljómsveitinni Vampiros sem spiluðu án söngs heima á Íslandi. Sú sveit var stofnuð 1997 en eftir að bræðurnir fluttu út til Danmerkur og fengu danskan söngvara til liðs við sig ákvað Hörður að slá til og flytja einnig út. „Þeir hringdu í mig og þá varð ég að gera það upp við mig hvort ég ætti að flytja til London eða eitthvert annað til að vinna við tónlist,“ segir Hörður.

Sveitin hefur enn ekki gefið neitt út en ætlar að bæta úr því í dag þegar tekin verða upp demólög sem verða send til fólks í tónlistarbransanum í Århus, sem ku vera blómstrandi um þessar mundir.

Vonar Hörður að 2nd Wave muni njóta góðs af því. „Við ætlum að setja upp ýmsa viðburði og ætlum okkur að búa þarna næstu árin, ég reikna fastlega með því. Århus er góður staður til að gera tónlist. Það er stutt til Þýskalands og Svíþjóðar og þarna er gott menningar- og tónlistarlíf,“ segir hann.

**freyr@frettabladid.is**

## SMS UM NÝJUSTU PLÖTURNAR

### Konono N1: Congotronics

„Konono N1 er ólíkt öllu öðru sem þú hefur heyrt um ævina. Þetta er eldgömul sveit frá höfuðborg Kongó þar sem helsta undirstaðan eru þumlapíanó og ásækinn taktur.“ **BÖS**

### The Fiery Furnaces: Rehersing My Choir

„Þriðja plata The Fiery Furnaces er samstarfsverkefni Friederberger systkinanna og ömmu þeirra. Skemmtileg á köflum en hún tekur hinum svo gífurlega fram í undarlegheitum að fyrir vikið á hún auðveldara með að pirra eyrað.“ **BÖS**

### Animal Collective: Feels

„Á þriðju breiðskífu sinni hljóma Animal Collective meira dáleiðandi en áður. Tilraunamennskan er enn aðalsmerki og sveitin er síbreytilegri en kameljón.“ **BÖS**

### The Strokes: First Impressions of Earth

„Þriðja breiðskífa The Strokes er ekkert sérstök. Hljómurinn örlítið of sterílI fyrir svona skítuga sveit og lögin ekki eins sterk og áður.“ **BÖS**

### Korn: See You on the Other Side

„Nýjasta afurð Korn er útþynnt og andlaus. Sveitin hefur aldrei hljómað eins óspennandi og akkúrat núna.“ **BÖS**



**DAVE GROHL** Grohl og félagar ætla í órafmagnað tónleikaferðalag á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Órafmögnuð tónleikaferð

Hljómsveitin Foo Fighters, sem hefur haldið tvenna tónleika hér á landi, ætlar í tónleikaferð á næstunni til að fylgja eftir órafmagnaða hlutanum á plötunni In Your Honour.

Sveitin hefur þegar gefið út þrjár smáskífur og farið í tónleikaferð vegna rokklaganna á plötunni en ætlar nú að venda kvæði sínu í kross. Með Foo Fighters í för verður fiðluleikarinn Petra Haden, píanóleikarinn Rami Jeffee og ásláttarleikarinn Drew Hester. ■

# Nýtt frá Aphex Twin



**APHEX TWIN**

Raftónlistarmaðurinn virti, Aphex Twin, gefur út sína fyrstu plötu með nýju efni í fimm ár í apríl.

Platan nefnist Chosen Lords og verður gefin út undir nafninu AFX hjá plötufyrirtæki Aphex Twin, Rephlex. Á plötunni verða lög sem Aphex, sem heitir réttu nafni Richard D. James, gaf út á 12 tommu vinyl-smáskífum á síðasta ári og ekki margir komust í tæri við. Síðasta plata Aphex Twin, Drukqs, var tvöföld og fékk misjöfn viðbrögð gagnrýnenda. ■

Aðalfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík

Aðalfundur Samfylkingarfélagsins í Reykjavík verður haldinn á morgun, laugardag og hefst kl. 13. Fundurinn verður haldinn á Hallveigarstíg 1, niðri.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Uppstillingarnefnd fyrir stjórnarkjör hefur lokið störfum og má sjá niðurstöður hennar á www.sffr.is



Frambjóðendakynning

Kl. 14 hefst frambjóðendakynning sem félagið stendur fyrir.

Kynntir verða allir frambjóðendur í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík sem fram fer 11. og 12. febrúar nk.

Stjórnendur kynningarinnar eru:
Ásgeir Beinteinsson, Einar Karl Haraldsson og Heiða Björk Pálmadóttir.

SffR Samfylkingarfélagið í Reykjavík
Hallveigarstíg 1 • Sími 414 2207 • reykjavik@samfylking.is • www.sffr.is


Í BÍÓ
FRÁ VERÐLAUNALEIKSTJÓRANUM SEM FÆRÐI OKKUR
"SAVING PRIVATE RYAN" OG "SCHINDLER´S LIST"
ALLUR HEIMURINN FYLGDIST MEÐ ÁRIÐ 1972 ÞEGAR 11 ÍSRAELSKIR ÍÞRÓTTAMENN VORU MYRTIR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM Í MUNCHEN.
ÞETTA ER SAGAN AF ÞVÍ SEM GERÐIST NÆST.
"LISTAVERK EINS OG SPIELBERG EINUM ER LAGIÐ." A.B. BLAÐIÐ
★★★★★
"ÞRÁTT FYRIR ÁHÆTTURNAR SEM FÓLUST Í GERÐ MYNDARINNAR HEFUR SPIELBERG SKILAÐ FRÁ SÉR SINNI BESTU MYND SÍÐAN "SAVING PRIVATE RYAN". MUNICH ER AUÐVELDLEGA HÆGT AÐ KALLA MEISTARAVERK ÞVÍ HÚN ER MÖGNUÐ OG ÁHRIFARÍK Í SENN OG SÝNIR FRAMÚRSKARANDI KVIKMYNDAGERÐ UPPÁ SITT BESTA." L.I.B. TOPP5.IS
★★★★
"ENN OG AFTUR LANGBESTA MYND SPIELBERG Í LANGAN TÍMA OG MIKILVÆG MYND AÐ MÖRGU LEYTI ÞVÍ HÚN SKOÐAR BÁÐAR HLIÐAR MÁLSINS ÁN ÞESS AÐ TAKA AFSTÖÐU, AÐRA EN ÞÁ AÐ ÞETTA ER VONLAUS BARÁTTA." Ó.Ö. DV
★★★★
"MUNICH ER SENNILEGA BESTA MYND SPIELBERG SÍÐAN SCHINDLER'S LIST. EINVALA LEIKARALIÐ Í FRÁBÆRUM "70'S" NJÓSNATRYLLI."S.U.S. XFM 91,9
A STEVEN SPIELBERG FILM
MUNICH
BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM
DREAMWORKS PICTURES AND UNIVERSAL PICTURES PRESENT AN AMBLIN ENTERTAINMENT-KENNEDY/MARSHALL-BARRY MENDEL PRODUCTION
IN ASSOCIATION WITH ALLIANCE ATLANTIS COMMUNICATIONS "MUNICH" ERIC BANA DANIEL CRAIG CIARAN HINDS MATHIEU KASSOVITZ HANNS ZISCHLER AND GEOFFREY RUSH
MUSIC BY JOHN WILLIAMS COSTUME DESIGNER JOANNA JOHNSTON EDITOR MICHAEL KAHN A.C.E. PRODUCTION DESIGNER RICK CARTER DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY JANUSZ KAMINSKI ASC BASED ON THE BOOK "VENGEANCE" BY GEORGE JONAS
PRODUCED BY KATHLEEN KENNEDY STEVEN SPIELBERG BARRY MENDEL COLIN WILSON SCREENPLAY BY TONY KUSHNER AND ERIC ROTH DIRECTED BY STEVEN SPIELBERG
ÁLFABAKKI
SÝND KL. 6 - 8 - 10
SÝND Í VIP KL. 6 - 10
KRINGLAN
SÝND KL. 5 - 8.30 - 10.15
AKUREYRI
SÝND KL.8 - 11
HÁSKÓLABÍÓ
SÝND KL. 5.50 - 9
SAMBÍÓIN
KOMIN Í BÍÓ
REYKJAVÍK • AKUREYRI

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is



**SIGURVEGARAR** Sigurvegarar kvöldsins komu allir fram undir lokin en þetta er vissulega fríður og föngulegur hópur. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA



**XFM** Fyrstu tónlistarverðlaun XFM verða veitt 23. febrúar.

## Tónlistarverðlaun XFM

Fyrstu tónlistarverðlaun útvarpsstöðvarinnar XFM verða veitt í Austurbæ þann 23. febrúar. Um er að ræða hlustendakosningu þar sem hlustendur XFM hafa fullt vægi.

Aðeins verður hægt að kjósa á heimasíðunni www.xfm.is. Kosið verður um plötu ársins, heimasíðu ársins, besta lagið, björtustu vonina, nýliða ársins, besta tónleikabandið og myndband ársins, auk þess sem heiðursverðlaun verða afhent. Tilnefningarnar verða kunngerðar eftir helgi og mun kosningin þá hefjast formlega.

# FÖGUR FLJÓÐ & FLOTTIR SVEINAR

Það er hluti af skemmtuninni að fá sér smá freyðivín og slaka á. Fjöldi fólks sótti Íslensku tónlistarverðlaunin heim og gæddi sér á veglegum veigum í boði hússins. Mátti sjá poppara, rokkara, stjórnmálamenn og allt þar á milli blanda geði enda nær tónlistin út fyrir öll landamæri. Heiða Helgadóttir, ljósmyndari Fréttablaðsins, festi herlegheitin á filmu. ■



**FLOTTAR STELPUR** Borgarstjórinn Steinunn Valdís og Ellen Calmon voru flottar í kokteilnum fyrir verðlaunaafhendinguna.



**HALLGRÍMUR, GUÐMUNDUR, MARGRÉT OG ANNA** Baggalútarnir Haraldur Hallgrímsson og Guðmundur Pálsson voru himinlifandi með verðlaunin fyrir besta lagið og voru flottir með spúsum sínum, þeim Margréti Maríu og Önnu.

**KÓNGURINN OG KRÓNPRINSINN** Bubbi Morthens fór heim með tvenn verðlaun en Mugison burstaði hátíðina í fyrra og fór því vel á með þeim köppum.

**ÓVÆNTUR SIGURVEGARI** Benedikt Hermann Hermannsson kom, sá og sigraði en sveitin hans, Benni Hemm Hemm fékk tvenn verðlaun.





**EINN LÍTILL, EINN STÓR** Þeir féllu eins og flís við rass félagarnir Helgi Sv. Helgason úr Flís og Sigurður Guðmundsson úr Hjálmum.



**MEÐ GUNNA SÉR VIÐ HLIÐ** Felix Bergsson var kynnir og hafði mynd af Dr.Gunna sér til halds og traust en þeir félagar hafa stjórnað spurningaþættinum Popppunkti við miklar vinsældir.






**BESTIR** Sigur Rós ber höfuð og herðar yfir aðrar sveitir á Íslandi og uppskar ríkulega í Þjóðleikhúsinu.

## *Sigurvegarar*

Auðvitað skipta verðlaunin minna máli en Íslensku tónlistarverðlaunin eru kærkomið tækifæri fyrir tónlistarmenn að bera saman bækur sínar. Einhverjir verða þó að vinna og gengu Emilíana Torrini og Sigur Rós frá borði með flest verðlaun.



**SANNKALLAÐUR DJASSGEGGJARI** Platan Leiðin Heim með Kvartett Sigurðar Flosasonar fékk verðlaun fyrir besta diskinn í flokki djasstónlistar.



**FLOTT SÖNGKONA** Emilíana Torrini kom sérstaklega til landsins svo hún gæti tekið þátt. Torrini var valin besta söngkonan en það kom fáum á óvart.

# *Góð stemning*

Það myndaðist góð stemning í Þjóðleikhúsinu í gær og var margt sem gladdi augað. Sjónvarpsáhorfendur fengu að fylgjast með í beinni útsendingu en þó er ekki allt sem kemst til skila þar.



**UNGIR OG FJÖRUGIR** Jakobínarína fór hamförum á sviðinu í Þjóðleikhúsinu en hróður sveitarinnar hefur borist út fyrir landssteinana.



**GLÆSILEGUR FERILL** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Guðmundi Jónssyni, óperusöngvara heiðursverðlaun og tók sá gamli lagið við tækifærið og sýndi að hann hafði engu gleymt.



**JÓNSI Í SVÖRTUM FÖTUM OG RÓSA KONA HANS** Jónsi og Rósa kona hans létu sig að sjálfsögðu ekki vanta á afhendinguna og voru glæsileg að vanda.



**FALLEGIR TÓNAR** Sigrún Eðvaldsdóttir lék undurfagra tóna fyrir gesti og dáleiddi viðstadda nánast.



**MIKILVÆGT SÍMTAL** Það hlýtur að hafa verið mikilvægt símtalið sem Sigtryggur Baldursson sá sig knúinn til að sinna eftir að hann kom sér fyrir í Þjóðleikhúsinu.

## HELGIN MÍN EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON

# *Erilsöm Eurovison-helgi framundan*

Tónlistarmaðurinn Eyjólfur Kristjánsson hefur í nógu að snúast þessa helgina. Dagskráin hjá honum byrjar í kvöld þegar hann spilar á styrktartónleikum fyrir Ólöfu Maríu Jónsdóttur, atvinnukonu í golfi, ásamt Stefáni Hilmarssyni í Garðaholti í Garðabæ. Þetta er í þriðja sinn sem þeir spila fyrir hana og leiðist það ekki enda eru þeir miklir golfarar báðir tveir.

„Svo tekur maður laugardaginn snemma og fer út á Fiskislóð þar sem Eurovision-keppnin er tekin upp og skoðar aðstæður og mátar einhverja búninga. Ætli dagurinn fari ekki í það," segir Eyjólfur, sem mun flytja lag sitt Lífið, ásamt Bergsveini Árilíussyni.

Eftir Eurovision taka þrjú verkefni við hjá Eyva. Fyrst spilar hann í einkasamkvæmi en flytur sig síðan um set á Hótel Sögu og spilar á þorrablóti sjálfstæðismanna. Erilsömum degi lýkur hann síðan á Broadway þar sem hljómsveit hans Íslands eina von leikur fyrir dansi.

„Svo reynir maður að horfa á boltann þess á milli og eiga smá stund með fjölskyldunni um helgina," segir Eyvi. „Á sunnudaginn á ég frí og get horft á Wolves og Manchester United í bikarnum. Ég hef verið mikill United-maður síðan 1968. Ég er nú frekar skeptískur á nokkra leikmenn núna og fullyrði að þeir kæmust ekki einu sinni í liðið hjá Þrótti," segir hann og hlær.

Eyvi missti af Eurovision-keppninni síðasta laugardag sökum anna en segir rosa gaman að fá að taka þátt í keppninni. „Mér sýnist Sjónvarpið vera að gera góða hluti með þessari keppni. Ég hef ekki sent lag eða reynt að vera með í mörg ár en núna er 40 ára afmæli Sjónvarpsins og 20 ára afmæli Eurovision og þar sem ég hef komið svolítið nálægt þessu í gegnum tíðina langaði mig að vera með. Ég átti samt ekki von á að lagið mitt færi alla leið," segir Eyvi, sem lýsir laginu sem týpísku Eyva-lagi.



**EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON** Tónlistarmaðurinn geðþekki hefur í nógu að snúast þessa helgina.






HÁDEGISBÍÓ — HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI — 3 BÍÓ — 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓI




| ÁLFABAKKI | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 6-8-10 | B.I. 16 |
| MUNICH VIP | KL. 6-10 | |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5-8-10:40 | |
| OLIVER TWIST | KL. 5-8 | B.I. 12 |
| JARHEAD | KL. 10:40 | B.I. 16 |
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5 | |
| KING KONG | KL. 10 | B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 4:20 | |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| FUN WITH DICK & JANE | KL. 6-8-10 | |
| HOSTEL | KL. 10 | B.I. 16 |
| RUMOR HAS IT | KL. 8 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5 | |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 8-11 | B.I. 16 |
| DOMINO | KL. 8 | B.I. 16 |
| JARHEAD | KL. 10:15 | B.I. 16 |

| KRINGLAN | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 5-8:30-10:15 | B.I. 16 |
| OLIVER TWIST | KL. 3:30-6 | B.I. 12 |
| DOMINO | KL. 11 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 3:30-8:30 | |
| KING KONG | KL. 6 | B.I. 12 |

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 — KRINGLAN 588 0800 — AKUREYRI 461 4666 — KEFLAVÍK 421 1170

| HÁSKÓLABÍÓ | | |
|---|---|---|
| MUNICH | KL. 5:50-9 | B.I. 16 |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 5:30-8-10:30 | |
| OLIVER TWIST | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 12 |
| KING KONG | KL. 9 | B.I. 12 |
| RUMOR HAS IT | KL. 10:30 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 5:30 | |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 6 | B.I. 10 |

| FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ | |
|---|---|
| BABÚSKA - LE POUPÉES RUSSES | KL. 8:05 |

Háskólabíó


## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn Chris Penn lést af eðlilegum orsökum að sögn læknayfirvalda í Los Angeles. Penn fannst látinn í íbúð sinni í Kaliforníu á fimmtudag. Talið er að offita hafi átt stóran í dauða hans því hann var um 135 kíló þegar hann geispaði golunni.



Ómskoðunarmynd sem er sögð vera af fóstri leikkonunnar Angelina Jolie var sett á forsíðu bandaríska slúðurblaðsins National Enquirer. Ekki er langt síðan myndin var tekin af uppboðssíðunni eBay þar sem hún var til sölu. Að sögn slúðurblaðsins sést á ómskoðunarmyndinni að þau Jolie og Pitt eiga von á barni. Talsmenn Pitt halda því fram að um gabb sé að ræða og að myndin sé ekki af ófæddu barni þeirra.





Yfirvöld í franska bænum Bonnieux vilja gera ófætt barn leikarans Russel Crowe og eiginkonu hans Danielle Spencer að heiðurborgara. Crowe var við tökur á myndinni A Good Year í franska bænum á síðasta ári og var barnið víst getið þar. „Það væri mjög gaman ef þau gætu komið við í Bonnieux á næsta ferðalagi sínu um Frakkland svo að barnið gæti orðið heiðursborgari," sagði borgarstjórinn.

Hjónin Sarah Jessica Parker og Matthew Broderick vilja fara með aðalhlutverkin í leikritinu Don't Follow Me I'm Lost Too. Leikritið fjallar um hjón sem skrifa slúðurdálka fyrir dagblað í New York. Fái þau hlutverkin er ljóst að Parker mun endurtaka að miklu leyti hlutverk sitt úr þáttunum Sex and the City þar sem hún fór með dálkahöfundar á tímariti.






Milljónamæringur nr. 142

Þú gætir líka unnið

Það hefur sjaldan verið eins auðvelt að vinna í Happdrætti Háskólans. Á þessu ári drögum við út yfir 200 milljónamæringa. Tryggðu þér miða í 800 6611 eða á hhi.is. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

ELÍSABET ER BARA Á NETINU. ÞANNIG VERÐA TRYGGINGARNAR ÞÍNAR ÓDÝRARI VEGNA ÞESS AÐ HÚN SPARAR ALLS KYNS HLUTI.

EINS OG HÚS.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • 4067

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.



## Eradze ekkert með?

Óvíst er hvort markvörðuinn Rolan Valur Eradze geti nokkuð leikið með íslenska landsliðinu á EM í Sviss eftir að meiðsli í öxl tóku sig upp í gærmorgun. Eradze verður ekkert með í riðlakeppninni en bundnar eru vonir til þess að hann verði orðinn leikfær þegar í undanriðlan mótsins er komið.

# sport

sport@frettabladid.is

DREGIÐ VERÐUR Í UNDANKEPPNI EM 2008 Í SVISS Í DAG OG ER ÍSLENSKA LIÐIÐ Í 5. STYRKLEIKAFLOKKI:

# Kominn tími á að mæta Englendingum



Í dag verður dregið í undankeppni Evrópumóts landsliða sem fram fer í Sviss árið 2008. Ísland er sett í 5. styrkleikaflokk ásamt löndum á borð við Ungverjaland, Finnland og Wales.

Eggert Magnússon, formaður KSÍ, fer ekki í grafgötur með það að hann vilji fá England í riðil með Íslandi. „Við höfum aldrei fengið England í undankeppni þannig að það er kominn tími á það núna. Þar að auki eru lönd á borð við Spán, Frakkland og Ítalíu sem gaman væri að fá í okkar riðil.“

Aðspurður hvað væri best fyrir KSÍ fjárhagslega sagði Eggert að hann vildi helst sleppa við að mæta liðum í Austur-Evrópu, aðallega vegna hinna miklu ferðalaga sem það hefur í för með sér. „Ég get reyndar lítið annað en gott sagt um land eins og Kasakstan þar sem ég hef það land nú í minni umsjá innan UEFA, en það er svo sannarlega ekki óskamótherji okkar Íslendinga í þessari undankeppni.“

Eggert segir einnig að markmið íslenska landsliðsins séu að hækka sig upp um styrkleikaflokk. „Við förum niður um styrkleikaflokk í seinustu keppni og erum í síðasta sæti í 5. styrkleikaflokknum þannig að markmiðið okkar hlýtur að vera að komast upp um flokk og hækka þar með á heimslistanum. Við eigum töluvert af knattspyrnumönnum sem eru að spila í fremstu deildarkeppnum heims sem er auðvitað grundvöllur fyrir því að eiga gott landslið. Ég held því að við eigum alla möguleika á að standa okkur betur í þessari undankeppni heldur en við höfum gert á seinustu árum.“

## > Bjarni á leið til Silkeborg



Bjarni Ólafur Eiríksson, varnarmaðurinn öflugi úr Val, hefur náð samkomulagi við forráðamenn danska úrvalsdeildarliðsins Silkeborg um kaup og kjör. Er nú aðeins formsatriði fyrir félögin að ganga frá félagsskiptunum en Valur hafði áður samþykkt kauptilboð danska félagsins. Bjarni Ólafur heldur utan strax á mánudaginn og hefur þannig tíma til að koma sér í gott form áður en keppni hefst í dönsku deildinni eftir vetrarhlé.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JANÚAR**

24 25 26 **27** 28 29 30

**Föstudagur**

**SJÓNVARP**

- 16.55 **EM í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Ungverja** og **Serba/Svartfellinga.**
- 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.
- 18.12 **Sportið** á Sýn. Farið yfir helstu íþróttafréttir dagsins.
- 18.30 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 19.00 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.
- 19.10 **EM í handbolta** á Rúv. Bein útsending frá leik **Íslendinga** og **Dana.**
- 20.30 **Motorworld** á Sýn.
- 23.00 **NBA** á Sýn. Útsending frá leik **Seattle** og **Dallas** frá því í gærkvöldi.
- 00.30 **NBA** á Sýn. Bein útsending frá leik **Indiana** og **Cleveland.**

# Við erum eins og bræður

**Ibrahima Sonko, félagi Ívar Ingimarssonar í miðri vörn Reading, segir að þeir félagar séu eins og bræður og bæti hvorn annan fullkomlega upp. Það sé aðalástæðan fyrir frábærum varnarleik Reading það sem af er leiktíð.**

**FÓTBOLTI** Magnaður árangur Reading í ensku Championship-deildinni hefur vakið mikla athygli í vetur, jafnt á meðal almennra fótboltaáhugamanna sem og fjölmiðla í Bretlandi. Fyrir skemmstu birti BBC stóra fréttaskýringu um Reading þar sem rætt var við Ibrahima Sonko, senegalskan varnarmann liðsins og félaga Ívars Ingimarssonar í vörninni. Reading hefur fengið á sig langfæst mörk allra liða í deildinni það sem af er, aðeins 16 í 30 leikjum, og segir Sonko að það megi að stærstum hluta þakka samstarfi sínu og Ívars.

„Við erum eins og bræður,“ segir Sonko við BBC, þrátt fyrir að bakgrunnur þeirra gæti í raun ekki verið ólíkari. Sonko er þeldökkur á hörund og er frá frumskógum Afríku en Ívar er frá lítilli eyju rétt utan við strendur nyrstu höfuðborgar heims. „Ég þekki styrkleika hans og veikleika. Þegar ég sný mér við er hann mættur. Ég þarf ekki einu sinni að tala við hann til að skilja hvað hann vill að ég geri,“ segir Sonko jafnframt.

Ívar kveðst hafa haft gaman af því að heyra þessi ummæli Sonkos og sagði þau alls ekki fjarri lagi. „Við bætum hvorn annan mjög vel upp og ég held að það megi að stórum hluta rekja til þess að við erum mjög góðir félagar utan vallar, við erum herbergisfélagar í ferðalögum og miklir vinir. Það getur ekki verið annað en jákvætt fyrir okkur þegar við spilum,“ sagði Ívar við Fréttablaðið þar sem hann var staddur í æfingabúðum með Reading á Spáni. Ákveðið var að liðið færi í sólina og safnaði kröftum eftir mikið álag að undanförnu. „Hér er fínt að vera, svona ferðir þjappa hópnum saman og svo er gott að fá að sleikja sólina og hafa það huggulegt í leiðinni.“



**FÉLAGARNIR OG BRÆÐURNIR** Ívar Ingimarsson og Ibrahima Sonko sjást hér kljást við David Healey, sóknarmann Leeds, í viðureign liðanna fyrr á leiktíðinni. Ívar og Sonko mynda besta miðvarðaparið á Englandi utan úrvalsdeildarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Árangur Reading í ár er með hreinum ólíkindum og hefur liðið aðeins einu sinni beðið ósigur á tímabilinu – í opnunarleiknum gegn Plymouth um miðjan ágúst. Síðan þá hefur liðið náð 72 stigum, eða 2,48 að meðaltali í leik, og er Reading sem stendur langefst í deildinni með 21 stiga forystu á liðið í 3. sæti, Leeds. Sagan segir að það nægi liðum að hljóta um 88 stig til að komast upp í úrvalsdeildina sem þýðir að Reading þarf aðeins að vinna sex leiki af þeim 16 sem eftir eru til að tryggja sér úrvalsdeildarsæti. Þá er liðið komið áfram í bikarkeppninni og mætir þar Birmingham í næstu umferð á laugardaginn.

„Að sjálfsögðu stefnum við á sigur í þeim leik en aðaláherslan er samt sem áður á deildina og bikarinn er bara bónus,“ segir Ívar. Hann segir sjálfstraustið á meðal leikmanna liðsins vera „bullandi“ um þessar mundir og bætir því við að hann sé að upplifa gamla klisju úr boltanum sem venjulega skjóti upp kollinum þegar lið eru á miklu skriði. „Þegar þú ert búinn að vinna svona marga leiki gerist það eiginlega ósjálfrátt að þér finnst þú ekki geta tapað þegar gengið er inn á völlinn. Þannig er það með okkur í augnablikinu.“

*Getið þið klúðrað þessu úr því sem komið er?*

„Okkur vantar náttúrulega ennþá stig og erum ekki komnir upp ennþá. En ef við klúðrum þessu úr því sem komið er yrði það líklega klúður ársins og við myndum naga okkur í handarbökin all svakalega.“

vignir@frettabladid.is



**KEFLAVÍK GEGN NJARÐVÍK** Það verður hart barist í undanúrslitum bikarkeppni KKÍ

Bikarkeppni KKÍ:

## Keflavík fékk Njarðvík

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar Keflavíkur drógust gegn bikarmeisturum Njarðvíkur þegar dregið var í undanúrslitum bikarkeppni KKÍ í gær. Í hinum undanúrslitaleiknum drógust saman Grindavík og Skallagrímur frá Borgarnesi.

Í bikarkeppni kvenna mætast Keflavík og Grindavík á heimavelli Grindvíkinga annars vegar og ÍS fékk heimaleik gegn Breiðablik hins vegar. **- toh**

Jose Mourinho:

## Krefst meiri virðingar

**FÓTBOLTI** Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, segir að hann fái ekki þá virðingu sem hann eigi skilið frá öðrum þjálfurum í úrvalsdeildinni.

Einnig segir hann að það sé ósanngjarnt að setja spurningamerki við ráðningar á erlendum þjálfurum, eins og honum sjálfum og Arsene Wenger, í ensku deildinni.

„Mér finnst þetta einfaldlega vera virðingarleysi. Af hverju eru ég og Arsene hjá Chelsea og Arsenal? Af því að við höfðum báðir náð frábærum árangri með önnur lið á undan og menn verða að bera virðingu fyrir því, sama hvort menn eru enskir eða ekki,“ sagði Mourinho“ **- toh**

Thierry Henry:

## Boðinn nýr samningur

**FÓTBOLTI** Peter Hill-Wood, formaður Arsenal, hefur upplýst að Arsenal hafi boðið Thierry Henry nýjan samning sem hann segir vera eins góðan og þeir geti mögulega boðið nokkrum leikmanni. „Við skulum bara segja að mér hrýs hugur við tilhugsunina, þetta eru það miklir peningar,“ sagði Hill-Wood. „Við viljum endilega halda honum hjá okkur og því höfum við boðið honum þennan samning til fimm ára. Arsene Wenger telur að Henry geti spilað eins vel og hann er að gera núna í um fimm ár til viðbótar.“ **- toh**


**KIA Picanto**
1,0 • 5 dyra • 5 gíra • verð 1.088.000



**KIA Picanto,** lipur, fallegur og nútímalegur smábíll. Rúmgóður og ríkulega útbúinn. Það sakar ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu.

**11.289 kr. á mánuði***

**KIA Rio**
1,6 • 5 dyra • 5 gíra • verð 1.498.000



**KIA Rio,** glæsilegur fólksbíll úr smiðju KIA. Rio er búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalæsivörn, álfelgum og öflugri en sparneytinni 1,6 lítra, 112 hestafla CVVT bensínvél.

**15.582 kr. á mánuði***

**KIA Cerato**
2,0 • 4 dyra • 5 gíra • verð 1.648.000



**KIA Cerato,** rúmgóður og kraftmikill, 2,0 lítra, 144 hestöfl. Ríkulegur staðalbúnaður, öryggisloftpúðar, aksturstölva, álfelgur o.fl.

**17.067 kr. á mánuði***

KIA MOTORS

*miðað við SP-bílasamning til 84 mán. og 30% innborgun

HEKLA **KIA umboðið** á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE
og vodafone
Heyrumst!
Idol
Coke
HORFÐU Á IDOL TIL ENDA MEÐ IDOL ÁSKRIFTARTILBOÐI
4.790 KR. Á MÁNUÐI OG ÞÚ HORFIR TIL 5. MAÍ
Idol keppendur gefa áritun frá kl. 14 - 15 á laugardag
fyrir framan verslun Og Vodafone í Smáralind.
HVER AF ÞEIM VERÐUR IDOL-STJARNAN?
Misstu ekki af Idol-Stjörnuleit í beinni útsendingu frá Smáralind – í kvöld kl. 20:30
2
GOTT FÓLK McCANN

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### EM í handbolta:

***A-riðill***

| | |
|---|---|
| PÓLLAND-ÚKRAÍNA | 33-24 |
| SLÓVENÍA-SVISS | 29-25 |

Siarheu Rutenka 7 - Thomas Gautschi 7.

***B-riðill***

| | |
|---|---|
| ÞÝSKALAND-SPÁNN | 31-31 |

Pascal Hens 9 - Rolando Urios 6, Iker Romero 6

| | |
|---|---|
| FRAKKLAND-SLÓVAKÍA | 35-21 |

Joel Abati 6, Bertrand Gille 5, Daniel Narcisse 5.

***C-riðill***

| | |
|---|---|
| DANMÖRK-UNGVERJALAND | 29-25 |

Joachim Boldsen 6 - Daniel Buday 9

| | |
|---|---|
| ÍSLAND-SERBÍA/SVARTFJALLALAND | 36-31 |

**Mörk Íslands** (skot innan sviga): Guðjón V. Sigurðsson 10/3 (15/4), Snorri S. Guðjónsson 9/5 (11/6), Ólafur Stefánsson 8 (11/2), Vignir Svavarsson 2 (2), Einar Hólmgeirsson 2 (4), Alexander Petersson 2 (3), Róbert Gunnarsson 2 (2).

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 14/1, Hreiðar Guðmundsson 3. **Hraðaupphlaup**: 10 (Guðjón Valur 5, Ólafur 2, Vignir 2, Snorri). **Fiskuð víti:** 12 (Guðjón Valur 3, Alexander 3, Róbert 2, Sigfús 2, Arnór, Ólafur). **Brottrekstrar**: 6 (12 mínútur).

***D-riðill***

| | |
|---|---|
| KRÓATÍA-PORTÚGAL | 24-21 |
| RÚSSLAND-NOREGUR | 24-21 |

Vitaly Ivanov 7 - Alexander Buchman 7.

### Iceland Express-deild karla:

| | |
|---|---|
| **HAUKAR-NJARÐVÍK** | **72-97** |
| HAMAR/SELFOSS-GRINDAVÍK | 72-83 |
| **ÞÓR AK.-FJÖLNIR** | **80-87** |
| KEFLAVÍK-SNÆFELL | 86-84 |
| **KR-SKALLAGRÍMUR** | **85-75** |
| ÍR-HÖTTUR | 94-81 |

Nýjung á handboltamóti:

## Öll skot mæld

**HANDBOLTI** Sú nýlunda verður á EM í Sviss að áhorfendur geta fylgst með skothörku leikmanna því búið er að koma upp hraðamælum fyrir aftan mörkin og birtist hraði skotanna á skjá til hliðar við markið.

Margir Íslendingar hafa spáð í hversu fast Einar Hólmgeirsson skjóti en svör við því ættu þannig að fást í næstu leikjum. **- hbg**

# Íslendingar unnu stríðið

**Völlurinn í Sursee í gær minnti á köflum meira á vígvöll en leikvöll þegar grófir Serbar lömdu harkalega á Íslendingum. Það reyndist það eina sem þeir gátu og Ísland vann glæstan sigur, 36-31.**

**HANDBOLTI** Það var mikil taugaspenna í loftinu hjá báðum liðum þegar leikurinn hófst. Vörn beggja liða var góð en sóknarleikurinn afleitur. Serbar voru klaufar en Íslendingar stífir, stressaðir og hreinlega ragir. Nema Ólafur Stefánsson sem fór mikinn og kveikti neistann í íslenska liðinu og slökkti um leið á Serbum.

Í stöðunni 4-4 tóku Íslendingar öll völd á vellinum og byrjuðu að byggja upp forskot sem mest náði sex mörkum, 16-10, en mark hjá Serbum á lokasekúndu fyrri hálfleiks gerði það að verkum að fimm mörkum munaði á liðunum í leikhléi, 16-11. Fyrri hálfleikur var frábærlega leikinn af íslensku strákunum og það sýndi sig enn eina ferðina hversu mikilvægt það er að leika sterka vörn því þá kemur markvarslan og hraðaupphlaupin sem eru liðinu gríðarlega mikilvæg.

Serbar færðu sig framar á völlinn í síðari hálfleik og freistuðu þess að sprengja leikinn upp. Sú leikáætlun gekk ekki upp því skynsamir sóknarleikmenn Íslands bættu við mörkum og náðu fljótlega níu marka forystu, 23-14. Munurinn var enn níu mörk þegar fimmtán mínútur lifðu leiks.

Serbar tóku þá upp á því að lemja Íslendinga í harðfisk og komust upp með það sem var með hreinum ólíkindum. Íslenska liðinu var brugðið og gaf höggstað á sér í vörninni þar sem Serbar röðuðu inn auðveldum mörkum á skömmum tíma. Forskotið minnkaði smám saman og Serbar settu verulega pressu á Íslendinga



**MARKAHÆSTUR** Guðjón Valur Sigurðsson átti skínandi leik í gær og var markahæstur íslenska liðsins með 10 mörk. Hér sést hann í þann mund að skora eitt fimm marka sinna úr hraðaupphlaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/BÖDDI

þegar munurinn var þrjú mörk, 33-30. Liðsmenn sýndu þá að þeir haf stáltaugar og strákarnir fögnuðu innilega frábærum sigri.

Ólafur Stefánsson var að öðrum ólöstuðum maður leiksins. Hann keyrði liðið áfram strax frá upphafi og var eigingjarnari en í síðustu leikjum og veitti ekki af. Hann steig síðan upp á ný þegar mikil pressa var komin á íslenska liðið og með hann í álíka formi eru Íslandi allir vegir færir.

Snorri Steinn sýndi ótrúlega yfirvegun í sínum leik en hann er ótrúlega þroskaður leikmaður miðað við aldur og reynslu. Leysti hlutverk sitt frábærlega og skoraði úr mikilvægum vítum. Guðjón Valur var einnig stórkostlegur eins og vanalega og mun klárlega gera atlögu að markakóngstitli mótsins. Hann virðist ekki geta spilað slæman leik og sannaði enn eina ferðina að hann er heimsklassaleikmaður. Alex var einnig drjúgur og ekki má gleyma þætti Birkis Ívars sem varði oft vel.

Íslenska liðið er komið í lykilstöðu í riðlinum og með sigri gegn Dönum í kvöld standa liðinu allar dyr opnar. Með álíka frammistöðu og gegn Serbum mun Ísland einnig sigra Dani.



EM Í HANDBOLTA
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
*skrifar frá Sursee í Sviss.*
henry@frettabladid.is

# *Frábær fyrri hálfleikur*



**ÍÞRÓTTALJÓS**
ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í HANDBOLTA Á EM Í SVISS

**GEIR SVEINSSON**
SÉRFRÆÐINGUR FRÉTTABLAÐSINS

Íslenska liðið spilaði mjög vel lungann úr leiknum í gær. Það var mun meiri kraftur og stemning í liðinu heldur en í síðustu leikjum og fyrri hálfleikurinn sýndi að liðið er klárt í slaginn. Það var þá sem íslenska liðið lagði grunninn að sigrinum, spilaði frábæra vörn og markvarslan var í takt við það.

Ólafur Stefánsson var frábær, og í raun má segja að ef ekki hefði verið fyrir hans stórleik hefði getað farið verr. Það var mikil spenna í liðinu framan af leik og mikið um tæknileg mistök en Ólafur tók af skarið þegar á þurfti og hélt liðinu gangandi. Það var augljóst að Serbarnir höfðu fengið skilaboð um að þeir þyrftu að stöðva Ólaf með öllum ráðum í síðari hálfleik og þeir létu hann strax finna fyrir því. Þá steig Snorri upp og tók við leiðtogahlutverkinu hvað sóknarleikinn varðar. Ólafur náði sér síðan aftur á strik undir lokin og kórónaði þannig stórleik sinn.

Við fengum á okkur 20 mörk í síðari hálfleik sem er of mikið en við skoruðum auðvitað jafnmikið sem sýnir hvað sóknarleikurinn var góður. Vondi leikkaflinn kom sem betur fer þegar við vorum með níu marka forystu en íslensku strákarnir sýndu mikinn styrk og karakter með því að klára seinni hálfleikinn með jafntefli.

Sóknarleikurinn er borinn uppi af þremur mönnum, Ólafi, Guðjóni Val og Snorra og það er auðvitað frábært hvað þeir spiluðu vel. En á móti kemur að það gæti verið áhyggjuefni ef það ætla ekki fleiri leikmenn að stíga fram. Það er ekki hægt að ætlast til þess að þessir menn skori 30 mörk í hverjum leik.

Ef miðað er við fyrri hálfleikinn er óhætt að vera bjartsýnn fyrir næstu leiki en í síðari hálfleik fara að sjást hnökrar, Ólafur er tekinn úr umferð og þá missti sóknarleikurinn svolítið marks. Helsta áhyggjuefnið er þar af leiðandi ennþá breiddin, en annars áttu nánast allir leikmenn sem komu við sögu í leiknum góðan dag. Það mikilvægasta er hins vegar sigurinn sjálfur. Sigur í fyrsta leik gefur mikið sjálfstraust upp á framhaldið að gera.

Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari var kátur í leikslok:

## Við héldum haus

**HANDBOLTI** Viggó Sigurðsson lét vel til sín taka á hliðarlínunni í gær og honum var að vonum mikið létt eftir leikinn.

„Maður átti von á svona slagsmálum. Serbarnir eru aggressívir og brjóta líka gróft. Fyrri hálfleikur var frábær en þá var vörnin mögnuð og Birkir varði eins og berserkur. Í seinni hálfleik erum við að gera of mikið af mistökum. Erum að henda frá okkur boltanum og láta dæma á okkur línu og annað þegar við hefðum getað stútað þessum leik. Í heildina samt held ég að þetta hafi verið rosalega góður leikur af okkar hálfu,“ sagði Viggó sigurreifur þótt hann hefði ekki verið sáttur við dómarana.

„Þeir voru mjög grófir. Það eru gefnar út reglur fyrir mótið um að tekið verði fast á öllum fautaskap en það er allt þverbrotið. Þeir gáfu okkur 10 mínútur í leikhléi og okkur tjáð að refsing væri fram undan ef við svikum það. Serbarnir eru í korter og fá ekkert. Þetta var algjört grín.“

Síðari hálfleik var mikil slagsmál en íslenska liðið brotnaði ekki þrátt fyrir mikið mótlæti. Það var Viggó sáttur við.

„Þetta var orðið tæpt og ég hélt á leikhlésspjaldinu í 6-7 mínútur. Snorri kom þá með frábær mörk og Óli átti ótrúlegan dag. Guðjón Valur var líka góður sem og allt liðið. Við héldum haus og það sýnir karakter,“ sagði Viggó sem er bjartur fyrir Danaleikinn.

„Sigur á móti Dönum tryggir okkur áfram í milliriðil. Allir þessir leikir verða jafnir og ef menn eru ekki á tánum þá tapa menn,” sagði landsliðsþjálfarinn að lokum. **- hbg**

Ólafur Stefánsson, fyrirliði:

## Sá hann koma froðufellandi

**HANDBOLTI** Fyrirliði íslenska landsliðsins, Ólafur Stefánsson, var ómetanlegur í þessum leik og hafði hrist af sér slenið sem hrjáði hann í síðustu leikjum.

„Þetta var sannur ég. Best að hætta þessu fyrirliðakjaftæði og vera maður sjálfur. Ég hef verið að hugsa um hina en einbeitti mér meira að sjálfum mér í dag,“ sagði Ólafur sposkur, en sjá mátti létti við að byrja loksins mót með sigri.

„Það er betra að vinna en að tapa. Þetta var samt fyrsti leikurinn á tíu dögum. Það er nóg eftir og þetta verður jafnt í öllum leikjum. Vörnin verður að hanga og þá fáum við hraðaupphlaup,“ sagði Ólafur, sem fékk vænt olnbogaskot í leiknum. „Ég sá hann koma froðufellandi með olnbogann og þetta var viljandi hjá honum.“ **- hbg**

Snorri Steinn Guðjónsson:

## Rosalega grófir

**HANDBOLTI** Leikstjórnandinn ungi Snorri Steinn Guðjónsson átti frábæran leik og var valinn maður leiksins af mótshöldurum. Þrátt fyrir mikla spennu var Snorri pollrólegur og steig upp þegar á þurfti að halda.

„Nei, það þýðir ekkert að vera stressaður. Ef maður er stressaður þá tapar maður. Auðvitað er mikið undir og allt en ef menn geta ekki höndlað smá spennu þá höfum við ekkert að gera í þessa keppni. Þeir eru rosalega grófir og hálfgerðir böðlar hreinlega. Gáfu olnbogaskot og annað en við héldum haus. Sigurinn opnar allt upp á gátt og þetta er í okkar höndum,“ sagði Snorri. **- hbg**

Róbert Gunnarsson:

## Vonandi setur þetta tóninn

**HANDBOLTI** Línumaðurinn Róbert Gunnarsson stóð í ströngu gegn hörðum Serbum sem létu hann fá það óþvegið inn á línunni.

„Þetta var erfitt fyrir alla í liðinu. Við höldum haus þótt við missum leikinn niður í þrjú mörk og það sýnir karakterinn sem býr í þessu liði. Það er draumur að byrja mótið svona og vonandi setur þetta tóninn fyrir það sem koma skal,“ sagði Róbert Gunnarsson. **- hbg**



**LARS KROGH JEPPESEN** Getur ekki leikið með í Sviss vegna meiðsla. NORDICPHOTOS/AFP

Lars Krogh Jeppesen:

## Þurfum að passa Ólaf

**HANDBOLTI** Helsta stórskytta Dana, Lars Krogh Jeppesen, getur ekki leikið á EM vegna meiðsla, en hann er þrátt fyrir það mættur til Sursee þar sem hann mun lýsa leikjum danska liðsins í sjónvarpinu. Blaðamaður Fréttablaðsins settist niður með Jeppesen í gær og spurði hann út í leikinn við Íslendinga.

„Þetta verður opinn leikur og jafnir möguleikar hjá báðum liðum. Þetta er að sjálfsögðu gríðarlega mikilvægur leikur fyrir bæði lið og allt verður lagt undir. Ég er alltaf bjartsýnn og spái því Dönum sigri en við verðum að spila vel til að sigra,“ sagði Lars. En hvað óttast hann helst við leik íslenska liðsins? „Ólafur Stefánsson er frábær leikmaður og alltaf hættulegur. Svo er ég líka hrifinn af Róberti Gunnarssyni sem mér finnst góður.“ **- hbg**




















**Heilsunuddstólar frá Inada**

Ein besta
tækniuppfinningin
2001 - 2005



Nuddar í takt við tónlist




## ÚRVAL AF STILLANLEGUM RÚMUM

**Heilsan er það mikilvægasta sem við eigum. Því skulum við láta okkur líða vel.**

**Svefn & heilsa**
**býður ykkur í heimsókn til að sjá og kynnast nýjustu heilsudýnunum.**

**Einnig höfuðgaflar, náttborð, kommóður, sænguverarsettin góðu og margt fleira sem prýða má falleg heimili.**




Svefn & heilsa ★★★★★

Verið velkomin

www.svefn.is

★ GÆÐI ★ GÓÐ VERÐ ★ ÞJÓNUSTA ★ ÚRVAL ★ ÞEKKING

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„A minute ago this was the safest job in the world. Now it's turning into a bad day in Bosnia."**

**Svar:** Soap úr kvikmyndinni Lock, Stock and Two Smoking Barrels árið 1998.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ Bergsteinn Sigurðsson fékk sjónvarp á tíræðisaldri á heimilið:

# *Allir litir sjónvarpsins eru skrýtnir*

Fyrir hálfum mánuði veitti ég lesendum hlutdeild í sorgum mínum þegar ég sagði frá að sjónvarpið mitt kvaddi þennan heim og fór til sjónvarpstækjahimnaríkis (þar næst Sirkus ekki). Nú er rétt að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið því það hefur dregið til tíðinda.

Í síðustu viku sá góðviljað fólk á mér aumur og gaf mér notað sjónvarpstæki og kann ég þeim miklar þakkir fyrir gjafmildina. Tækið er hins vegar komið til ára sinna; ætli sjónvörp eldist ekki á svipuðum hraða og hundar, það er að segja eitt mannsár jafngildir sjö sjónvarpsárum eða svo. Samkvæmt þessu er „nýja" sjónvarpið mitt því komið vel komið á tíræðisaldur í okkar árum talið. Því fylgja vissulega ókostir, til dæmis virðist ég ekki geta tengt myndlykilinn eða DVD spilarann við tækið. „Svoleiðis var nú ekki til í mínu ungdæmi, þá þótti nú bara nóg að eiga vídeó og Nintendo," hnussar sjónvarpið þegar ég leyfi mér að kvarta..

Ég finn svo sem ekkert mikið fyrir þessu, enda má finna sér margt annað sér til dundurs en að horfa á sjónvarpið. Hitt er verra að litirnir eru teknir að bjagast á skjánum og þrátt fyrir að að hafa eytt ómældum tíma í að reyna að fínstilla gripinn kemur allt fyrir ekki. Það er óþægilegra en mig grunaði að horfa á sjónvarpið þegar litirnir eru svona skrýtnir – allir þeir sem leika í Friends líta út eins og Simpsons fjölskyldan. Þá er skárra að hafa það bara svart/hvítt.



**FRIENDS** Líkjast dálítið á Simpsons í sjónvarpinu mínu.

Ég býst því við að kaupa nýtt tæki áður en langt um líður og kem þá væntanlega til með lenda í valkreppu – á ég að kaupa flatan skjá eða kúptan?



22.45 *Kvikmyndir*

DOCTOR SLEEP



20.00 *Gaman*

SIMPSONS



21.25 *Raunveruleiki*

IDOL EXTRA LIVE



20.00 *Spenna*

CHARMED



20.30 *Íþróttir*

WORLD SUPERCROSS GP 2005-06

### SJÓNVARPIÐ

**7.00** Mozart **7.04** Píanótríó frá fæðingarstað Mozarts í Salzburg **7.28** Mozart-fréttir **7.33** Mozart í Salzburg **8.32** Fiðlusónötur Mozarts **8.51** Messa í c-moll I

**9.18** Frægir tónleikar: Friedricch Gulda og Claudio Abbado **9.45** Drengurinn með hárkolluna **10.14** Tónleikar í Lugano **11.23** Frægir tónleikar: Úr óperum **11.52** Mozart-fréttir **12.00** Lang Lang á tónleikum í Peking **13.34** Cosi fan tutte I **14.20** Mozart frá Ramallah **15.25** EM í handbolta **16.45** Táknmálsfréttir **16.55** EM í handbolta

**18.30 EM-stofan** Hitað upp fyrir næsta leik á EM í handbolta.

**19.00 Fréttayfirlit**

**19.10 EM í handbolta** Bein útsending frá leik Íslendinga og Dana.

**20.50 Fréttir, íþróttir og veður**

**21.25 Disneymyndin – Geimstúlkan Zenon 3** (Zenon Z3) Bandarísk gamanmynd.

**22.45 Dávaldurinn** (Doctor Sleep) Bresk spennumynd frá 2002 um dávald sem sér sýnir og er í framhaldi af því fenginn til að hjálpa lögreglunni að rannsaka verulega dularfullt mál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**0.30** Mozart frá Ramallah **1.12** Mozart-fréttir **1.18** Messa í c-moll II **1.40** Fiðlusónötur Mozarts **2.03** Júpíter-sinfónían **2.35** Cosi fan tutte II **3.23** Hátíðartónleikar í Salzburg **4.04** Píanókonsert í d-moll **4.44** Frægir strengjakvartettar

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.05** Það var lagið **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** The Comeback **13.30** Joey **14.00** Curb Your Enthusiasm **14.35** Night Court **15.00** The Apprentice **16.00** Beyblade **16.25** Skrímslaspilið **16.45** Scooby Doo **17.05** Litlu vélmennin **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**20.00 Simpsons (3:21)**

**20.30 Idol – Stjörnuleit** (Smáralind 1) Úrslitin hefjast nú í Smáralind. Tólf keppa til úrslita í beinni útsendingu og verður það á valdi áhorfenda að skera úr um hverjir komast áfram eftir símakosningu.

**22.00 Punk'd (8:16)**

**22.30 Idol – Stjörnuleit** (Smáralind 1 – atkvæðagreiðsla) Úrslit símakosninga.

**22.55 Listen Up (14:22)** (Takið eftir)(Weekend At Bernie's) Nýir gamanþættir með hinum eina sanna George úr Seinfeld í aðalhlutverki, leikaranum hársnauða, Jason Alexander.

**23.20** Kiss of Death (Str. b. börnum) **1.00** Boricua's Bond **2.30** Beyond Suspicion (B. börnum) **4.15** Punk'd **4.35** Simpsons **5.00** Fréttir og Ísland í dag **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**

**19.00 Friends 6 (14:24) (e)**

**19.30 Idol extra 2005/2006**

**20.00 Sirkus RVK (13:30)** Sirkus Rvk er þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar.

**20.30 Party 101** Heitustu partíin, skemmtilegasta fólkið og bestu drykkirnir.

**21.00 Party at the Palms (9:12)**

**21.25 Idol extra Live** Bein útsending frá Smáralindinni þar sem Svarar Örn fer með okkur á bak við tjöldin á meðan þjóðin kýs sitt uppáhald.

**21.55 Splash TV 2006** Herra Ísland 2005, Óli Geir og Jói bróðir hans eru stjórnendur afþreyingarþáttarins Splash TV.

**22.25 HEX (17:19)** Yfirnáttúrulegir þættir. Bönnuð börnum.

**23.10** Reunion (2:13) **0.00** Girls Next Door (13:15) **0.25** Laguna Beach (6:17) **0.50** Sirkus RVK (13:30)

### SKJÁREINN

**16.15** Game tívi (e) **16.45** Ripley's Believe it or not! (e) **17.30** Cheers – 10. þáttaröð **18.00** Upphitun

**18.30 Australia's Next Top Model (e)**

**19.20 Fasteignasjónvarpið**

**19.30 The King of Queens (e)**

**20.00 Charmed** Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kynngimagnaðar örlaganornir. Chris er rænt og það er eitrað fyrir honum. Hann breytist í kónguló og Paige, Phoebe og Leo reyna að bjarga honum.

**20.45 Stargate SG-1**

**21.30 Ripley's Believe it or not!** Í þáttunum er farið um heim allan, rætt við og fjallað um óvenjulegar aðstæður, sérkennilega einstaklinga og furðuleg fyrirbæri.

**22.15 Worst Case Scenario** Frábærir þættir um hvernig ósköp venjulegt fólk bregst við óvenjulegum aðstæðum.

**23.00** 101 Most Shocking Moments **23.45** Hearts of Gold (e) **0.30** Law & Order: Trial by Jury (e) **1.15** House (e) **2.00** Sex Inspectors (e) **2.45** Tvöfaldur Jay Leno (e)

### SÝN besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 NFL-tilþrif**

**19.00 Gillette-sportpakkinn**

**19.30 Motorworld**

**20.00 Preview Show 2006**

**20.30 World Supercross GP 2005-06** (Angel Stadium Of Anaheim) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250rsm) í aðalhlutverkum. Keppt er víðsvegar um Bandaríkin og tvisvar á keppnistímabilinu bregða vélhjólakapparnir sér til Evrópu. Supercross er íþróttagrein sem nýtur sívaxandi vinsælda.

**21.30 World Poker Tour 2** (HM í póker) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker.

**23.00** NBA 2005/2006 – Regular Season **0.30** NBA 2005/2006 – Regular Season

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Scary Movie 2 (B. börnum) **8.00** Agent Cody Banks **10.00** Blue Crush **12.00** Western **14.00** Agent Cody Banks **16.00** Blue Crush **18.00** Western **20.00 Scary Movie 2** (Hryllingsmyndin 2) Bönnuð börnum. **22.00 Jackass: The Movie** (Kjánaprik) Íslandsvinirnir Johnny, Bam og Steve-O láta öllum illum látum. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Luck of the Draw (Str. b. börnum) **2.00** The Terminator (Str. b. börnum) **4.00** Jackass: The Movie (Str. b. börnum) **5.30** David Bowie: Sound and Vision

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **15.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **16.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **17.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** Celebrity Soup **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Best Kept Hollywood Secrets **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Celebrity Soup **1.00** Girls of the Playboy Mansion **1.30** Heartthrobs & Heartbreakers... **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Newcastle – Blackburn frá 21.01 (e) **16.00** Middlesbrough – Wigan frá 21.01 (e) **18.00** Man. Utd. – Liverpool frá 22.01 (e)

**20.00 Upphitun .**

**20.30 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e)**

**21.30 Tottenham – Aston Villa frá 21.01**

**23.30** Upphitun (e) **0.00** Bolton – Man. City frá 21.01 **2.00** Stuðningsmannaþátturinn ÑLiðið mittî (e) **3.00** Dagskrárlok


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

og Vodafone Heyrumst!

HORFÐU Á IDOL TIL ENDA MEÐ IDOL ÁSKRIFTARTILBOÐI
4.790 KR. Á MÁNUÐI OG ÞÚ HORFIR TIL 5. MAÍ

IDOL-STJÖRNULEIT

Í beinni útsendingu frá Smáralind – í kvöld kl. 20:30



GOTT FÓLK McCANN

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Idol – Stjörnuleit **Stöð 2 kl. 20.30**

## *Úrslitin hefjast í Smáralindinni*

Úrslit Idol-stjörnuleitar hefjast í kvöld í Smáralindinni. Tólf keppa til úrslita í beinni útsendingu og verður það á valdi áhorfenda að skera úr hverjir komast áfram með símakosningu. Til úrslita keppa Ragnheiður Sara Grímsdóttir, Eiríkur Hafdal, Ingólfur Þórarinsson, Bríet Sunna Valdemarsdóttir, Angela Ingibjörg Coppola, Tinna Björk Guðjónsdóttir, Ína Valgerður Pétursdóttir, Margrét Guðrún Gunnarsdóttir, Alexander Aron Guðbjartsson, Snorri Snorrason, Guðrún Lára Alfreðsdóttir og Elfa Björk Rúnarsdóttir.



***Stjörnuskipuð Idol dómnefndin verður í Smáralindinni.***

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Birta **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**20.00** Allt og sumt e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Sjónþing um Jón Laxdal **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.15** Handboltarásin **21.00** Tónlist að hætti hússins

**22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **21.10**
***Fréttir***

48 HOURS

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir

**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og þau krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið um víðan völl og ekkert er þættinum óviðkomandi.
**21.00** **Fréttir**
▶ **21.10** **48 Hours** (48 stundir)(Blood Feud) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.15** Skeleton: World Cup Altenberg **13.15** Football: African Cup of Nations Egypt **14.15** Skeleton: World Cup Altenberg **15.15** Football: African Cup of Nations Egypt **17.15** Football: Top 24 Clubs **17.45** Football: African Cup of Nations Egypt Tunisia **18.00** Football: African Cup of Nations Egypt **20.00** TNA Wrestling: USA **20.30** TNA Wrestling: USA **21.00** Poker: European Tour Barcelona **22.00** Football: Top 24 Clubs **22.30** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **23.00** Football: African Cup of Nations Egypt **0.00** All Sports: Eurosport Clubbing **0.30** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **2.00** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open

**BBC PRIME**

**12.00** Keeping up Appearances **12.30** The Good Life **13.00** Ballykissangel **14.00** Balamory **14.20** Andy Pandy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** The Really Wild Show **16.00** Changing Rooms **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Holby City **19.00** Billie Jean King **20.00** Little Britain **20.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.00** Red Dwarf **21.30** Blackadder Goes Forth **22.00** Space **22.50** Cutting It **23.40** Radical Highs **0.00** Battlefield Britain **1.00** Around the World in 80 Treasures **2.00** Greek Language and People

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Seconds from Disaster **13.00** The Dinosaur Dig **14.00** Megastructures **15.00** Body Attack **16.00** Seconds from Disaster **17.00** Seconds from Disaster **18.00** Explorations **18.30** Storm Stories **19.00** Killer Hornets **20.00** Megastructures **21.00** Seconds from Disaster **22.00** The Body Hunters **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Body Attack **1.00** Explorations **1.30** Storm Stories

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Gods and Demons **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Supernatural **19.30** Big Cat Diary **20.00** Britain's Worst Pet **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Supernatural **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Britain's Worst Pet **2.00** The Snake Buster

**MTV**

**12.00** Guitar Bands Weekend Music Mix **12.30** Making the Video **13.00** Green Day Makes A Video **13.30** MTV Live **14.00** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Punk'd **19.30** Viva La Bam **20.00** Wild Boyz **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 at Ten **22.00** I Want a Famous Face **22.30** Wonder Showzen **23.00** Party Zone **0.00** Just See MTV



# Helgin okkar

**Morgunmatur:** Nýbökuð croissant frá Sandholts bakaríi á Laugaveginum. Fullkomin með eldsterku kaffi og marmelaði.

**Gönguferðin:** Fáðu þér hressandi labbitúr í Laugardalnum með fjölskyldunni. Komdu svo við í Laugum og fáðu þér heilsubita í hádeginu.



**Bókin:** The Brooklyn Follies eftir Paul Auster. Mögnuð samtímasaga sem þú sekkur þér ofan í.

**Geisladiskurinn:** Taste the Blood of Singapore Sling. Nýjasta plata Slingaranna er ekkert nema svöl.

**Hressingin:** Sundsprettur í Árbæjarlauginni og svo löng og notaleg gufa á eftir.

**Viðburðurinn:** Upplifðu kima af öðrum menningarheimi og fylgstu með kínverskri skrúðgöngu á Laugaveginum á laugardag.

**Tónleikarnir:** Ertu fyrir norðan? Skelltu þér á Trabant og Hermigervil á laugardagskvöldið á Oddvitanum á Akureyri.






**Bíómyndin:** Ekki spurning – ævi Johnny Cash í Walk the Line. Alger snilld.

**Kvöldverður:** Hérasteik í Sjávarkjallaranum. Algerlega ómótstæðileg.



## HRÓSIÐ

*...fær hljómsveitin Sigur Rós fyrir gott gengi á Íslensku tónlistarverðlaununum en sveitin hreppti fern verðlaun.*



**LÁRÉTT** 2 stagl 6 fyrirtæki 8 líða vel 9 pfn 11 klaki 12 yfirstéttar 14 bolur 16 drykkur 17 leyfi 18 tunna 20 rás 21 fugl.

**LÓÐRÉTT** 1 formóðir 3 í röð 4 kryddtegund 5 loft 7 háttprýði 10 hola 13 hrós 15 ófrægja 16 lítill sopi 19 bardagi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 stag, 6 ms, 8 una, 9 mig, 11 ís, 12 aðals, 14 stofn, 16 te, 17 frí, 18 áma, 20 æð, 21 rita. **LÓÐRÉTT:** 1 amma, 3 tu, 4 anísfræ, 5 gas, 7 siðsemi, 10 gat, 13 lof, 15 niðra, 16 tár, 19 at.

## [ VEISTU SVARIÐ?]

1. Bubbi Morthens.
2. Súmötru.
3. Vilhjálmur Halldórsson.


## Einstakt enskunámskeið

*Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.*




- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélög, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar
www.pareto.is
eða í símum 540-8400 eða 820-3799




**KRUMMI OG BOLIRNIR** Systkinin Krummi og Svala Björgvinsbörn hönnuðu boli sem nú eru seldir til styrktar hamfarasvæðunum í Pakistan. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

KRUMMI OG SVALA: LEGGJA GÓÐU MÁLEFNI LIÐ

# Hönnuðu bol til styrktar Pakistans

Systkinin Krummi og Svala Björgvinsbörn hafa hingað til verið langþekktust fyrir hæfileika sína á söngsviðinu en hafa að undanförnu látið töluvert á sér kræla hvað tísku varðar. Krummi segir enda að þau séu bæði hálfgerð tískufrík með jákvæðum formerkjum þó. Söngvarinn og söngdívan voru fengin af VISA til að hanna bol en salan á honum átti að renna óskipt til styrktar einhverju góðu málefni. Sjálfur Halldór Einarsson, Henson, prentaði bolina en þeir eru nú til sölu í Elvis og Rokki og Rósum og kostar stykkið litlar fimmtán hundruð krónur.

Krummi var staddur í Elvis þar sem hann er verslunarstjóri þegar Fréttablaðið hafði uppi á honum. Systkinin fengu að ráða með hvert peningurinn rynni. Þau ákváðu að styrkja hamfarasvæðin í Pakistan sem urðu verst úti í jarðskjálftanum 8. október á síðasta ári en talið er að hátt í 80 þúsund manns hafi farist. „Þegar VISA hafði samband við okkur slógum við að sjálfsögðu til og bjuggum til boli fyrir bæði stelpur og stráka,“ útskýrir Krummi, en bolurinn fæst í þremur mismunandi litum. Hann skartar svokölluðum tattústjörnum á víð og dreif og einhyrningi. „Hann er tákn fyrir ævintýramennsku og góðmennsku sem er alltaf gott að hafa með í lífinu,“ segir rokkstjarnan.

Á miðvikudaginn voru íslensku tónlistarverðlaunin afhent en fyrir nokkrum árum var hljómsveit Krumma, Mínus, nokkuð áberandi. Þeir hafa haft frekar hægt um sig að undanförnu en Krummi segir þá þó vera að vinna á fullu. „Við erum að undirbúa okkur mjög vel fyrir næstu plötu,“ segir hann og upplýsir að sveitin hyggst fara í upptökuver í næsta mánuði. „Við höldum alltaf áfram að þróast, bæði sem einstaklingar og hljómsveit,“ segir hann spekingslegur. „Þetta verður bara enn eitt meistarastykkið, ævintýraleg eins og einhyrningurinn,“ bætir Krummi við og leikur við hvern sinn fingur. „Lífið er gott,“ segir hann ánægður.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Annað undanúrslitakvöld Eurovision af þremur verður í beinni útsendingu á RÚV á laugardag. Skiptar skoðanir voru um fyrsta undanúrslitaþáttinn. Sumir töldu að útsendingin hefði verið óvönduð og lögin ómöguleg en aðrir héldu því fram að um gott framtak hefði verið að ræða og lögin væru í ekta Eurovision-stíl.



Geir Ólafsson mun hefja leikinn á laugardag með lagið Dagurinn í dag. Á eftir honum tekur við Fanney Óskarsdóttir með lagið Hamingjusöm, Eyjólfur Kristjánsson og Bergsveinn Árilíusson syngja um Lífið, Guðrún Árný Karlsdóttir syngur lagið Andvaka og Magni Ásgeirsson úr hljómsveitinni Á móti sól syngur Flottur karl, Sæmi rokk. Á eftir honum tekur við Árdís Ólöf Víkingsdóttur úr Idolinu með lagið Eldur, og Sigurjón Brink syngur Hjartaþrá. Aðalheiður Ólafsdóttir lýkur síðan keppninni með laginu 100 prósent hamingja.



Söngkonan unga Jóhanna Guðrún heldur á morgun til New York ásamt umboðsmanni sínum Maríu Björk Sverrisdóttur. Þar munu þær funda með nokkrum þekktum plötuframleiðendum með útgáfusamning í huga. Jóhanna er að leggja lokahönd á nýja sólóplötu en ekki er víst hvenær hún kemur út. Upptökustjóri á plötunni er Rick Wake sem hefur unnið með ekki ómerkari nöfnum en Celine Dion, Mariah Carey og Destiny´s Child.



-fb


# SÚR HVALUR OG RENGI HARÐFISKUR OG HÁKARL



FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið laugardaga 10-14.


# Drekinn elskar hávaða

Kínversk-íslenska menningarfélagið (KÍM) og Félag Kínverja á Íslandi efna til drekadans niður Laugaveginn næstkomandi laugardag. Tilefnið er kínverska nýárið sem hefst á sunnudag og í þetta sinn verður það ár hundsins sem hefur göngu sína. Þetta verður í annað sinn sem efnt er til drekadans af þessu tagi.

„Við vonum að þetta verði gert að árlegri hefð hér á landi þegar kínverska nýárið hefst,“ segir Arnþór Helgason, formaður KÍM. „Kínverska ártalið á sér meira en 4.000 ára sögu. Í kínverska dýrahringnum eru 12 dýr og byggir hann á fimm frumefnum: eldi, lofti, járni, vatni og viði. Þetta tímatal var því orðið mjög þróað um það bil 2.000 árum áður en Íslandi byggðist,“ segir hann.



**Í ESSINU SÍNU** Drekinn var í essinu sínu þegar hann dansaði niður Laugaveginn á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á þriðja hundrað manns voru í göngunni í fyrra, en þess má geta að um 200 Kínverjar eða fólk af kínverskum uppruna er búsett hér á landi. „Við hvetjum Íslendinga sem eiga leið í miðbæinn að taka þátt í göngunni og taka með sér potta og tól og fleira sem skapar sem mestan hávaða, því drekinn kann að meta það,“ segir Arnþór.

Dansinn hefst á Hlemmi klukkan 14.00 og lýkur við Ráðhúsið. Í göngunni verður 15 metra langur litríkur dreki sem eltir perlu. Slagverksleikarar verða með í för en drekadansinum stjórnar Unnur Guðjónsdóttir. Að dansinum loknum verður sýning á taichi-leikfimi, kungfu og wushu bardagalist í Tjarnarsal Ráðhússins. - fb



Nýtt í bíó
Jim Carrey
FUN
FRÁ SNILLINGUNUM SEM FÆRÐU OKKUR THE 40 YEAR OLD VIRGIN OG BRUCE ALMIGHTY!
Fun with Dick & Jane
Má bjóða þér í bíó?
Það eina sem þú þarft að gera er að sækja um Snilldarkort SPRON fyrir 6. febrúar 2006 og þú færð miða fyrir 2 á þessa frábæru gamanmynd.
Allt um Snilldarkortið og leikinn á snilld.is
spron
SONY PICTURES
COLUMBIA PICTURES
REGNBOGINN
Borgarbíó
SMÁRABÍÓ
KEFLAVÍK SAMBÍÓIN
LAUGARÁSBÍÓ
SELFOSS BÍÓ
BÍÓ.IS
FM 957

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




BAKÞANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

## Dómsdagur

Jæja, þá er búið að spá því að tungan verði skorin burt úr hinu íslenska höfði. Enn einu sinni. Nú eru það íslenskir spákarlar sem segja fyrir um dómsdaginn – en hér fyrr á öldum voru það danskir sem stóðu fyrir tunguskurðarsportinu þegar ímyndunarafl þeirrar þjóðar sem þeir álitu lítið annað en lúsugan húsgangslýð hljóp með mannskapinn, genetískt skáldakyn, í gönur.

**MAN** þegar ég heyrði slíkan spádóm fyrst. Það var á málþingi þangað sem safnast hafði sá hópur sem sást á yfirlitsmynd frá málþinginu um síðustu helgi, fámenn úrvalsklíka sem á sér sameiginlegt áhyggjuefni. Þá með ljóst, brúnt og rautt hár, núna grátt eða ekkert. Ræður voru langar og útúrdúrafagrar. Viðeigandi grafarþögn í salnum.

**DAUÐADÓMARAR** tungunnar framvísa málfari unglinga því til sönnunar að hún muni ekki tolla uppi í okkur eftir hundrað ár. Hún muni ekki geta böðlast á fornsögunum. En það er nú eins og það er, unglingsárin eru tími tilrauna og uppreisnar. Þau notum við til að þenja okkur rangsælis gegn því sem okkur hefur verið innrætt, efast um allt, knýja okkur til að hugsa sjálfstætt, leita að okkar persónulega gildismati og stíl. Það gengur yfir og blessast í flestum tilfellum.

**EN** við getum huggað okkur við eitt. Við erum alltaf að verða betri og betri í tölustöfum. Íslenskir piltar að kaupa höf og lönd, eyjar og álfur, íslenskar stúlkur fetandi sig upp alþjóðlega stærðfræðikunnáttu-metorðastigann. Alltaf þegar berast samanburðarfréttir um að við séum ekki best í einhverju, djöflum við okkur í málið af ofsa – sem blessunarlega vekur athygli á erlendri grund. Hvað varðar okkur um sérkenni og arfleifð í heimi sem fylgist spenntur með loftfimleikum okkar í talnaþrautum?

**SNÚIST** upplokið að þessu sinni um að afkomendur okkar muni ekki skilja arfleifðina eftir hundrað ár, er ekki til nema ein fyrirbyggjandi aðgerð á þeirri vá. Að kenna hana almennilega í grunnskólum. Enda er hún meira virði en allir þeir aurar sem þjóðin hefur náð að skrapa saman og eyða frá upphafi. Það er verið að svíkja æsku landsins um auðævi sem hún á og getur þar að auki haft hina bestu skemmtun af. ■


vísir

NFS ER Á VISIR.IS
Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar

NFS



# Ofkeyrðu þig

Leiðindaveður og strætó aldrei á réttum tíma. Væri ekki munur að vera í → upphituðum bíl með i-Podinn þinn tengdan í góðar græjur? Í **Aygo** getur þú notið þess að keyra um bæinn. Kemst léttilega í öll stæði og skýst framhjá stærri bensínhákum. → Að ganga er ofmetið. Það gengur ekki lengur. → Ofkeyrðu þig á **Aygo.**

AYGO BY TOYOTA

**Engin útborgun & tryggingar innifaldar**
**Aðeins 22.852 kr. á mánuði***
*Sértilboð TM og AYGO. M.v. 84 mánuði.
Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

**AYGO**
Það er gaman að keyra




www.aygo.is

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570 5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460 4300 | Toyotasalurinn<br>Njarðarbraut 19<br>Reykjanesbær<br>Sími: 421 4888 | Toyotasalurinn<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480 8000 |